skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt

Saumar í bílskúrnum
Gunnhildur Stefánsdóttir saumar undir merkinu Gammur.
allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
17. febrúar 2011
39. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Börn afskipt í ofbeldismálum

Ný skýrsla opinberar að börn sem verða vitni að heimilisofbeldi fá litla ef nokkra aðstoð frá félagslega kerfinu í Reykjavík. Varlega áætlað verða tvö þúsund börn hér á landi vitni að heimilisofbeldi á ári hverju.

FÉLAGSMÁL Tvö þúsund börn á Íslandi hið minnsta verða á hverju ári vitni að heimilisofbeldi. Þessi stóri hópur er hins vegar afskiptur og hafa félagsmálayfirvöld ekki sinnt honum. Þær stofnanir sem bera ábyrgð á börnum sem búa við þessar aðstæður hafa takmarkað samráð sín á milli og fagfólki kom á óvart að málin væru í þeim ólestri sem raun ber vitni.

Þetta er meðal niðurstaðna í kolsvartri skýrslu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á þeim stuðningi sem í boði er fyrir börn í Reykjavík.

Tölur fagfólks benda til að 2,5 prósent allra barna hér á landi verði vitni að ofbeldi gegn móður sinni, eða milli foreldra, á hverju ári. Líklegt er talið að sá fjöldi sé stórlega vanmetinn sökum þess hversu dult er farið með þessi mál.

Þrjú börn hnífakastara biðu í hálft ár

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tekur dæmi í skýrslunni:

Á Íslandi kom upp barnaverndarmál árið 2009 þar sem faðir beitti þrjú börn sín hrottalegu ofbeldi. Kastaði hann hníf í son sinn, handjárnaði dóttur sína við ofn og drap heimiliskettinn fyrir framan hana. Þau voru níu til fimmtán ára. Fimm til sex mánuði tók að koma börnunum í viðeigandi meðferð. „Hefði verið um kynferðisofbeldi [að ræða] þá hefðu þau verið komin degi síðar í Barnahús … og meðferðin hafist í sömu viku og málið uppgötvaðist."

Félagslega kerfið í Reykjavík fær falleinkunn í skýrslu Barnaheilla. Brýn þörf er talin á gagngerri endurskoðun á málefnum barna sem búa við ofbeldið. Flestir innan kerfisins líta svo á að með því að tilkynna mál til barnaverndar sé tryggt að börn fái þann stuðning og öryggi sem þeim ber. „En í raun og veru er gap á milli þeirra væntinga sem viðmælendur hafa til barnaverndar og þess hvernig barnavernd tekur og getur tekið á málum," segir í skýrslunni.

Viðmælendur í rannsókn samtakanna, fagfólkið sem kemur að málaflokknum, eru allir sammála um að börn sem búi við svo dapurlegar aðstæður sem um ræðir séu ekkert síður fórnarlömb þess ofbeldis sem foreldri þess sé beitt og slíkt sé mannskemmandi.

Í fréttatilkynningu sem birt var á heimasíðu Barnaverndarstofu á mánudag eru kynntar aðgerðir vegna heimilisofbeldis. Þar er viðurkennt að barnaverndaryfirvöld og aðrir hafi ekki gefið þessum hópi gaum og því verði leitað eftir samstarfi við lögreglu og barnaverndarnefndir um tilraunaverkefni þar sem verður lagt mat „á líðan, hugsanir og óskir barnanna með það fyrir augum að veita þeim áfallahjálp og annan viðeigandi stuðning strax í kjölfar atburða af þessu tagi".

Barnaverndarstofa býður í dag eitt hópúrræði fyrir börn sem orðið hafa vitni að heimilisofbeldi. Skilyrði fyrir þátttöku í þeirri meðferð er að ofbeldi sé ekki lengur til staðar á heimili og barnið sé eldra en fimm ára og tali íslensku.

- shá

Dani elskar EVE
Gitte Karpinski kemur til landsins á sjöundu EVE-aðdáendahátíðina sína.
fólk 38

Brotið skip endurbyggt
„Endurskoðun stjórnarskrár á umbrotatímum er stundum líkt við að smíða skip úti á rúmsjó," segir Þorvaldur Gylfason.
Í dag 17

Sigur hjá Arsenal
Arsenal gerði sér lítið fyrir og skellti Barcelona í Meistaradeildinni í gær.
sport 34

veðrið í dag

RIGNING eða slydda suðaustanlands en annars úrkomulítið og bjartviðri suðvestan til. Fremur hægur vindur af austri víðast hvar. Hiti verður á bilinu 0 til 5 stig.

VEÐUR 4

AÐ ATKVÆÐAGREIÐSLU LOKINNI Forystumenn flokkanna voru að vonum misánægðir með niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar í gær. Af sumum var þungu fargi létt en aðrir telja samningana hið mesta óráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingið afgreiðir Icesave-lög:

Icesave á ný í hendur forseta

ALÞINGI Alþingi samþykkti í gær Icesave-frumvarp fjármálaráðherra sem lög með 44 atkvæðum gegn 16. Þrír sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Allir stjórnarliðar, fyrir utan Lilju Mósesdóttur og Ásmund Einar Daðason úr Vinstri grænum, greiddu atkvæði með frumvarpinu auk meirihluta þingflokks sjálfstæðismanna.

Lögin bárust forseta Íslands til staðfestingar innan við klukkustund eftir að þau voru samþykkt á þingi. „Það er mjög óvenjulegt," segir Örnólfur Thorsson forsetaritari. Ekki fékkst uppgefið hvenær forsetinn hygðist tilkynna hvort hann staðfesti lögin eða vísi þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir rúmu ári lá hann undir feldi í sex daga.

36 þúsund nöfn höfðu í gær verið rituð undir áskorun á kjosum.is um að málinu yrði vísað til þjóðarinnar. - sh / sjá síðu 6

Glæný og ljúffeng konudagsostakaka bíður þín í næstu verslun

Rannsókn sérstaks saksóknara á eiganda Ímons hefur verið hætt:

Magnús ekki lengur til rannsóknar

VIÐSKIPTI Sérstakur saksóknari hefur hætt rannsókn á þætti fjárfestisins Magnúsar Ármann í svokölluðu Ímon-máli. Magnúsi barst bréf þess efnis frá saksóknaranum 9. febrúar. Þetta kemur fram í grein sem Magnús skrifar í Fréttablaðið í dag.

Magnús er eigandi Ímons, sem keypti fjögurra prósenta hlut í Landsbankanum á fimm milljarða nokkrum dögum fyrir hrun. Þessi viðskipti hafa verið til rannsóknar síðan haustið 2008.

„Ég hef þurft að sæta því í meira en tvö ár að vera dæmdur sekur af dómstóli götunnar og stimplaður glæpamaður í fjölmiðlum vegna Ímon-málsins. Mannorð mitt, og reyndar allrar fjölskyldu minnar, hefur beðið mikinn hnekki," segir Magnús og kveðst ekki hafður fyrir sök í neinu öðru máli. Í hnotskurn segist hann hafa verið tjónþoli í Ímon-málinu, ekki brotamaður.

MAGNÚS ÁRMANN

Magnús segir lögmann sinn ítrekað hafa reynt að fá réttarstöðu hans breytt úr sakborningi í vitni en án árangurs. Hann gagnrýni þó ekki seinagang saksóknara og segist skilja mikinn áhuga fjölmiðla á málinu þótt umfjöllunin hafi oft farið yfir strikið. - sh / sjá síðu 19

SPURNING DAGSINS

Vilhjálmur, ertu að bíða eftir gullvagninum?

„Gullvagninn kemst ekki neitt á meðan forysta ASÍ teikar hann."

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir samræmda launastefnu ASÍ og SA setja alla Íslendinga á sama láglaunavagninn.

214 vinna í erlendum sendiráðum á Íslandi – 122 vinna í íslenskum sendiráðum:

60 vinna í sendiráði Bandaríkjanna

ALÞINGI Samtals 214 starfsmenn eru í þeim fjórtán sendiráðum sem erlend ríki, auk Evrópusambandsins, starfrækja á Íslandi. Í þeim vinna 140 útlendingar og 74 Íslendingar. Þetta kemur fram í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur Framsóknarflokki.

Flestir vinna í sendiráði Bandaríkjanna. Þar eru 60 starfsmenn, þar af 24 erlendir og 36 íslenskir. Í sendiráði Rússlands starfa 43, allt útlendingar. Í sendiráði Evrópusambandsins, sem notar heitið sendiskrifstofa um starfsemina á Íslandi, vinna sextán manns, þar af fimm Íslendingar.

SENDIRÁÐ BANDARÍKJANNA 60 vinna í bandaríska sendiráðinu sem starfar á 531 fermetra.

Sjá má í svarinu að starfsmönnum erlendra sendiráða á Íslandi hefur fjölgað um 29 frá byrjun árs 2009. Munar þar mestu um sextán starfsmenn ESB sem ekki hafði bækistöð á Íslandi 2009.

Átta af sendiráðunum fjórtán eru í eigin húsnæði en sex leigja.

Rúmast er um Japana sem starfa í 765 fermetra leiguhúsnæði en Bretar hafa 260 fermetra til umráða.

Hjá íslenskum sendiráðum og ræðismannsskrifstofum í útlöndum starfa samtals 122. 52 eru flutningsskyldir Íslendingar, staðráðnir Íslendingar eru 29 og erlendir starfsmenn eru 41. - bþs

Dagforeldrar stofna nýtt félag:

Vilja afturkalla verklagsreglur

ATVINNUMÁL Nýtt félag dagforeldra í Reykjavík, Barnið, var stofnað síðustu viku. Sigrún Edda Laufdal, formaður Barnsins, segir að það hafi lengi vantað slíkt hagsmunafélag.

Um 50 manns mættu á stofnfundinn og segir Sigrún Edda mörg mikilvæg verkefni fram undan. Taka á upp viðræður við borgaryfirvöld varðandi breytingar á reglum um starfsemi dagforeldra, en hún segir þá hafa verið beitta þrýstingi til að samþykkja ýmsar breytingar. - sv

Í GRÓTTU Litháar á Íslandi komu saman í Gróttu í gær til að fagna þjóðhátíðardegi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

20 ár frá sjálfstæði Litháens:

Litháar komu saman í Gróttu

HÁTÍÐAHÖLD Þjóðhátíðardagur Litháa var haldinn hátíðlegur í Reykjavík í gær. Velunnarar Litháens af margvíslegu þjóðerni söfnuðust saman við Gróttu af því tilefni. Börn og fullorðnir sungu saman þjóðsöng Litháens og áttu saman skemmtilega stund.

„Við erum stolt af því að vera Litháar á Íslandi og viljum taka virkan þátt í íslensku samfélagi," segir Vaida Karinauskaite, sem er í forsvari fyrir nýju félagi Litháa.

Í ár eru 20 ár liðin frá því að Ísland viðurkenndi fyrst þjóða sjálfstæðisyfirlýsingu Litháens. - kag

Hið opinbera sveik loforð:

Lög brotin við eineltiskönnun

STJÓRNSÝSLA Fjármálaráðuneytið braut persónuverndarlög með því að segja þátttakendum í könnun á einelti meðal ríkisstarfsmanna að könnunin væri nafnlaus.

Í ljós kom að svörin voru auðkennd með nafni þátttakenda í tölvukerfi fyrirtækisins Miðlunar, sem vann úr niðurstöðunum. Þetta komst upp eftir að lögreglu var tilkynnt um að starfsmaður fyrirtækisins hefði tekið gögnin ófrjálsri hendi. Athugunin laut aðeins að ráðuneytinu. Tekið verður á þætti Miðlunar síðar. - sh

Engar tölur til um brjóstastækkanir

Engar tölulegar upplýsingar eru til hjá Landlækni um fegrunaraðgerðir hér á landi. Í lögum segir að embættið eigi að halda utan um slíkar tölur. Lýtalæknir segir ekki alla sammála um tilgang þess að opinbera fjölda aðgerða.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið hefur engar tölulegar upplýsingar um fjölda brjóstastækkana, né annarra fegrunaraðgerða, sem framkvæmdar eru hér á landi.

ÞÓRDÍS KJARTANSDÓTTIR

GEIR GUNNLAUGSSON

Samkvæmt lögum um Landlækni frá árinu 2007 skal embættið halda skrá yfir allar aðgerðir sem gerðar eru, hvort sem þær eru framkvæmdar á einkareknum læknastofum, heilsugæslum eða sjúkrahúsum.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir að verið sé að kalla eftir upplýsingunum frá læknastofunum, en það taki tíma að fá tölurnar og vinna úr þeim.

„Það er sannarlega markmið okkar að hafa eins gott yfirlit yfir allar aðgerðir og hægt er. Við erum að reyna að byggja upp kerfið á rafrænni skráningu, sem er eitt af okkar stöðugu baráttumálum," segir Geir. „En við höfum sett fram tilmæli til læknastofa um þessar skráningar."

Geir segir markmið embættisins að halda skrá yfir sjúkrasögur í rauntíma en slíkt krefjist mikilla fjárfestinga í rafrænum kerfum.

„Ég vil geta sagt núna hversu margar brjóstastækkanir voru framkvæmdar í janúar 2011," segir Geir. „Eina vandamálið við sjálfstætt starfandi lækna er að þeir eru með mjög mismunandi rafræn kerfi. Hver og einn hefur sínar hugmyndir um það hvernig standa eigi að skráningu og umfang aðgerða er mjög misjafnt eftir læknum."

Geir segir að sérstaklega erfitt sé að ná utan um upplýsingar þar sem þátttaka Sjúkratrygginga Íslands sé engin, eins og í fegrunaraðgerðum. Þar sé einungis um að ræða viðskipti á milli þess einstaklings sem sæki þjónustuna og þess læknis sem framkvæmi hana. Ríkið og skattpeningar komi þar hvergi nærri.

Komi upp vandamál hjá konum eftir brjóstastækkanir leita þær þó í flestum tilvikum á ríkisrekin sjúkrahús eða heilsugæslur og fá þar viðeigandi meðferðir. SÍ taka þó ekki þátt í lækniskostnaði vegna leka í silíkonpúðum.

Þórdís Kjartansdóttir lýtalæknir segir ekki alla vera sammála um að opinbera eigi tölur um fjölda fegrunaraðgerða.

„Þó að landlæknir geti kannski lagalega kallað eftir þessum upplýsingum kemur á móti trúnaður læknis og sjúklings," segir Þórdís. „Þar að auki vantar opinbera vinnuferla um hvað eigi síðan að gera við þessar upplýsingar og hvaða tilgangi þær þjóna. Trúnaður læknis og sjúklings má ekki gleymast."

sunna@frettabladid.is

Í AÐGERÐ Ólík skráningarkerfi torvelda utanumhald aðgerða. NORDICPHOTOS/GETTY

Brjóstastækkunum fjölgar

Landlæknisembættið lét síðast gera samantekt á fjölda fegrunaraðgerða sem framkvæmdar voru hér á landi árið 2007. Tölurnar voru þá fyrir árið 2006. Þá voru starfandi átta lýtalæknar á landinu en í dag eru þeir ellefu.

Samkvæmt upplýsingum frá Landlækni voru framkvæmdar um 700 fegrunaraðgerðir árið 2006, þar af um 200 brjóstastækkanir. Brjóstastækkunum hefur fjölgað frá árinu 2006 og er talið að fjöldi þeirra hafi margfaldast. Brjóstastækkun kostar á bilinu 400 til 600 þúsund krónur.

Lægstu skattarnir

Sveitarfélög sem leggja á lægra útsvar en heimilt er:

Ásahreppur	12,44%
Skorradalshreppur	12,44%
Fljótsdalshreppur	13,20%
Garðabær	13,66%
Kjósarhreppur	13,73%
Grímsnes- og Grafningshr.	13,94%
Tjörneshreppur	14,05%
Seltjarnarnes	14,18%
Hvalfjarðarsveit	14,23%
Reykjavík	14,40%

Heimild: Fjármálaráðuneytið

Meirihluti vill hækka útsvarið:

Hækkun skilar 115 milljónum

STJÓRNMÁL Gangi áform meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur um hækkun útsvars eftir, aukast tekjur borgarinnar um 115 milljónir króna á árinu 2011. Hækkunin á að taka gildi um mitt ár og er fyrst og fremst ætlað að mæta kostnaði af skólahaldi.

Reykjavík er eitt tíu sveitarfélaga sem ekki nýta lögbundið hámarksútsvar, sem er 14,48 prósent. Útsvarið í Reykjavík er 14,40 prósent. 67 sveitarfélög leggja á hámarksútsvar.

Útsvar má, lögum samkvæmt, lægst vera 12,44 prósent. Tvö sveitarfélög innheimta lágmarksútsvarið: Ásahreppur og Skorradalshreppur. - bþs

Kröfuganga boðuð í dag:

Ganga til varnar skólagöngu barna

MENNTUN Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu á borgarstjórnarfundi á þriðjudag að samráð í skólamálum yrði stóraukið við foreldra, starfsfólk og stjórnendur. Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Stjórn foreldra- og kennarafélags Engjaskóla hefur boðað til göngu frá Skólavörðuholtinu að Ráðhúsinu í dag klukkan 16.30. Minnt er á að boðuð 200 milljóna fjárveiting þýði að skorið verði eftir sem áður um 350 milljónir á síðustu mánuðum ársins. - shá

Hafrannsóknastofnunin leggur til 65 þúsund tonna viðbót á loðnukvóta:

Þriggja milljarða búhnykkur

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til 65 þúsund tonna aukningu á leyfilegum hámarksafla í loðnu. Ráðlagður heildarafli er því 390 þúsund tonn en var 325 þúsund tonn fyrir nýjustu rannsóknir og mælingar. Þetta er í annað sinn á þremur vikum að lagt er til að bæta verði við kvótann. 24. janúar var kvótinn aukinn úr 200 þúsund tonnum í 325 þúsund tonn.

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson hefur fylgst með loðnugöngum við austan- og sunnanvert landið frá 4. febrúar og með rannsóknum lagt mat á stærð veiðistofnsins. Samkvæmt þessum mælingum eru 608 þúsund tonn af kynþroska loðnu á ferðinni. Áður en ofangreind mæling fór fram er áætlað að veidd hafi verið 180 þúsund tonn af loðnu og því er áætluð stærð stofnsins, sem lögð er til grundvallar aflamarksútreikningum, 788 þúsund tonn.

LOÐNU DÆLT ÚR NÓTINNI Kap VE, skip Vinnslustöðvarinnar í Eyjum, á veiðum í mars 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, telur að 65 þúsund tonn af loðnu verði metin til rúmlega þriggja milljarða króna í útflutningsverðmætum. „Þetta er búhnykkur fyrir samfélagið." Hann er bjartsýnn á loðnuveiðar og vinnslu til næstu ára og útilokar ekki að stór loðnuvertíð sé skammt undan. Mælingar Hafró sýni ört batnandi ástand stofnsins sem hugsanlega taki að gæta í ráðgjöf strax á næstu vertíð. - shá

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Tyrkland með VITA í allt sumar
10–11 nátta ferðir

Bodrum

Aksturstími frá flugvelli til Bodrum er aðeins um 30 mínútur.

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

Flugáætlun

21. maí	16. ágúst
31. maí	27. ágúst
11. júní	6. sept.
21. júní	17. sept.
2. júlí	27. sept.
16. júlí	8. okt.
26. júlí	18. okt.
6. ágúst	29. okt.

Við ströndina

Allt innifalið!

Allt innifalið!

Flugsæti 16. júlí

Verð frá 99.900 kr.*
+ 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.
* Verð án Vildarpunkta 109.900 kr.

Tropicana Beach ★★½

Lítið en fjörugt íbúðahótel á mjög góðum stað við ströndina í Gumbet sem hentar yngra fólki sérstaklega vel.

Verð frá 124.000 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð í 11 nætur 31. maí. Verð á mann m.v. 2 í íbúð 132.900 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 134.000 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 142.900 kr.

Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

Verð frá 135.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12) í í herbergi með öllu inniföldu í 11 nætur 31. maí. Verð á mann m.v. 2 í herbergi 149.500 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+1 145.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 159.500 kr.

Voyage Torba ★★★★★

Einstaklega glæsilegt fimm stjörnu hótel sem VITA kynnir með miklu stolti. Hótelið er staðsett í útjaðri Bodrum og er eitt það allra flottasta á svæðinu.

Verð frá 163.600 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í herbergi með öllu inniföldu í 10 nætur 21. maí. Verð á mann m.v. 2 í herbergi 182.680 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 173.600 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 192.680 kr.

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Vildarklúbbur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita VITA er lífið

GENGIÐ 16.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	117,26	117,82
Sterlingspund	188,57	189,49
Evra	158,59	159,47
Dönsk króna	21,265	21,389
Norsk króna	20,243	20,363
Sænsk króna	18,119	18,225
Japanskt jen	1,4016	1,4098
SDR	182,3	183,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,3237

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikilvægi sameiginlegrar framtíðarsýnar og samvinnu predikað á Viðskiptaþingi:

Verðum að hætta svartagallsrausinu

EFNAHAGSMÁL „Við verðum rífa okkur upp úr þunglyndinu og svartagallsrausinu og halda til haga þeim ótrúlega árangri sem hér hefur náðst frá hruni," segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Hún hélt ræðu á viðskiptaþingi Viðskiptaráðs í gær.

Jóhanna lagði áherslu á bætta stöðu efnahagslífsins og mikilvægi þess að þjóðin sameinaðist um framtíðarsýn. Hún benti á að verulega hefði grynnkað á skuldum þjóðarbúsins og halli farið úr 216 milljörðum króna árið 2008 í 36 milljarða í fyrra. Þá væri góður afgangur af utanríkisverslun og myndi sterkari gjaldeyrisforði auðvelda afnám gjaldeyrishafta þótt það yrði ekki gert á einum degi.

TÓMAS MÁR Samvinna á sviði rannsókna og mennta í atvinnulífinu getur leyst mikil verðmæti úr læðingi, að sögn formanns Viðskiptaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fleiri voru á svipuðum nótum. Tómas Már Sigurðsson, formaður Viðskiptaráðs, lagði áherslu á mikilvægi samnýtingar þekkingar og hugvits. Þá sagði Perla Björk Egilsdóttir frá Saga Medica að fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum sæju hag í því að vinna saman. „Þótt fyrirtækin séu mörg og ólík eru sameiginlegir hagsmunir. Það skilar sér í hagkvæmni og sparnaði og getur skapað tekjur." - jab

Dæmdur á skilorð:

Þuklaði á konu innan klæða

DÓMSMÁL Karl á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot og til greiðslu 300 þúsund króna miskabóta.

Lögregla var kölluð í hús í Reykjavík að morgni 19. júní í fyrra. Þar bar kona að maður hefði þuklað á sér innanklæða. Dómurinn taldi að viðbrögð konunnar væru til marks um að henni hefði verið gróflega misboðið við káf mannsins. Henni voru dæmdar 300 þúsund í miskabætur. - jss

Mörður spyr um Hörpuna:

Hvað kosta þrif á glerhjúpnum?

ALÞINGI Mörður Árnason Samfylkingunni hefur lagt fram fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um Hörpuna. Spyr hann meðal annars um starfssvið þeirra átta félaga sem koma að framkvæmdum og rekstri, veltu, starfsmannafjölda, stjórnarmenn, þóknanir þeirra, kostnaðaráætlanir fyrir einstaka verkþætti, fjármögnun og opinber framlög.

MÖRÐUR ÁRNASON

Þá spyr Mörður um glerhjúpinn utan á húsinu, meðal annars um heildarkostnað og áætlaðan kostnað við þrif á honum. Enn fremur spyr hann hvers vegna ekki liggi allir uppdrættir að Hörpu frammi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. - þþs

STJÓRNMÁL

VG í Eyjum styður stjórnina

Félag VG í Vestmannaeyjum samþykkti á dögunum að lýsa yfir fullum stuðningi við ríkisstjórnina og ánægju með þann árangur „sem náðst hefur á fjölmörgum sviðum þjóðmála við afar erfiðar aðstæður". Er þingflokkur VG hvattur til að vinna saman af eindrægni.

UMFERÐARMÁL

Rætt um umferðaröryggi

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fundaði í vikunni með forseta Alþjóða bílasamtakanna FIA um aukið öryggi í umferðinni og það markmið að Ísland verði án dauðsfalla af völdum umferðaslysa. Einnig var rætt um nýtingu hreinna orkugjafa.

Landbúnaðarstefna ESB til grundvallar

Á rýnifundi með Evrópusambandinu í Brussel féllst ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins á landbúnaðarstefnu ESB sem grundvöll viðræðna. Landbúnaðarráðherra vildi hafa annan hátt á og vill skapa „varanlega lögbundna sérstöðu".

FRÉTTASKÝRING

Hverju vill landbúnaðarráðherra ná fram í viðræðum við ESB?

Á rýnifundi Íslands og ESB í Brussel fyrir mánaðamót var íslenski samningahópurinn um landbúnaðarmál spurður af viðsemjendum sínum hvort Ísland féllist á sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB sem grundvöll aðildarviðræðna.

Svarið var já, en formaður samningahópsins segir það hafa verið með ströngum fyrirvörum. „Við svöruðum því til að Íslendingar, með ótal sterkum fyrirvörum, geri sér grein fyrir því að Evrópulöggjöfin myndi grundvöll að þessum viðræðum og það var ekki gerð athugasemd við það svar," segir Sigurgeir Þorgeirsson, formaður samningahóps landbúnaðarmála, en hann er einnig ráðuneytisstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Þar með er ekki sagt að einhugur ríki um þessa niðurstöðu við ríkisstjórnarborðið. Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra sagði á opnum fundi Ísafoldar í vikunni að hann vildi að það yrðu ávallt íslensk lög sem réðu um tilhögun landbúnaðar á Íslandi. Um þetta hefði „verið ágreiningur og er enn".

Jón sagði þar: „Við sækjum um á forsendum ESB og það er bara þannig. Ég er ekki sammála því að við ættum að gera það en það eru þær reglur sem lagt er upp með."

Þegar yfirstandandi samanburði á lögum Íslands og ESB lýkur vill Jón ekki bara setja markmið heldur klár skilyrði fyrir áframhaldandi viðræðum: „Undanþágur frá lögum ESB, sem ekki eru bundnar íslenskum lögum, eru meira og minna tímabundnar. Hvort þær eru tíu eða fimmtíu er ekki meginmálið. Við ætlum að eiga okkar óskoraða forræði í þessum málaflokkum," segir Jón og telur meðal annars upp landbúnað, sjávarútveg og heilbrigðismál. Skilyrðin eigi að hafa „varanlega lögbundna sérstöðu".

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir svar samningahópsins ekki koma á óvart. „Þetta höfum við alltaf sagt. Þegar sótt er um aðild að ESB þá er bara ESB í boði. ESB sótti ekki um aðild að Íslandi." Hann segir meirihlutaálit utanríkismálanefndar Alþingis „draumóraályktun". Ekki náist allt fram sem þar er beðið um í landbúnaðarmálum. klemens@frettabladid.is

ROQUEFORT OSTAGERÐ Íslendingar fallast á að vinna út frá sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB en minna á mikilvægi tollverndar. NORDICPHOTOS/AFP

Tollvernd meðal fyrirvara

Meðal strangra fyrirvara Íslendinga við því að sameiginleg landbúnaðarstefna ESB verði grundvöllur viðræðna um landbúnað, að því er ráða má af tilkynningu utanríkisráðuneytis, eru hugmyndir um viðbótarheimildir til að styrkja bændur úr ríkissjóði og áréttingu vegna „mikilvægis þeirrar verndar sem íslenskur landbúnaður nýtur í formi tollverndar".

Í þessu ljósi má rifja upp orð Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar, sem hefur varann á gagnvart aðildarviðræðunum, vegna yfirlýsinga stjórnvalda um að raska skuli aðbúnaði bænda sem minnst. Erna segir að fyrirtæki í ferðaþjónustu og veitingamennsku séu langþreytt á því að selja dýrar landbúnaðarvörur með „yfirgengilegum" tollum. Bændur halda því hins vegar fram að tollar haldi vöruverði niðri.

Lést í baráttu fyrir frelsi:

Bróðursonur Dalai Lama ferst í bílslysi

BANDARÍKIN, AP Bróðursonur Dalai Lama, Jigme Norbu, lést eftir að ekið var á hann í Flórída í Bandaríkjunum í byrjun vikunnar. Norbu var þekktur fyrir frelsisbaráttu í nafni Tíbet.

Hafði hann lagt að baki um 12.500 kílómetra hjólandi eða fótgangandi til þess að vekja athygli á baráttu Tíbeta. Ekið var á hann í einni baráttugöngunni, en þá ætlaði Norbu að ganga 480 kílómetra. Lögregluyfirvöld segja engan grun um að ekið hafi verið á Norbu af ásettu ráði. - kag

JIGME NORBU

Samið um aðild Króatíu:

Skilyrðum ESB ekki fullnægt

KRÓATÍA, AP Króatía verður að styrkja sjálfstæði dómstóla og flýta rannsóknum á stríðsglæpum áður en innganga í Evrópusambandið verður möguleg.

STEFAN FÜLE

Nú þegar hefur ríkið uppfyllt 28 af 35 samningsatriðum stefnumála ESB. Líklega verður Króatía næst til að ganga í sambandið, mögulega árið 2013.

Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, segir Króata verða að sækja stríðsglæpamenn til saka og eins tryggja öryggi serbneska minnihlutans. Að auki verði að uppræta spillingu í landinu. - kag

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

AUSTANÁTT verður ríkjandi á landinu næstu daga og fremur milt í veðri. Á morgun verður víða nokkuð bjart og tilvalið að nota daginn til útiveru því það bætir í vind með rigningu eða slyddu sunnan- og austanlands þegar kemur fram á laugardag.



HEIMURINN

Alicante	14°
Basel	6°
Berlín	1°
Billund	0°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	19°
London	10°
Mallorca	14°
New York	14°
Orlando	26°
Ósló	-5°
París	11°
San Francisco	9°
Stokkhólmur	-4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

ÖLL RAFMAGNS-VERKFÆRI

15% afsláttur

ÖLL HAND-VERKFÆRI

20% afsláttur

Verkfæra- og bílskúrsdagar

Aðeins í fjóra daga!

5.990
Fullt verð: 7.990

Vnr. 67079054
Hjólatjakkur
Hjólatjakkur, lyftir 2 tonnum.

Vnr. 67079066
Búkkar
Búkkar, þola 3 tonn, 2 stk.

2.490
Fullt verð: 3.290

4.990
Fullt verð: 5.990

Vnr. 67079100
Mótorhjóla-standur
Mótorhjólastandur, 350 kg aftan.

4.990
Fullt verð: 5.990

Vnr. 67587022
Kollur
TORIN kollur, snúningsseta, 360°.

Gildir fimmtudag til sunnudags

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

KJÖRKASSINN

Ert þú mótfallin(n) frekari virkjunum í Þjórsá?

Já 38%

Nei 62%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telurðu að forsetinn muni vísa Icesave-lögunum til þjóðarinnar?

Segðu skoðun þína á Visir.is

VÍSIR

35.000 nöfn hafa verið rituð á undirskriftalista um þjóðaratkvæðagreiðslu:

Ekki verður hægt að fletta sér upp

STJÓRNMÁL Ekki stendur til að gera fólki kleift að slá nafni sínu eða kennitölu upp á vefnum kjosum.is, þar sem safnað er undirskriftum fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave, svo það geti gengið úr skugga um að það hafi ekki verið skráð á listann að sér forspurðu. Þetta segir Hallur Hallsson, einn þeirra sem standa að undirskriftasöfnuninni.

„Við könnum öll nöfn og kennitölur og við höfum allar IP-tölur," segir Hallur. „Sjáum við eitthvað grunsamlegt förum við í saumana á því og virtur óháður aðili fer í gegnum listana. Það hefur aldrei staðið til að fólk úti í bæ geti farið í gegnum þessa lista, til dæmis atvinnurekendur enda færi það gegn lögum um persónuvernd. Við virðum trúnað við fólk."

HALLUR HALLSSON

Í fyrra stóðu InDefence-samtökin fyrir sambærilegri söfnun og brugðust þá við gagnrýni með því að setja upp kerfi þar sem fólk gat slegið inn kennitölu sína og fengið að vita hvort það væri skráð.

Hægt er að misnota nýja listann og hafa aðstandendur hans kært slíka misnotkun til lögreglu.

Í gærkvöldi höfðu yfir 35 þúsund nöfn verið skráð á listann á vefnum. Það eru fleiri en hvöttu forsetann til að vísa fjölmiðlalögunum til þjóðarinnar 2004. Við þeirri kröfu varð hann.

Samkvæmt könnun sem MMR gerði fyrir Andríki telja 62 prósent eðlilegt að þjóðin fái að segja álit sitt á samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. - sh

Sláandi tíðindi að mati SA:

Snertir þriðja hvert heimili

KÖNNUN Atvinnuleysi hefur haft bein áhrif á nærri þriðja hvert heimili á Íslandi frá hruni. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar sem Capacent gerði fyrir Samtök atvinnulífsins (SA).

Í tilkynningu SA eru niðurstöðurnar sagðar sláandi. Þær undirstriki mikilvægi þess að hefja nú þegar nýja atvinnusókn.

35 prósent þeirra sem misstu vinnuna eftir hrun eru sagðir hafa verið án vinnu í hálft ár eða lengur, 39 prósent í 2 til 5 mánuði og 26 prósent innan við mánuð. - sh

Síðast hugsaði forsetinn málið í sex daga:

Lögin óvenjulega fljótt til Bessastaða

ALÞINGI Hin nýsamþykktu Icesave-lög bárust forseta Íslands innan við klukkustund eftir að þau voru samþykkt á Alþingi. „Það er mjög óvenjulegt," segir Örnólfur Thorsson forsetaritari.

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Alla jafna þurfa starfsmenn þingsins að fínpússa frumvarpið og smíða úr því formlegt lagaskjal og það tekur yfirleitt einn til tvo daga. Að því loknu eru lögin send þeim ráðherra sem fer með málaflokkinn, sem í þessu tilfelli er fjármálaráðherra. Í ráðuneytinu eru síðan útbúnir pappírar til að senda á Bessastaði til formlegrar undirritunar. Til þess hefur ráðherrann tvær vikur en nýtir sjaldnast allan þann frest. Að því loknu fær fulltrúi forsætisráðuneytisins pappírana í hendur og hann ber þá á Bessastaði.

Örnólfur sagðist í gærkvöldi ekkert geta sagt um það hvenær forsetinn mundi taka ákvörðun um það hvort hann staðfesti lögin eða hvenær hann mundi tilkynna ákvörðun sína.

Alla jafna staðfestir forseti lög samdægurs eða daginn eftir að þau berast honum en ákveði hann að taka sér umþóttunarfrest, eins og hann gerði með síðustu Icesave-lög, eru engar reglur til um hversu langur fresturinn má vera. Í fyrra hugsaði forsetinn málið í sex daga og tilkynnti að því loknu að hann mundi vísa Icesave-lögunum til þjóðarinnar. - sh

Icesave afgreitt með öruggum meirihluta

Frumvarp fjármálaráðherra um að ljúka Icesave-málinu með samningum við Breta og Hollendinga var samþykkt með atkvæðum 44 alþingismanna. Sextán þingmenn úr öllum flokkum nema Samfylkingunni voru á móti. Þrír sátu hjá.

ALÞINGI Icesave-frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi í gær. 44 þingmenn greiddu þá atkvæði með frumvarpinu, sextán voru á móti en þrír sátu hjá. Áður höfðu tvær breytingartillögur um að málið yrði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu verið felldar með 33 atkvæðum gegn 30.

Samfylkingin var einróma í stuðningi við málið. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að þeir sem höfnuðu samningi tefldu þjóðarhag í tvísýnu: „Það er orðið löngu tímabært að leiða til lykta þetta hörmulega mál sem hefur klofið þjóðina í fylkingar, spillt samskiptum okkar við umheiminn og valdið miklum töfum í efnahagslegri endurreisn landsins."

Ellefu af sextán þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sögðu já í lokaatkvæðagreiðslunni, einn sat hjá en fjórir voru á móti. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, studdi frumvarpið og sagði það öðrum þræði snúast um hvort menn vildu leysa deilur við nágrannaþjóðir með samningum: „Það er ekki þannig að við stöndum frammi fyrir þeim valkosti að sleppa við allar kröfur eða fallast á þessa niðurstöðu. Það er rangur málflutningur," sagði Bjarni.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði áhættusamt að fallast ekki á samningstilboðið. Þrettán af þingmönnum VG studdu þetta frumvarp Steingríms við lokaatkvæðagreiðslu á Alþingi en tveir voru á móti: „Menn verða stórir af því að ljúka málum með samkomulagi en ekki af því að halda tilgangslausu stríði áfram, stríðsins vegna," sagði Steingrímur.

Allir þrír þingmenn Hreyfingarinnar greiddu atkvæði gegn Icesave: „Ég get aldrei samþykkt það að einkaskuldum verði velt yfir á herðar almennings," sagði Birgitta Jónsdóttir.

Tveir þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá en sjö greiddu atkvæði gegn Icesave-lögunum, þeirra á meðal Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður: „Allur málflutningur ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefur reynst rangur," sagði Sigmundur Davíð. Hann skoraði á forseta Íslands að velta því fyrir sér hvort hann ætti að taka mark á þeim stjórnmálamönnum „sem hafa haft rangt fyrir sér um öll atriði málsins í meira en tvö ár".

peturg@frettabladid.is

ORÐIÐ AÐ LÖGUM Tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana var felld á þingi með 33 atkvæðum gegn 30. Þriðja útgáfa af samningi í deilu Íslendinga við Breta og Hollendinga bíður staðfestingar forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þannig féllu atkvæði þingmanna

Já sögðu: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Bjarnason, Jón Gunnarsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Kristján L. Möller, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Magnús Orri Schram, Mörður Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Ólöf Nordal, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Steingrímur J. Sigfússon, Svandís Svavarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Páll Árnason, Árni Johnsen, Árni Þór Sigurðsson, Ásbjörn Óttarsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Einar K. Guðfinnsson, Guðbjartur Hannesson, Ólafur Þ. Gunnarsson, Helgi Hjörvar, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Nei: Lilja Mósesdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Pétur H. Blöndal, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þór Saari, Ásmundur Einar Daðason, Birgir Ármannsson, Birgitta Jónsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Sátu hjá: Siv Friðleifsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Steingrímsson.

> Við kjósum ekki vandann frá okkur, frekar en aðrar afleiðingar hrunsins.
>
> **LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR** VG

> Við höfum dæmi um vandamál sem hafa kostað þetta samfélag enn meira. 72 milljarðar er verðmiðinn sem við höfum þurft að greiða í bætur til atvinnulausra síðustu þrjú ár.
>
> **SKÚLI HELGASON** SAMFYLKINGU

> Ég er trúr þeirri stefnuskrá sem ég var kosinn út á. Þar segir skýrt að þjóðin eigi ekki að greiða Icesave.
>
> **ÞÓR SAARI** HREYFINGUNNI

> Ég mundi aldrei stíga upp í flugvél með barnabarnið mitt sem 3% líkur væru á að hrapaði. Ég hef engin rök séð um að við eigum að greiða þessar kröfur, ég segi nei.
>
> **PÉTUR H. BLÖNDAL** SJÁLFSTÆÐISFLOKKI

Krakkajóga

JÓGA Stúdíó

Nú ætlum við að fara aftur af stað með okkar vinsæla krakkajóga. Við byrjum laugardaginn 19. febrúar og kennt verður á laugardögum í allan vetur, fyrir börn á aldrinum 2 til 5 ára klukkan 9.30 - 10.00 og fyrir börn á aldrinum 6 til 10 ára klukkan 10.05-10.45 .

Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

FASTUS

BRAVILOR BONAMAT

Betra kaffi!

Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur að hella upp á 2,2 lítra af kaffi.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | S: 580 3900 | www.fastus.is

NÝTT
VISATÍMABIL
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 17. - 20. febrúar
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 20. febrúar 2011.
TAX FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvar á landinu er hugur á að opna Dellusafn?*

2 *Plata hvaða tónlistarmanns hófst sem „ristað brauð“ en varð að „bragðmikilli tertu“?*

3 *Hver er Hamid bin Isa al Khalifa?*

SVÖR

1. *Á Flateyri* 2. *plata Daníels Ágústs* 3. *Konungur Bahrein*

ÁKÆRAN VAR VANHUGSUÐ

„Mér sýnist að þessi ákæra hafi verið svolítið vanhugsuð,“ sagði Brynjar Níelsson, verjandi tveggja af nímenningunum, eftir að dómur hafði gengið í málinu í gær og allir höfðu verið sýknaðir af árás á Alþingi.

BRYNJAR NÍELSSON

„Farið var af stað með þunga ákæru. Þegar farið er af stað með slíkt þarf að gæta að ýmsu. Menn gera það ekki bara sisvona. Þetta hlýtur að vera svolítið áfall fyrir ákæruvaldið hvað það varðar, að fara af stað með svona þunga ákæru og fá hana í raun og veru í hausinn. Það er ekkert þægilegt og alls ekki gott. Ég held að hún hafi verið vanhugsuð miðað við niðurstöðu og farið hafi verið of bratt í málið.“

Brynjar sagðist lögfræðilega ekki gera miklar athugasemdir við dóminn.

„Við getum deilt um það hvort neyðarréttur eigi við í þessum átökum við lögreglumennina. En dómurinn er á þeim nótum sem ég bjóst við og í takt við aðra dóma um brot gegn valdstjórninni.“

Sýknuð af árás á Alþingi

Fjórir af níu voru sakfelldir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Tveir fengu skilorðsbundið fangelsi og tvær voru sektaðar. Aðrir voru sýknaðir. Eingöngu var sakfellt fyrir að hindra opinbera starfsmenn í starfi.

DÓMSMÁL Þung orð voru látin falla við Láru V. Júlíusdóttur saksóknara í Héraðsdómi Reykjavíkur eftir að fjölskipaður dómur hafði fundið fjóra af svokölluðum nímenningum seka í gærmorgun og dæmt þá ýmist til sektargreiðslna eða í skilorðsbundið fangelsi. Aðeins lítill hluti þeirra sem komnir voru til að hlýða á dómsuppsöguna komst inn í salinn. Nokkur órói skapaðist vegna þessa bæði í dómsal og utan og létu margir í ljós óánægju með köllum og athugasemdum.

Að dómsuppsögu lokinni þyrptust þeir sem úti biðu inn og margir létu saksóknarann hafa það óþvegið, þar sem hún tók sér tíma til að hlusta á það sem fólki lá á hjarta.

Niðurstaða dómsins varð sú að Andri Leó Lemarquis var dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Hann var sakfelldur fyrir að hafa haldið þingverði föstum og ýtt við öðrum. Hann var sýknaður af því að hafa hrint öðrum þingvarðanna á miðstöðvarofn og var bótakröfu varðarins vísað frá dómi. Hins vegar var Andri Leó sakfelldur fyrir að bíta lögreglumann í höndina og annan í öxl.

Þór Sigurðsson var dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi. Hann var sakfelldur fyrir að hafa hindrað þingvörð í starfi með því að halda opnum dyrum, sem þingvörðurinn margreyndi að loka.

Sólveig Anna Jónsdóttir og Steinunn Gunnlaugsdóttir voru hvor um sig dæmdar til að greiða hundrað þúsund króna sekt. Sólveig Anna var sektuð fyrir að taka utan um þingvörð og halda utan um hann meðan hann reyndi að sinna starfi sínu. Hún var hins vegar sýknuð af því að hindra tvo aðra þingverði í starfi.

Steinunn var sakfelld fyrir að hlaupa tvisvar inn á svæði sem búið var að girða af með lögregluborða og hlýða ekki fyrirmælum lögreglu.

ÞRÖNG Á ÞINGI Dómsalurinn í Héraðsdómi Reykjavíkur var stappfullur og urðu margir að bíða utan hans eftir því að dómur yrði kveðinn upp í máli nímenninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjarstýrður ofsækjandi og Göbbelsar

„Embætti ríkissaksóknara er fjarstýrður ofsækjandi og fór í öllu eftir fyrirmælum þeirra sem vildu okkur dæmd.“

Svo segir í yfirlýsingu sem átta af nímenningunum sendu frá sér eftir dómsuppsögu í gær.

„Þegar embættinu berast kærur gegn hinu opinbera, til dæmis lögreglunni, er þeim yfirleitt vísað frá vegna ólíklegrar sakfellingar. En sú regla gildir ekki þegar ríkið kærir niður á við,“ segir enn fremur.

„Ritstjórar stærstu fjölmiðlanna eru Göbbelsar íslensks ríkis og alþjóðakapítals og dæmdu okkur um leið og ákæran var birt. Út frá þeim pólitíska dómi ætluðu þeir sér að stýra umræðunni í átt að sakfellingu af hálfu samfélagsins jafnt sem dómstólanna. Á sama tíma var grátið tárum tilfinningakláms til stuðnings jakkafataklæddum peninga- og valdafígúrum vegna afskipta ríkisvaldsins af þeirra viðskiptum. Þannig afhjúpaðist viðhorf valdsins til hins meinta réttlætis réttarríkisins.“

Allir voru nímenningarnir sýknaðir af ákæru þar sem þeim var gefið að sök að hafa rofið friðhelgi Alþingis og starfsfrið, auk þess að ógna öryggi Alþingis hinn 8. desember 2008, þegar þeir fóru inn í Alþingishúsið. Hópurinn var ákærður fyrir brot á 100. gr. almennra hegningarlaga sem fól í sér að hann yrði dæmdur í minnst eins árs fangelsi.

Í rökstuðningi dómsins um þetta ákæruatriði segir: „Ákærðu, sem voru óvopnuð, fóru í hópi 20-30 manna inn í Alþingishúsið og var förinni heitið á þingpallana (eins og beinlínis er tekið fram í ákærunni) en ekki inn í þingrýmið. Sem fyrr segir er engin vísbending í málinu um það að ákærðu hafi ætlað sér að aðhafast annað en að láta heyra í sér mótmæli vegna ástandsins í landinu frá þingpöllunum. Verður með engu móti talið að fyrir þeim hafi vakað að reyna að kúga Alþingi eða að athafnir þeirra geti talist vera sú árás á þingið að sjálfræði þess hafi verið hætta búin.“

Fólkið var allt enn fremur sýknað af ákæru um húsbrot, að hindra að löglegur mannfundur væri haldinn og að hafa í hótunum við lögreglu eða þingverði. Þau fjögur sem fengu dóm voru öll sakfelld fyrir brot á 1. málsgrein 106. greinar hegningarlaga, en þar er kveðið á um refsingu fyrir að hindra opinberan starfsmann í starfi sínu. **jss@frettabladid.is**

FORKASTANLEGT

„Mér finnst þetta mál forkastanlegt,“ sagði María S. Gunnarsdóttir, móðir Andra Leós Lemarquis og Þórs Sigurðssonar, sem báðir voru dæmdir í skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Ég þekki ekki þessi vinnubrögð sem ástunduð hafa verið hér annars staðar af vinnumarkaði þar sem ég hef starfað. Mér finnst fólk ekki vinna hér af heilindum. Mér finnst eins og allt sé pantað fyrir fram og að þetta sem við höfum verið að hlusta á núna sé fyrir fram ákveðið. Þeir sem sátu hér meðan dómarinn tuldraði þessar niðurstöður hafa væntanlega tekið eftir því að hann færði ekki nein rök fyrir sínu máli. Þau rök hafa heldur ekki komið fram í málsmeðferðinni. Því spyr ég: Á hverju byggir þetta?“

MARÍA S. GUNNARSDÓTTIR

María kvaðst halda að almenningur hefði enga trú á íslenska réttarkerfinu. Ef boðskapurinn í dóminum til hins almenna borgara væri sá að hann ætti ekki að láta í sér heyra, ekki segja skoðanir sínar, ekki fara aftur á þingpalla, þrátt fyrir skýlausan rétt til þess, þá yrði ekki hlustað á þann boðskap.

„Og að búa við slíka gíslingu sem þessi níu manna hópur hefur búið við síðastliðin tvö ár hefur áhrif á allt og alla í kringum þau,“ sagði hún að endingu.

STUDY IN DENMARK
Mikilvægt skref í átt að þínum frama
ESBJERG
SØNDERBORG
meet us!
Hótel Hilton Nordica: 17/02 18:00 – 20:00
Ráðhús Reykjavíkur: 19/02 11:00 – 16:00
AP Degree
Fashion Design
Marketing Management
Multimedia Design & Communication
Computer Science
BACHELOR Degree
International sales & Marketing
Business & Design
Web Development
Software Development
Technical Manager
*Engin skólagjöld
BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST
Nánari uppl. www.easv.dk

2 GERÐIR • 4 STÆRÐIR • EITT VERÐ!

TILBOÐ!

heilir Sturtuklefar

52.900 stgr

Hert öryggisgler allan hringinn • Heill, lokaður hornlisti • Sturtusett fylgir

CE ISO 9001

Lausar hlífar framan á botni

KANTAÐUR

80x80 52.900 stgr. 90x90 52.900 stgr.

til afgreiðslu af lager

Lausar hlífar framan á botni CE ISO 9001

RÚNNAÐUR

80x80 52.900 stgr. 90x90 52.900 stgr.

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BOÐSKAPUR LISTAMANNS Spænski listamaðurinn Javier Calleja vinnur að uppsetningu sýningu sinnar á alþjóðlegu listahátíðinni FARCO í Madrid. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarfundur Alþjóðasiglingasambandsins haldinn um helgina:

Konstantín II. til Íslands í dag

FÓLK Konstantín II., landlaus konungur Grikklands, kemur til Íslands í dag og dvelur fram yfir helgi. Hann sækir hér stjórnarfund Alþjóðasiglingasambandsins sem fram fer í Reykjavík um helgina.

Konstantín II. er heiðursforseti sambandsins ásamt Haraldi Noregskonungi og sinnir því starfi af mikilli kostgæfni. Hefur hann stundað íþróttina í fjöldamörg ár og vann meðal annars gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Róm árið 1960.

Að sögn Úlfs Hróbjartssonar, formanns Siglingasambands Íslands, er mikill fengur fyrir íþróttina að fá konunginn fyrrverandi og stjórnarfund Alþjóðasambandsins hingað til lands.

KONSTANTÍN II. Missti konungstitil sinn þegar gríska ríkið lagði niður konungdæmið árið 1973. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarfundir sambandsins eru haldnir tvisvar á ári og sækja um 20 manns fundinn. „Markmiðið er að fá aðalfundinn hingað einhvern daginn, það er um 200 til 300 manna ráðstefna," segir Úlfur.

Spurður hvort koma Konstantíns II. verði lyftistöng fyrir ástundun siglinga á Íslandi segir Úlfur að óneitanlega sé frábært að til skuli vera fólk sem gefi sinn tíma í það að sinna íþróttinni og öllu því starfi sem fylgi uppbyggingu hennar. „Konstantín ann siglingum og er enn að keppa og sinna íþróttinni og er það mikill fengur." - kag

Icelandair dregur saman segl:

Dregið úr fyrirhuguðu flugi

SAMGÖNGUR Greint er frá niðurskurði á fyrirhuguðu flugi Icelandair til Kanada í TravelWeek, víðlesnasta fagtímariti ferðaiðnaðarins þar í landi, í gær.

Fram kemur að Icelandair hafi ætlað að lengja tímabil og fjölga ferðum til Toronto en til að uppfylla skilyrði loftferðasamnings Íslands og Kanada hafi í staðinn þurft að draga úr flugi. Frá 13. apríl verður flogið fjórum sinnum í viku í stað daglega og ferðir felldar niður í nóvember og desember. - óká

Könnun MMR um traust:

Traust minnkar til Hæstaréttar

KÖNNUN Traust á Hæstarétti hefur minnkað, að því er fram kemur í nýrri könnun MMR. Kannað var traust fólks til helstu stofnana á sviði réttarfars og dómsmála.

Um 35 prósent bera lítið traust til Hæstaréttar, miðað við 29 prósent í október í fyrra. Þá hefur traust á Fangelsismálastofnun minnkað. Lítið traust til hennar bera 22 prósent, miðað við 17,5 prósent í fyrra. Rúm 80 prósent treysta hins vegar Landhelgisgæslunni og tæp 60 prósent sérstökum saksóknara. - áe

Powell spilar út trompi í öryggisráðinu

Þegar Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mætti á fund hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 5. febrúar árið 2003 dró hann úr pússi sínu gögn sem áttu að sanna að stjórn Saddams Hussein í Írak hefði yfir eiturefnavopnum að ráða.

„Við höfum lýsingar frá fyrstu hendi á lífefnavopnaverksmiðjum á hjólum," sagði Powell meðal annars og sýndi teikningar af slíkum verksmiðjum, sem byggðar voru á lýsingum Janabis.

„Heimild okkar var sjálfur sjónarvottur," sagði Powell, „íraskur efnaverkfræðingur sem hafði umsjón með einni þessara verksmiðja. Hann var líka á staðnum þegar slys varð árið 1998. Tólf tæknimenn létu lífið."

Íraski efnafræðingurinn Janabi hlustaði á Powell í íbúð sinni í Erlangen í Þýskalandi og þekkti strax lygarnar. Upplýsingarnar voru frá honum komnar.

Rúmum mánuði síðar hófu Bandaríkjamenn og Bretar, með stuðningi Íslendinga og fleiri ríkja, innrás í Írak.

EFNAVOPNA LEITAÐ Bandarískir hermenn á vettvangi í Írak nokkrum vikum eftir að innrásin hófst. NORDICPHOTOS/AFP

Segist stoltur af lygunum

Íraskur flóttamaður í Þýskalandi hefur játað að hafa logið að þýskum leyniþjónustumönnum um reynslu sína af efnavopnaframleiðsu í Írak. Bandaríkjamenn réttlættu innrás með upplýsingunum.

ÞÝSKALAND „Ég varð að gera eitthvað fyrir landið mitt, svo ég gerði þetta og ég er ánægður með það, því nú er enginn einræðisherra lengur í Írak," sagði Rafid Ahmed Alwan al-Janabi í viðtali við breska dagblaðið The Guardian.

Janabi er fæddur 1967 í Bagdad. Hann er með próf í efnaverkfræði og hafði starfað hjá iðnfyrirtæki í Írak. Hann flúði til Þýskalands árið 1999 og fékk þar hæli sem flóttamaður í mars árið eftir. Nokkrum mánuðum síðar höfðu þýskir leyniþjónustumenn samband við hann og vildu fá að vita hvað hann vissi um áform efnavopnaframleiðslu á vegum stjórnar Saddams Hussein.

Janabi greip tækifærið og næstu mánuðina spann hann upp lygavef sem þýska leyniþjónustan féll flöt fyrir. Hún sendi upplýsingarnar beint til bandarísku leyniþjónustunnar CIA, sem einnig kokgleypti uppspunann.

Árið 2003 voru upplýsingarnar frá Janabi, sem nefndur var Curveball í skýrslum leyniþjónustumanna, notaðar til þess að réttlæta innrásina í Írak.

Janabi hefur áður komið fram í löngu viðtali. Það var á sjónvarpsstöðinni CNN árið 2007 þar sem hann var í fyrsta skipti nafngreindur. Þar neitaði hann þó að hafa logið og þóttist ekkert vita um þátt sinn í því að réttlæta innrásina í Írak.

Hann leysti loks frá skjóðunni nú í janúar og hafði sjálfur samband við blaðamenn frá The Guardian í von um að saga hans yrði efni í bók eða kvikmynd.

The Guardian hefur eftir Tyron Drumheller, fyrrverandi yfirmanni CIA í Evrópu, að játning Janabis sé fagnaðarefni. Drumheller hafði frá upphafi efasemdir um sanngildi þess sem Janabi sagði, og skýrði æðstu yfirmönnum CIA í Bandaríkjunum frá þessum efasemdum sínum áður en þeir sannfærðu Colin Powell og aðra bandaríska ráðamenn um mikilvægi upplýsinganna frá Janabi. Á þessar efasemdir var hins vegar ekki hlustað.

Stríðsátökin í Írak hafa nú, nærri átta árum síðar, kostað meira en hundrað þúsund saklausa borgara lífið, en Janabi segist ekki fá alvarlega bakþanka við þá tilhugsun.

„Ég fékk þetta tækifæri til að spinna lygavef til að steypa stjórninni," sagði Rafid Ahmed Alwan al-Janabi í viðtali við breska dagblaðið Guardian. „Ég og synir mínir erum stoltir af því, og við erum stoltir af því að hafa fært Írak vott af lýðræði."

gudsteinn@frettabladid.is

markhonnun.is

netto

Ódýrt fyrir heimilið!

FERSKT GRÍSAKJÖT!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **17. – 20. febrúar**
eða meðan birgðir endast

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.

neytendur
hagur heimilanna

Leigumarkaðurinn er stærsti málaflokkurinn

Húsaleigumarkaðurinn á Íslandi hefur vaxið ört á síðustu misserum. Málaflokkurinn er nú orðinn sá stærsti hjá Neytendasamtökunum hvað varðar fyrirspurnir og kvartanir frá leigjendum. Samtökin standa nú fyrir könnun á leigumarkaðnum.

Neytendasamtökin hafa óskað eftir aðstoð frá leigjendum til að upplýsa um leiguverð á íbúðarhúsnæði. Samtökin hafa lengi furðað sig á því að ekki séu til neinar ábyggilegar upplýsingar um málaflokkinn og hafa því ákveðið að gera könnun á húsaleigu.

Opnað var fyrir könnunina í síðustu viku og hafa nú rúmlega 500 manns svarað, langflestir af höfuðborgarsvæðinu.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, segir upplýsingum sem þessum hafa verið ábótavant hér á landi og með könnuninni fáist loks svart á hvítu hvað fólk sé að borga í leigu á Íslandi.

Könnunin nær yfir allt landið og hvetur Hildigunnur sérstaklega fólk á landsbyggðinni að taka þátt, sem og þá sem leigja af sveitarfélögum eða félagasamtökum.

„Það eru ekki unnar neinar upplýsingar úr þinglýstum leigusamningum og því er þetta sérlega mikilvægt til þess að sjá hvernig markaðurinn er," segir hún. „Þetta er mjög ógagnsær markaður og við því verður að bregðast."

Könnunin verður opin á heimasíðu Neytendasamtakanna næstu tvær vikurnar. Hildigunnur segist vonast til þess að geta kynnt fyrstu niðurstöðurnar í byrjun mars.

Fyrirspurnir frá leigjendum til Neytendasamtakanna hafa aukist mikið á síðustu mánuðum og er málaflokkurinn nú orðinn sá stærsti hjá samtökunum. Um 80 fyrirspurnir bárust frá leigjendum í janúar.

Þuríður Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir að ef þróunin haldi svona áfram verði leigumál langfjölmennasti málaflokkurinn, en á síðustu árum hafa fjármál, raftæki, fjarskipti og bifreiðar verið umfangsmeiri.

„Við fáum alls kyns fyrirspurnir sem koma að uppsögnum á samningum, viðhaldi og húsaleigubótum," segir Þuríður. Samtökin ákváðu að bregðast við þessu með því að setja inn á heimasíðuna hagnýtar upplýsingar fyrir leigjendur undir sérstökum flokki. **sunna@frettabladid.is**

HÚSALEIGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Neytendasamtökin hafa nú kallað eftir aðstoð leigjenda í landinu til þess að upplýsa um leiguverð og aðstæður sínar. Engar upplýsingar eru skráðar um fjölda leigusamninga, en talið er að þeir séu um 15.000. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Könnun NS á leiguverði á íbúðarhúsnæði

Hægt er að taka þátt í könnuninni, sem er aðgengileg á heimasíðu samtakanna www.ns.is. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Neytendasamtakanna símleiðis í síma 545 1200, í tölvupósti á netfangið hh@ns.is eða með því að senda umbeðnar upplýsingar á skrifstofu samtakanna á Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.

Upplýsingar sem þurfa að koma fram:

- Í hvaða póstnúmeri leigir þú?
- Hvað er íbúðin mörg herbergi?
- Hvað er íbúðin margir fermetrar?
- Hvað greiddir þú í leigu 1. febrúar sl.?

Hver er leigusali? (Einstaklingur eða félag og ef félag, þá hvaða félag? Ekki er óskað eftir nöfnum einstaklinga sem eru leigusalar)

Engar persónugreinanlegar upplýsingar verða gefnar upp í niðurstöðum og nöfn svarenda munu hvergi koma fram.

GÓÐ HÚSRÁÐ

Ný not fyrir mýkingarefni

■ *Mýkingarefni er víða til á heimilum, en það má víst nota til fleiri hluta en að hella því í þvottavélina.*

Margir nota mýkingarefni í þvottavélina, bæði til að mýkja og til að gefa góða lykt. Mýkingarefni má hins vegar nýta víðar. Eitt húsráð er að gott sé að setja smáskvettu af því út í vatn þegar þrifnar eru rúður. Þá á mýkingarefnið líka að vera afrafmagnandi og því gott að blanda því í vatn og vinda upp úr því tuskuna sem notuð er til að þrífa til dæmis rimlagardínur eða sjónvarpsskjá.

Þingsályktunartillaga um norræna Skráargatið:

MAST íhugar að taka upp hollustumerki

Neytendasamtökin hafa fjórum sinnum lagt fram tillögur til stjórnvalda um að láta taka norræna hollustumerkið Skráargatið upp hér á landi. Fimm þingmenn lögðu fram þingsályktunartillögu um málið í vikunni og nú íhugar Matvælastofnun (MAST) að taka merkið upp.

Skráargatið er hollustuvottun á matvörur sem gefur til kynna að viðkomandi vara sé sú hollasta í sínum flokki. Til að fá Skráargatið þarf matvara að uppfylla ákveðnar kröfur um magn salts, sykurs, fitu, mettaðrar fitu og trefja og getur einungis hollasta varan fengið merkið.

Samkvæmt upplýsingum frá MAST geta sælgæti, gos eða aðrar matvörur sem teljast óhollar ekki fengið Skráargatið. Markmiðið er að gefa neytendum færi á að velja hollan mat án mikillar fyrirhafnar.

„Neytendasamtökin hafa frá 2008 ítrekað skorað á stjórnvöld að taka merkið upp en auk þeirra hafa Lýðheilsustöð, Manneldisráð, talsmaður neytenda og umboðsmaður barna hvatt til þess að merkið verði tekið upp. Í skýrslu faghóps forsætisráðherra um að efla lýðheilsu frá 2005 er mælt með upptöku slíks merkis og bent sérstaklega á jákvæða reynslu Svía af Skráargatinu," segir í þingsályktunartillögunni. **- sv**

SKRÁARGATIÐ Svíar, Danir og Norðmenn nota þessa hollustuvottun og nú íhuga Finnar og Íslendingar að gera slíkt hið sama.

HÁMARKSENDURNÝJUN

Eitt stærsta skrefið í baráttunni við öldrun húðarinnar

Í fyrsta sinn í sögunni hefur CLARINS nú notað afar óvenjulegar jurtir sem virkilega hraða endurreisn collagens með því að framkalla aftur það jafnvægi sem ung húð býr yfir. Með hreinleika og súrefnismettun er virkilega hægt að endurskapa starfsemi ungrar húðar fullkomlega.

ANDLIT ÞITT MUN GEISLA AF ENDURHEIMTUM ÆSKULJÓMA
Og nú getur þú öðlast svo miklu meira en bara slétta húð með fallegum blæ því húð þín mun beinlínis ljóma af heilbrigði, vellíðan og útgeislun ungrar húðar.
Afmáðu óæskileg ummerki öldrunar með Vital Light-kremunum frá CLARINS.

CLARINS DAGAR Í HAGKAUP 17. - 23. FEBRÚAR

Glæsilegur kaupauki að verðmæti 11.000kr. þegar keyptar eru tvær vörur í Clarins, þar af eitt dag- eða næturkrem. Kaupaukinn inniheldur:
Hand and Nail Treatmen 50ml, One Step Exfoliating Cleanser 20ml, Instant Light Lip Perfector 5ml, Augnskuggasett, Mini Wonder Perfect Maskara, Multi Active eða Extra Firming dagkrem 30ml.

Nýttu tækifærið og fáðu ráðgjöf eða prufu af Clarins kremi sem hentar þér.

CLARINS
PARIS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT

FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG.

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.

FERSKIR KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG.

FERSKUR KJÖRFUGL
Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

1359 KR. kg

BÓNUS FERSKT **ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI** ÁN MJAÐMABEINS

898 KR. kg

ALI **FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**

BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI
MÁ FRYSTA

198 KR. 1000g

BÓNUS **KORNBRAUÐ** *26 SNEIÐAR*

179 KR. 500g

BÓNUS **KJARNABRAUÐ** 500g

BÓNUS FLORIDA SAFI
179 KR. 1 LTR.

OS BRAUÐOSTUR
26% MILDUR
MERKT VERÐ 1295 KR.KG
972 KR.KG.

3600 BLÖÐ
598 KR. PK

BÓNUS **WC PAPPIR** 18x200 BLÖÐ
AÐEINS 17 AURAR BLAÐIÐ !
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

360 BLÖÐ
598 KR. PK

BÓNUS **ELDHÚSRÚLLUR** 6x60 BLÖÐ
AÐEINS 1.7 KR. BLAÐIÐ
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

NÝBAKAÐ Í BÓNUS
LANGLOKUR 4 stk.
198 KR. 4 STK.

BÓNUS
GULRÓTARKAKA 760g
898 KR. 760g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLANDSNAUT:**FERSKT UNGNAUTAHAKK**
MERKT VERÐ: 1498 KR.KG.
1198 KR.KG

ÍSLANDSNAUT: **4 STK. FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR M.BRAUÐI**
598 KR.PK

FERSKT ÍSLENSKT
100% HREINT UNGNAUTAKJÖT

UNGNAUTAHAMBORGAR 2 stk. 120g MEÐ BRAUÐI OG SÓSU **498** KR.PK

ÍSLANDSNAUT: **FERSKT UNGNAUTASNITSEL**
MERKT VERÐ; 2498 KR.KG
1998 KR.KG

ÍSLANDSNAUT:
FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK
1998 KR.KG

ÍSLANDSNAUT: **FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**
MERKT VERÐ; 2498 KR.KG
1998 KR.KG

ÍSLANDSNAUT: **10 FROSNIR 100g UNGNAUTABORGARAR**
1298 KR.PK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálaumræðan er á mörkum þess boðlega.

Sandkassi

Margt hefur gengið hægar og verr í íslensku samfélagi en vonir stóðu til þegar þjóðin stóð agndofa yfir rústunum af hrundu bankakerfi haustið 2008. Eitt af því er endurnýjun hugarfars stjórnmálanna.

Útþenslustefna bankanna og stemningin í kringum þá urðu ekki til af sjálfu sér. Tiltekin pólitísk hugmyndafræði varð ofaná á tíunda áratug síðustu aldar og á grunni hennar voru viðmið samfélagsins reist. Eftir hrunið var því eðlilegt að halda að í hönd færu tímar heilbrigðrar samkeppni hugmynda og málefnalegrar umræðu um grundvallarmál. Ekki bara um kosti og galla frjálshyggju eða hægri- og vinstripólitík heldur almennt um öll mál sem mega teljast mikilvæg fyrir samfélagið og borgurunum til hagsbóta.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Því miður hefur reyndin orðið önnur.

Þegar fylgst er með Alþingi verður ekki annað séð en að æði margir þingmenn hafi sett markið ansi lágt. Að þeirra pólitík snúist um það eitt að koma höggi á andstæðinginn. Að persónulegu sigrarnir felist í vel heppnuðum tilsvörum.

Sjálfsagt væri það allt í lagi ef hér ríktu ekki nokkuð sérstakar aðstæður. Mjög mörg brýn mál eru á dagskrá. Ísland á í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, auðlindanýting og fiskveiðistjórnun eru ofarlega á baugi, skattkerfið er í deiglunni og stóreflis atvinnuuppbygging er nauðsynleg, svo fátt sé nefnt.

Fengur væri að upplýstri, yfirvegaðri umræðu um þessi mál og önnur og eðlilegt að allir stjórnmálamenn í öllum flokkum tækju þátt í henni. Raunar má færa fyrir því rök að þátttaka og framlag stjórnmálamanna til slíkrar umræðu sé eitt af meginhlutverkum þeirra. Ef til væri formleg starfslýsing fyrir alþingismenn væri kveðið á um eitthvað slíkt í henni.

En svo virðist sem býsna margir stjórnmálamenn telji það ekki í sínum verkahring að stuðla að eða taka þátt í svoleiðis umræðu.

Um Evrópusambandsmálin hefur til dæmis ekkert gagnlegt verið sagt á þingi síðan umsóknin var ákveðin sumarið 2009. Margsinnis hefur málið verið tekið upp en einungis í þeim tilgangi að koma höggi á ríkisstjórnina, aðildarsinna eða Evrópusambandið sjálft. Um ólíka sýn á auðlindanýtingu, svo ekki sé minnst á fiskveiðistjórnun, er Alþingi ófært að ræða með vitrænum hætti. Menn eru ýmist flokkaðir sem vinir auðvaldsins eða byggðar í landinu og þar strandar allt. Skattamálin eru klippt og skorin. Sjálfstæðisflokkurinn má ekki heyra minnst á skattahækkanir en VG veit fátt sjálfsagðara. Þingumræður um málið hafa ekki komist á næsta stig. Samræðan um uppbyggingu í atvinnumálum markast af því að ríkisstjórnin telur sig vera að gera góða hluti í þeim efnum. Stjórnarandstaðan gæti allt eins talað við stein eins og Steingrím um stöðnunina og atvinnuleysið.

Margendurteknar athuganir sýna að virðing almennings gagnvart Alþingi er við frostmark. Þingmönnum verður tíðrætt um þá staðreynd en virðast samt sem áður ekki telja það í sínum verkahring að reyna að bæta úr. Reglulega kalla þeir eftir breyttum vinnubrögðum, nýjum reglum og bættri hegðun annarra. En ekki virðist hvarfla að þeim að eðlilegast sé að þeir byrji sjálfir á að temja sér heilbrigðari siði.

Fyrir vikið fer pólitísk umræða fram í sandkassa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Með
Jón Bjarnason tróð upp á fundi Ísafoldar, félags ungra Evrópusambandssandstæðinga, í Háskólanum í fyrrakvöld. Jón hefur sem kunnugt ekki alltaf fylgt eigin flokki að máli. Í takti við það kynnti formaður Ísafoldar Jón til leiks sem ráðherra í ríkisstjórn með VG og Samfylkingu. Enginn kippti sér upp við það. Ekki einu sinni Jón sjálfur.

Hertaka
Fyrir rúmum þremur vikum skrifaði alþingismaðurinn Einar K. Guðfinnsson blogg. Þar sagði hann að mótmæli níu manns í Alþingishúsinu í desember 2008 hefðu verið atlaga að þinginu. Að hans mati munaði þá litlu að fólkið, sem hann taldi „í vígamóð", hefði hreinlega hertekið þingið. Árásinni hafi hins vegar verið hrundið. Sem betur fer, annars hefði „ekki þurft að spyrja að leikslokum".

Rangt mat
Nú er dómur fallinn í málinu og niðurstaðan er sú að upplifun Einars var mjög á skjön við raunveruleikann. „Ákærðu, sem voru óvopnuð, fóru í hópi 20-30 manna inn í Alþingishúsið og var förinni heitið á þingpallana (eins og beinlínis er tekið fram í ákærunni) en ekki inn í þingrýmið," segir í dómnum. Ekkert bendi til þess að fólkið hafi ætlað að aðhafast annað en að láta í sér heyra af þingpöllum. „Verður með engu móti talið að fyrir þeim hafi vakað að reyna að kúga Alþingi eða að athafnir þeirra geti talist vera sú árás á þingið að sjálfræði þess hafi verið hætta búin."

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Samtaka nú

Jafnrétti

Thor Vilhjálmsson
rithöfundur

Í erfidrykkju mikillar sæmdarkonu í sinni sveit sem allir lofuðu daglangt í ræðum og skálum þá kvaddi sér hljóðs héraðsskáld sem menn væntu hjá fagurrar slaufu á ræðuhöldin. Í ræðu sinni gat hann þess, þegar hann sló fram sínu trompspili mærðar, að svo hefði konan verið mikil og merk, að hún hefði jafnvel haft mannsvit.

Hvernig hefði haldizt byggð á Íslandi ef konurnar hefðu ekki borið uppi allt og brugðizt við öllu sem kæmi upp á heima fyrir þegar karlarnir voru í verinu, í öðrum landshlutum iðulega? Þá voru konurnar nánast eins og í vísu Stephans G. Stephanssonar: „Löngum var ég læknir minn, / lögfræðingur, prestur, / smiður, kóngur, kennarinn,/ kerra, plógur hestur." Fyrir utan það að fæða sjálft lífið og fóstra það og skýla fyrir öllum áföllum; spá í veður, vita hvenær væri óhætt að senda barn á næsta bæ; finna á sér gestakomur, hvort það væri lífs eða liðið, kunna háttvísibrögð gagnvart draugum og koma forsendingum af sér, líka þegar ekki yrði beitt öðru en rétt kveðinni vísu, til að verja ríki sitt og afkvæmi og bú meðan maðurinn barðist á framandi slóðum í verinu við ofríki náttúrunnar og hafofsa þegar því var að skipta á litlum árabátum.

> Það ætti að vera keppikeflið: samstilling, gagnkvæm virðing. Og vinna þá til þess að verðskulda hana.

Enn byggist allt hið dýrmætasta í lífinu og ævintýrum þess á konunum. Körlum verður oft áfátt með því að vanmeta atgervi kvenna. Og hlunnfara samfélagið með því að þær hafi ekki réttmæt tækifæri til að njóta sín til sameiginlegra heilla.

Það ætti að vera keppikeflið: samstilling, gagnkvæm virðing. Og vinna þá til þess að verðskulda hana.

Það er kannski farið að gleymast núna þetta sem var svo mikilvægt þegar bátar voru settir fram til að róa eftir lífsbjörg, fyrir utan sjóbænir. Þá var sagt: Samtaka nú.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Að endurbyggja brotið skip

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Nýjar stjórnarskrár líta jafnan dagsins ljós að lokinni kreppu af einhverju tagi. Mér er kunnugt um aðeins tvær undantekningar frá þessari reglu í okkar heimshluta. Sænska stjórnarskráin 1974 og kanadíska stjórnarskráin 1982 voru, að heita má, endursamdar upp úr þurru.

Hvers vegna kjósa þjóðir oftast að setja sér nýjar stjórnarskrár að lokinni kreppu? Svarið blasir við. Kreppur afhjúpa iðulega sprungur í lögum eða framkvæmd laga, sem nýrri stjórnarskrá er ætlað að fylla. Þegar allt er með kyrrum kjörum, hafa menn yfirleitt um annað að hugsa en endurskoðun stjórnskipunarlaga. Það er því engin tilviljun, að hrun þurfti á Íslandi til að opna augu Alþingis fyrir nauðsyn þess að draga ekki lengur endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 1944. Kosið var til stjórnlagaþings í nóvember 2010 samkvæmt lögum frá Alþingi. Þeir, sem vilja bíða með endurskoðun stjórnarskrárinnar, þar til efnahagur landsins er kominn á réttan kjöl, eru í reyndinni að biðjast undan þeirri endurskoðun, sem Alþingi ákvað í fyrra að setja af stað. Hvað gengur þeim til? Kannski sjá þeir ekkert athugavert við óbreytt ástand. Endurskoðun stjórnarskrár á umbrotatímum er stundum líkt við að smíða skip úti á rúmsjó. En kjósa menn þá heldur óbreytt ástand? Flestir myndu svara þeirri spurningu neitandi. Óbreytt ástand er afturför, sagði Jón forseti.

Sjö bylgjur

Hvað segir reynslan okkur utan úr heimi? Jon Elster, einn helzti heimspekingur Norðmanna, nú prófessor við Kólumbíuháskóla í New York, hefur lýst sögulegu samhengi í endurskoðun stjórnskipunarlaga báðum megin Atlantshafs röskar tvær aldir aftur í tímann. Hann greinir sjö bylgjur frá sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjamanna 1776. Árin 1780-91 riðu Bandaríkjamenn, Pólverjar og Frakkar á vaðið og settu sér nýjar stjórnarskrár. Eiðsvallarstjórnarskráin norska 1814 var angi á sama meiði. Í kjölfar byltingarinnar í Evrópu 1848 voru víða samdar nýjar stjórnarskrár, en þær entust mislengi, enda voru sumar byltingarnar barðar niður. Þriðja bylgjan reið yfir Evrópu eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914-18, þegar Pólverjar, Tékkar og gersigraðir Þjóðverjar settu sér nýjar stjórnarskrár. Fjórða aldan reið yfir eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar 1939-45, þegar sigraðar þjóðir, Ítalar, Japanar og aftur Þjóðverjar, settu sér nýjar stjórnarskrár eftir forskrift sigurvegaranna. Fimmta bylgjan reis um sama leyti við endalok nýlenduveldis Breta, Frakka og annarra í Asíu og Afríku eftir 1945. Stjórnarskrár nýsjálfstæðra ríkja voru oftast samdar upp úr stjórnskipunarlögum nýlenduveldanna. Sjötta aldan reis, þegar einræðisstjórnir í Suður-Evrópu hrökkluðust frá völdum 1974-78 og Grikkir, Portúgalar og Spánverjar settu sér lýðræðislegar stjórnarskrár. Sjöunda og síðasta bylgjan reis eftir hrun kommúnismans í Mið- og Austur-Evrópu 1989. Frá þeim tíma hafa um 25 Evrópuþjóðir sett sér nýjar stjórnarskrár. Sovétríkin leystust upp í fimmtán sjálfstæð ríki. Sambandið milli nýrrar stjórnarskrár og kreppu eða einhvers konar neyðarástands af öðru tagi er því býsna skýrt á heildina litið.

> Endurskoðun stjórnarskrár á umbrotatímum er stundum líkt við að smíða skip úti á rúmsjó. En kjósa menn þá heldur óbreytt ástand?

Samhengi hlutanna

Jon Elster fer í saumana á samhenginu milli nýrra stjórnskipunarlaga og umhverfisins, sem þau spretta úr á hverjum stað, og greinir á milli rótleysis, byltinga, styrjalda, umskipta og nýfengins frelsis og sjálfstæðis. Fyrst nefnir hann rótleysi eins og það, sem einkenndi Bandaríkin eftir sjálfstæðisstríðið við Breta 1775-83 og lyktaði með nýrri stjórnarskrá 1787. Hann rekur stjórnarskrá Frakklands 1791 ekki til frönsku stjórnarbyltingarinnar tveim árum fyrr, heldur rekur hann hvort tveggja til bágs efnahags og yfirgengilegs ójafnaðar, sem lýsti sér meðal annars í því, að aðallinn var höfðinu hærri en pöpullinn. Með líku lagi rekur hann stjórnarskrár Frakklands og Þýzkalands 1848 til byltingarástandsins þá í álfunni. Upp úr þeim jarðvegi spratt þjóðfundurinn hér heima 1851. Stjórnarskrá Frakklands 1958 rekur Elster til óttta Charles de Gaulle, síðar forseta, við pólitískar afleiðingar uppreisnar Alsírbúa gegn yfirráðum Frakka. Ósigur í stríði er ein kveikjan enn að nýjum stjórnarskrám eins og í Þýzkalandi eftir báðar heimsstyrjaldirnar og einnig í Póllandi og Tékkóslóvakíu eftir fyrra stríð og Ítalíu og Japan eftir síðari heimsstyrjöldina. Og þá er enn ótalið nýfengið eða nýtekið sjálfstæði líkt og í Bandaríkjunum 1776 og víða í Asíu og Afríku eftir 1945.

Hrun bankakerfisins hér heima 2008 var heimssögulegt í sniðum. Gjaldþrot bankanna þriggja var stærra en öll nema tvö gjaldþrot fyrirtækja í Bandaríkjunum frá öndverðu og var t.d. nærri þrisvar sinnum stærra en gjaldþrot Enrons 2001 skv. fróðlegri samantekt Fjármálaeftirlitsins. Mikill fjöldi fólks innan lands og utan varð fyrir miklu tjóni af manna völdum. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis leiðir í ljós, að eigendur og stjórnendur bankanna brutu lög m.a. með sjálftöku úr sjóðum þeirra. Stjórnmálamenn dönsuðu með, enda höfðu þeir valið bönkunum eigendur til að tryggja sér talsamband við bankana. Af því virðist mega álykta, að stjórnskipanin brást. Við þurfum nýja stjórnarskrá til að draga úr líkum á, að sagan endurtaki sig.

AF NETINU

Óravegu frá ákæru

Níumenningarnir voru ákærðir fyrir árás á Alþingi. Við því liggur þung refsing. Svo fellur dómur, tveir ungir karlmenn eru dæmdir í skilorðsbundna dóma, tvær konur þurfa að borga sekt. Þetta er frekar slöpp niðurstaða – og óravegu frá ákærunni sem lagt var upp með. Það er reyndar spurning í framhaldi af þessu hvort ekki sé hægt að dæma fjölda manns til sektargreiðslna vegna Búsáhaldabyltingarinnar – og mótmælanna í byrjun október. Rúður voru brotnar, bál kveikt og eggjum hent í þinghúsið. Þetta hlýtur allt að vera til á myndbandi. Það mætti jafnvel setja þingverði í að klippa út valda búta.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason

Náðu ekki að semja

Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir samstarfi við menntamálaráðherra um breytingar á lögum og reglugerðum til að geta farið í tímabundnar hagræðingaraðgerðir. Þær gætu skv. tillögum sambandsins verið fólgnar í fækkun kennslustunda eða styttingu skólaársins. Aðeins væri verið að tala um tímabundnar aðgerðir eða þar til samfélagið færi að færast upp úr öldudalnum sem kreppan skellti okkur niður í. Þá væri verið að tala um að fara til baka um nokkur ár varðandi tímafjölda eða lengd skólaársins. Ef samstarf sveitarfélaga og ríkisins hefði náðst væri verið að verja skólastarfið, verja grunnþjónustuna og tryggja samræmdar aðgerðir þannig að skólabörn vítt og breitt um landið væru í sambærilegri stöðu. Þannig væri jafnrétti til náms best tryggt.

blog.eyjan.is/halldor

Halldór Halldórsson

„Íþróttalistamenn“

Tónlistarnám

Ingvar Sverrisson
formaður ÍBR

Mikil umræða hefur átt sér stað að undanförnu um niðurskurð til tónlistarskóla í Reykjavík. Ekki get ég sagt að ég sé sáttur við niðurskurð til tónlistarkennslu barna og unglinga frekar en niðurskurð til íþróttastarfs fyrir sama aldurshóp enda er verið að vinna mikilvægt starf með börnum og unglingum í báðum tilfellum. Hitt er svo spurning hvort ekki sé rétt að framhaldsnám í tónlist sé hjá ríkinu eins og allt framhaldsnám er. Mikilvægt er að niðurstaða komist í það mál sem allra fyrst.

Ég verð samt að viðurkenna að ég geri mér ekki alveg grein fyrir af hverju forystumenn tónlistarskóla og ákveðnir tónlistarmenn velja að nota íþróttamál til viðmiðunar í baráttunni fyrir sínum málstað gegn niðurskurði á framlögum borgarinnar til tónlistarskóla. Ég hefði miklu frekar talið það styrk okkar allra sem vinnum af krafti með börnum og unglingum í þeirra frístundum ef við snerum bökum saman og gerðum ráðamönnum, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum, grein fyrir því mikilvæga starfi sem við erum að vinna á okkar vettvangi. Á vettvangi frítíma barna og unglinga.

Að undanförnu hafa sumir listamenn og einhverjir sem starfa í menningarmálum aftur og aftur ráðast til atlögu gegn íþróttastarfi, allt til að upphefja sinn eigin málstað. Það hefur alltaf talist vera veikur málflutningur þegar ráðist er á aðra í slíkri baráttu, það hvarflar að manni að þá sé málstaðurinn sem barist er fyrir veikur.

Ýmsu hefur verið haldið fram varðandi íþróttir og starfsemi íþróttahreyfingarinnar í þessum málflutningi, í flestum tilfellum hefur verið farið með rangt mál og flutningsmenn varpað fram tölum og fullyrðingum sem ekki hefur verið haft fyrir að kanna hvort séu réttar. Ég skal vera fyrstur til að viðurkenna að alltaf megi gera betur í starfinu en það hefur oftar en ekki verið með ólíkindum að hlusta á umræðuna sem virðist eiga greiðan aðgang í fjölmiðla nánast gagnrýnilaust.

Tónlistarskólar og íþróttir

Niðurskurður Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla hefur af einhverjum ástæðum verið borinn saman við húsaleigu- og æfingastyrki borgarinnar til íþróttafélaga. Nú síðast með grein og viðtali við einn fremsta listamann þjóðarinnar í Fréttablaðinu á fimmtudag og föstudag. Í greininni er sýnd tafla sem á að sýna hvernig umræddir styrkir hafi aukist á undanförnum 6 árum en framlög til tónlistarskóla lækkað á sama tíma.

Iðkendur innan íþróttafélaganna í Reykjavík eru um 36.000 og þar af 20.000 yngri en 18 ára. Nemendur tónlistarskóla í Reykjavík eru 2.900 þar af 2.400 yngri en 18 ára. Skólarnir eru 18 í Reykjavík sem þýðir að það eru að meðaltali rétt rúmlega 150 nemendur í hverjum skóla. Íþróttafélög borgarinnar eru 70 en styrkir til barna og unglingastarfs fá 43 í 42 íþróttagreinum. Það þýðir rúmlega 500 manns í hverju félagi að meðaltali. Ekki hljóta þeir sem náð hafa 18 ára aldri styrk frá borginni í íþróttastarfi. Ljóst er að að ekki er hægt að bera saman starfsemina eins og gert er í greininni.

Staðreynd er að íþróttafélögin sjálf hafa þurft að mæta 27% niðurskurði á fjárveitingum á þremur árum. Aukning fjárveitinga inn á æfinga- og húsaleiguliðinn hjá Reykjavíkurborg/ÍTR er fyrst og fremst tilkomin vegna nýrra íþróttahúsa við skóla, vegna Egilshallar og Mest-hússins svokallaða sem hýsir fimleika, karate og aðra frístundastarfsemi. Þetta eru ekki hækkanir vegna aukins reksturs íþróttafélaga heldur auknir tímar til æfinga í samræmi við fjölgun ungs fólks í íþrótta- og tómstundastarfi. Ég vil líka taka fram að flestar íþróttir krefjast þess að hægt sé að æfa í þar til gerðum húsum, en ekki er hægt að taka æfingar heima hjá sér 4 sinnum í viku og mæta svo á íþróttaæfingu 1-2 skipti í viku.

Foreldrar velta auðvitað fyrir sér af hverju margfalt dýrara er fyrir börn í tónlistarnám umfram íþróttastarf. Augljóst er að einkatímar sem eru algengasta formið í tónlistarkennslu eru dýrari en hóptímar sem alla jafna eru hjá íþróttafélögunum. Auk þess eru þjálfarar hjá íþróttafélögunum með mun lakari laun en kollegar þeirra í tónlistarskólunum og stjórnun íþróttafélaga og rekstur starfsins er að langmestu leyti unnin í sjálfboðavinnu. Munurinn liggur í það minnsta ekki í framlagi borgarinnar þar sem hver einstaklingur í tónlistarnámi kostar borgina 266.000 krónur á ári á meðan einstaklingur í íþróttum kostar Reykjavíkurborg 80.000 krónur á ári.

> Munurinn liggur … ekki í framlagi borgarinnar þar sem hver einstaklingur í tónlistarnámi kostar borgina 266.000 krónur á ári á meðan einstaklingur í íþróttum kostar Reykjavíkurborg 80.000 krónur á ári

Ríkisstyrkir

Listamaðurinn talar um ríkisstyrk til íþróttafélaga og spyr af hverju hann sé ekki nefndur. Fróðlegt er að skoða hvaða styrki íþróttahreyfingin fær frá ríkinu í samanburði við menningu og listir. Menning og listir fá um 7 milljarða króna af fjárlögum. ÍSÍ fær tæplega 275 milljónir og tekjur af Lottóinu eru 270 milljónir í góðu ári. Mér finnst munurinn skammarlegur, íþróttirnar fá vel innan við 10% af framlagi til menningar og lista. Í dag eru 400 einstaklingar á Íslandi á listamannalaunum hjá íslenska ríkinu. Það kostar um 440 milljónir á ári. Á sama tíma þiggja 14 einstaklingar mánaðarlega styrki úr afrekssjóði ÍSÍ en framlag ríkisins í þann sjóð eru 25 milljónir.

Við setningu Reykjavíkurleikanna sem haldnir voru nú í janúar voru hópar úr mismunandi íþróttagreinum með stórkostlega sýningu á íþrótt sinni og við það tilefni sagði borgarstjóri: „Ég fæ gæsahúð, þið eruð íþróttalistamenn!“ Ef til vill sá hann hvernig þessir tveir hópar sem eru að vinna öflugt og gott starf, geta og eiga að vinna saman.

Ég held það sé kominn tími til að slíðra sverðin og snúa bökum saman í þeirri baráttu sem framundan er til að fá aukna fjármuni til starfs með börnum og unglingum í frítíma þeirra. Hvort sem er frá ríki eða sveitarfélögum.

Ég er alltaf að þróa mínar vörur.
Það eigum við sameiginlegt.

Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir í Jurtaapótekinu

Hver einasti viðskiptavinur okkar er einstakur og þarfirnar geta verið ólíkar.
Með þetta að leiðarljósi höfum við þróað lausnir – sniðnar að þinni atvinnugrein.
Hafðu samband og í sameiningu finnum við greiðslulausn sem hentar þínum rekstri.

Fyrirtækjalausnir **Valitor** | sími 525 2080 | **www.valitor.is** | fyrirt@valitor.is

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.

Þjónusta Veitingahús Ferðaþjónusta Íþrótta- og félagasamtök

217 sinnum sekur?

Markaðsmisnotkun

Magnús Ármann
eigandi Ímon ehf.

Í meira en tvö ár hafa kaup félags í minni eigu, Ímon ehf., á hlutabréfum í Landsbankanum rétt fyrir hrun verið til umfjöllunar í fjölmiðlum.

Málið hefur verið kennt við Ímon og tekið sem dæmi um sýndarviðskipti og markaðsmisnotkun.

Í október 2008, fyrst þegar fjölmiðlar byrjuðu að fjalla um þessi viðskipti, lét ég hafa eftir mér að ég hefði ekkert ólöglegt aðhafst, en að FME væri einfaldlega með þessi viðskipti til skoðunar eins og önnur viðskipti bankanna fyrir hrun og þetta kæmi þá allt í ljós. Ég sagði líka að ég óttaðist ekki sannleikann og kviði engu varðandi lyktir þessa máls en að ég myndi ekki tjá mig frekar um það meðan það væri til rannsóknar. Það hef ég staðið við, enda hefur ekkert gerst fréttnæmt í málinu, þar til núna.

Ég hef þurft að sæta því í meira en tvö ár að vera dæmdur sekur af dómstóli götunnar og stimplaður glæpamaður í fjölmiðlum vegna Ímon-málsins. Mannorð mitt, og reyndar allrar fjölskyldu minnar, hefur beðið mikinn hnekki.

Skv. skýrslu sem ég fékk nýlega hjá Fjölmiðlavakt Creditinfo birtust 217 fréttir í íslenskum prent-, ljósvaka- og vefmiðlum á 27 mánaða tímabilinu frá 1. október 2008 til 1. febrúar 2011, þar sem mitt nafn og Ímon kemur fram. Það þýðir að frétt um mig og Ímon hefur birst að meðaltali á fjögurra daga fresti allan þennan tíma. Í flestum þessara frétta var fjallað um kaup Ímon á hlutabréfum í Landsbankanum á neikvæðan hátt, látið að því liggja að um sviksamleg viðskipti væri að ræða af minni hálfu og eitt dagblaðið gekk meðal annars svo langt að birta ímynduða fangamynd af mér á forsíðu sinni. Þessu til viðbótar eru svo óteljandi ummæli bloggara, flestra nafnlausra, þar sem ég hef verið kallaður ýmsum ljótum nöfnum.

Eftir á að hyggja hefði ég kannski átt að bera hönd oftar fyrir höfuð mér í fjölmiðlum. Ástæðurnar fyrir þessu fjölmiðlabindindi mínu voru þó nokkrar. Framan af var helsta ástæðan sú að FME og sérstakur saksóknari voru með málið til rannsóknar og mér fannst ekki viðeigandi að vera að tjá mig um málið við fjölmiðla meðan rannsókn stóð yfir. Ég sá líka fyrir mér, miðað við þjóðfélagsumræðuna, að málflutningur minn myndi ekki fá hljómgrunn, yfirlýsingar um sakleysi mitt yrðu bara afgreiddar sem „aumt yfirklór hvítflibbaglæpamanns“ eða eitthvað í þeim dúr. Mér fannst eins og ég yrði bara að þrauka og treysta því að hið sanna kæmi brátt í ljós. Eina vitið væri að bíða eftir niðurstöðu FME og sérstaks saksóknara, það væri það eina sem myndi hreinsa nafn mitt af þessum ásökunum.

Ég vissi ekki þá að rannsóknir FME og sérstaks saksóknara myndu taka svo langan tíma sem raun ber vitni. Ég hef reyndar aldrei heyrt neitt frá FME en var boðaður í skýrslutökur hjá sérstökum saksóknara vorið 2009 vegna málsins. Þá upplýsti ég starfsmenn sérstaks saksóknara eins vel um málavexti og mér var mögulegt, í hnotskurn: Ég var tjónþoli í Ímon-málinu, ekki brotamaður.

Eftir skýrslutökurnar fyrri hluta árs 2009 og að undangenginni frumrannsókn sérstaks saksóknara haustið 2009 áttum ég og lögmaður minn von á því að í kjölfarið yrði réttarstöðu minni breytt í réttarstöðu vitnis í stað sakborningsog ég gæti þá hreinsað opinberlega af mér ávirðingar um að hafa tekið þátt í einhverju svindli varðandi þessi viðskipti.

Við tók hins vegar mikil bið. Í raun hefur lítið sem ekkert fréttnæmt gerst í Ímon-málinu í eitt og hálft ár, þó að fjölmiðlar hafi reglulega fjallað um það. Á því tímabili hefur lögmaður minn margsinnis óskað eftir því við embætti sérstaks saksóknara að réttarstöðu minni verði breytt í ljósi staðreynda málsins og þess skaða sem málið hefur valdið mér vegna ærumissis og skerts aflahæfis.

> Rannsókn sérstaks saksóknara hefur semsagt leitt í ljós að ég aðhafðist ekkert ólöglegt við kaup Ímon á bréfum í Landsbankanum og ég er því ekki lengur grunaður um umboðssvik eða markaðsmisnotkun.

Nú hefur mér loksins borist bréf frá embætti sérstaks saksóknara, dagsett 9. febrúar 2011. Þar stendur orðrétt: „*Hér með tilkynnist, með vísan í 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að rannsókn málsins gagnvart Magnúsi Ármann hefur verið hætt.*“

Rannsókn sérstaks saksóknara hefur sem sagt leitt í ljós að ég aðhafðist ekkert ólöglegt við kaup Ímon á bréfum í Landsbankanum og ég er því ekki lengur grunaður um umboðssvik eða markaðsmisnotkun. Það eru ekki nýjar fréttir fyrir mig að ég sé saklaus en að sjálfsögðu er þungu fargi af mér létt.

Ég vil taka það fram að ég er ekki hafður fyrir sök í neinu öðru máli. Ég vil líka taka fram að ég gagnrýni ekki seinagang sérstaks saksóknara í Ímon-málinu. Ég hef skilning á því að rannsókn á málinu hefur tengst öðrum málum sem nauðsynlegt hefur verið að plægja í gegnum. Ég vil líka segja að samskiptin við alla starfsmenn embættis sérstaks saksóknara hafa verið bæði vinsamleg og fagmannleg. Það hefði verið heppilegra fyrir mig, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, að sakleysi mitt hefði verið staðfest fyrr. En það er ekki á allt kosið.

Ég get líka skilið – upp að ákveðnu marki – hvað fjölmiðlar hafa gert sér mikinn mat úr Ímon-málinu. En í mörgum af þessum 217 fréttum var farið yfir strikið og ég og mitt fólk meitt að óþörfu – og að ósekju. Ég vona að því linni núna.

Lengri útgáfu af grein Magnúsar, þar sem m.a. er að finna lýsingu á kaupum Ímon á Landsbankabréfum, er að finna á Vísi.is.

tímamót
timamot@frettabladid.is

30 **PARIS HILTON**, bandarísk leikkona og milljónaerfingi er þrítug.
„Peningar eru ekki undirrót alls ills eins og oft er haldið fram heldur leiðindi.“

BLAÐAMAÐURINN ROBERT WHITAKER: FLYTUR ERINDI Á VEGUM HUGARAFLS

NÝ NÁLGUN ER NAUÐSYNLEG

Robert Whitaker, bandarískur blaðamaður og rithöfundur, sendi á síðasta ári frá sér bókina Anatomy of an Epidemic, sem vakið hefur mikla athygli í Bandaríkjunum. Í riti sínu rýnir Whitaker í geðheilbrigðismál þar vestra, fjallar meðal annars um geðlyfjanotkun og skoðar fjölgun einstaklinga með örorku vegna geðraskana. Whitaker hefur skrifað mikið um geðheilbrigðismál og meðal annars verið tilnefndur til Pulitzer-verðlaunanna fyrir skrif sín. Whitaker er væntanlegur til landsins og flytur erindi næstkomandi laugardag á vegum samtakanna Hugarafls. Málþingið er í samstarfi við Maníu og Unghuga og stendur yfir frá klukkan 14 til 17 í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð.

„Hópur öryrkja með geðsjúkdóma hefur stækkað og það er alvarlegt að fólk með geðraskanir sé að verða einn stærsti hópur öryrkja. Sú þróun á sér stað bæði í Bandaríkjunum og hér heima og hlýtur að segja okkar að það þurfi að breyta einhverju í þjónustunni við þennan hóp og þeirri aðstoð sem þessu fólki er veitt til að komast út í lífið á ný,“ segir Auður Axelsdóttir, iðjuþjálfi og einn af stofnendum Hugarafls.

Hugarafl var upphaflega stofnað árið 2003 af Auði sem og notendum í bata, en „notendur“ eru þeir kallaðir sem hafa átt eða eiga við geðræna erfiðleika að stríða. Tilgangurinn með stofnun Hugarafls var að breyta nálgun og viðhorfum til geðraskana, með því meðal annars að nýta reynslu geðsjúkra til að miðla því sem virkar í bataferlinu, styrkja bjargráð einstaklinga, vinna gegn fordómum og hafa áhrif á geðheilbrigðiskerfið í heild. Hugarafl er eining innan geðheilsumiðstöðvar í heilsugæslunni sem Auður veitir forstöðu.

„Það að fá Robert hingað er liður í okkar nálgun hjá Hugarafli í geðheilbrigðismálum en hún er sú að alla meðferð fyrir geðsjúka, hvort sem það heitir lyf eða annað, þarf að skoða frá öllum hliðum þannig að notendur geti tekið upplýsta ákvörðun um hvernig þjónustu þeir vilja fá. Robert mun meðal annars ræða um áhrif lyfja og völd lyfjafyrirtækja en við sem vinnum í þessu sjáum að lyfin ein og sér gera ekki kraftaverk og þótt þau séu liður í þjónustu þarf að nota þau af ábyrgð.

Við hjá Hugarafli höfum barist fyrir því alla tíð að fólk fái upplýsingar og ýtt sé undir að viðkomandi hafi valmöguleika og hafi möguleika á að styrkja sjálfstraust og eigið vald,“ segir Auður. Hún bætir við að einnig þurfi að varpa ljósi á það að hægt sé að ná bata. Hlutfall Íslendinga sem eru á örorku vegna geðraskana meira en tvöfaldaðist á milli áranna 1990 og 2007, en sambærileg fjölgun hefur orðið í Bandaríkjunum og hjá öðrum vestrænum þjóðum. Auður segir að einhver þversögn sé í þessari þróun og aukningu á notkun geðlyfja.

„Hugarafl hefur einnig lagt mikla áherslu á að þeir sem vinni að geðheilbrigðismálum geti mætt einstaklingnum með persónulegri nálgun og sem jafningjar því stór hluti í bataferlinu er að byggja upp sjálfstraust, sem bíður oft hnekki þegar fólk er að kljást við geðraskanir. Og það er ekki gert með lyfjum.“ juliam@frettabladid.is

RÁÐSTEFNA Á LAUGARDAG Auður Axelsdóttir iðjuþjálfi og Hrannar Jónsson hjá Hugarafli standa að málþinginu á laugardag þar sem Robert Whitaker flytur erindi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Konukvöld GoRed í Smáralind

GoRed fyrir konur á Íslandi er alþjóðlegt átak til að vekja athygli á einkennum og áhættu hjarta- og æðasjúkdóma. Febrúar er tileinkaður verkefninu en þema þessa árs er „konur og kransæðakrampi“. Í tilefni átaksins verður haldið konukvöld í Smáralind í kvöld frá 19 til 21.

Einkenni hjarta- og æðasjúkdóma eru oft óljósari hjá konum en körlum þannig að greiningarferli og áhættumat vegna sjúkdómanna tefst oft hjá konum.

Átakið miðar meðal annars að því að kenna konum að þekkja einkennin, taka þau alvarlega og bregðast skjótt við en samkvæmt nýlegri rannsókn bíða konur lengur en karlar með að leita sér hjálpar vegna brjóstverkja. Þá hefur komið í ljós að af 17,5 milljónum dauðsfalla á heimsvísu sem rekja má til hjarta- og æðasjúkdóma létust 8,6 milljónir kvenna vegna þeirra. 46 prósent kvenna eru með kólesteról yfir æskilegum mörkum og 17 prósent kvenna eru með háþrýsting. Allt þetta eykur hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

Á konukvöldinu í Smáralind í kvöld verður tískusýning í Debenhams, lifandi tónlist, tilboð, fræðsla, kynningar og blóðþrýstingsmælar auk þess sem læknar og hjúkrunarfræðingar verða á staðnum.

KONUKVÖLD Í Smáralind milli 19 og 21 geta konur fræðst um hjarta- og æðasjúkdóma. NORDICPHOTOS/GETTY

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Jóhannesson
frá Laugavöllum, Leynisbraut 34 Akranesi,

lést 9. febrúar sl. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju í Borgarfirði laugardaginn 19. febrúar kl. 11.00.

Guðrún Gísladóttir
Gísli Björnsson — **Kristín Hallsdóttir**
Helga Björnsdóttir — **Óli Öder Magnússon**
Lilja Leifsdóttir — **Jens Ágúst Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

Sigurbjörn Þorgrímsson (Bjössi Biogen)
raftónlistarmaður,

lést mánudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Þorgrímur Baldursson — **Jenný Sigurbjörnsdóttir**
Atli Már Þorgrímsson — **Kristín Björk Einarsdóttir**
Hekla Atladóttir

---

†

Elskulegur bróðir okkar og mágur,

Örn Ólafsson
Erluási 68, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 7. febrúar 2011. Útförin fer fram í Fossvogskapellu föstudaginn 18. febrúar kl. 15.00.

Sólrún Ólafsdóttir — **Þórhallur Bjarnason**
Sigurbjörg Ólafsdóttir — **Finnur Ellertsson**
Gústaf Adolf Ólafsson
Sigríður Jóna Ólafsdóttir — **Þorbjörn Gunnarsson**
Guðfinnur Ólafsson — **Jóhanna Einarsdóttir**

---

†

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

Guðmundar Þorsteinssonar
Drekavöllum 42, Hafnarfirði.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Ásthildur Kristín Þorkelsdóttir.

50% afsláttur
af legsteinum
úr íslensku blágrýti
Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Rvk.
sími 587 1960 - www.mosaik.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
- Á AFSLÆTTI
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra,

Björns Björnssonar
Holtagerði 13, Kópavogi.

Anna G. Egilsdóttir
Elísabet Björnsdóttir
Eva Björnsdóttir
Jóhanna María Björnsdóttir — **Hlynur Jónsson**
Jóhanna María Björnsdóttir
Jón Björn Vilhjálmsson — **Margrét Elimarsdóttir**
Ásta Björnsdóttir
Ólafur Björnsson — **Rósa Ingvarsdóttir**
Elísabet Gunnlaugsdóttir — **Egill Guðmundsson**

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sr. Lárus Halldórsson

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 21. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarkort Grundar.

Anna María Lárusdóttir
María Kristín Lárusdóttir — **Birgir Símonarson**
Sigríður Lárusdóttir
Halldór Nikulás Lárusson — **Árný Jóhannsdóttir**
afa- og langafabörn.

Tónlistarkonan Nicki Minaj þótti fara nærri því að skjóta Lady Gaga ref fyrir rass fyrir furðulegt útlit á Britt-tónlistarhátíðinni. Hún mætti með risastóra og stórfurðulega hárgreiðslu sem vakti umtal tískuspekúlanta.

TIL BRJÓSTGJAFA:



teg. DOTTY - mjúkur og yndislegur en heldur vel, fæst í D,DD,E,F,FF,G,GG,H,HH skálum á kr. 7.990,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar
sem auðvelda þér að setjast og standa upp

Fjölbreytt úrval

Opið virka daga kl. 9 - 18
og á **laugardögum** kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

RÝMINGARSALA

Síðustu dagar útsölu.
Allt á að seljast!

60-80% afsláttur

Frábært úrval af nýrri vetrarvöru:
Kjólar - Buxur - Peysur - Úlpur - Blússur - Skyrtur - Jakkar - Skór - Stígvél.
Stærðir 36-52

hjá Hafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Rakel Mjöll Leifsdóttir söngkona vakti athygli fyrir sérstæðan stíl í Söngvakeppni Sjónvarpsins

Hefur gamaldags smekk

Rakel Mjöll Leifsdóttir fangaði athygli margra sjónvarpsáhorfenda nú í febrúar þegar hún söng lagið Beint á ská í Söngvakeppni sjónvarpsins. Rakel er að læra djasssöng í Tónlistarskóla FÍH.

„Ég er gamaldags og hef gaman af öllu er viðkemur kvenlegri tísku eftirstríðsáranna. Því blanda ég svo saman við nýtt," segir Rakel Mjöll og segist sér í lagi veik fyrir flaksandi kögri en ein af hennar tískufyrirmyndum er sjálf indíánastelpan Pocahontas.

„Eftir því sem ég eldist, verð ég ófeimnari við að þróa minn eigin stíl en ef ég ætti að nefna einhverjar tískufyrirmyndir má nefna Brigitte Bardot, söngkonuna Lykke Li og Mary Kate Olsen."

juliam@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR
Gerið gæða- og verðsamanburð

20-70%
AFSLÁTTUR
Af völdum vörum

10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

VALHÖLL

Stærð	Verð á dýnu aðeins
80 cm	29.900,-
90 cm	29.900,-
120 cm	39.900,-
153 cm	49.900,-

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Annie Leibovitz er einn þekktasti ljósmyndari heims. Hún hefur ljósmyndað fólk á borð við Mick Jagger, John Lennon og Elísabetu Bretadrottningu.

Ég er algert borgarbarn

Gunnhildur Stefánsdóttir var ung þegar hún eignaðist sína fyrstu saumavél – að vísu leikfang en nothæfa samt. Nú situr hún flesta daga við að sauma í bílskúrnum og selur afraksturinn um helgar.

„Mamma saumaði allt á okkur systur. Við fylgdumst með og vorum heillaðar yfir hverri flík. Ég held að það hafi kveikt í mér," segir Gunnhildur Stefánsdóttir sem nýlega stofnaði saumafyrirtækið Gammur. „Handavinnukennarinn minn í grunnskóla var þýsk kona sem hét Margot Gamm. Ég minnist hennar í nafninu því mér þóttu tímarnir hjá henni ánægjulegir," segir hún til skýringar.

Gunnhildur ólst upp á Höfn og kveðst hafa saumað talsvert sem barn og unglingur en týnt því niður á tímabili, tók BA-gráðu í íslensku og flutti út til Seattle þar sem hún kenndi íslensku. „Á þeim tíma fann ég að mig vantaði sköpunina aftur í líf mitt og þegar heim kom fór ég í Kennaraháskólann og varð textílkennari," lýsir hún.

Bæði hugsjónir og útlit fólks móta sköpun Gunnhildar, að hennar sögn, einnig byggingar, götur og annað borgarumhverfi. „Þrátt fyrir að hafa alist upp við ægifagurt landslag get ég ekki sagt að náttúran hafi áhrif á mig. Ég er algert borgarbarn, líður best í mannmergð og innan um háar byggingar." Hún kveðst leggja áherslu á þægindi í fötunum og segir þau henta skvísum á öllum aldri. „Svartur er grunntónn í flestum flíkum en ég hef gaman af því að leika mér með skæra og áberandi liti og skreyti með þeim. Ég held mig dálítið við sömu sniðin en legg upp úr því að hafa fáar flíkur í sömu litum."

Gunnhildur er með opna verslun einu sinni í viku á Hverfisgötu 37. „Búðin er beint á móti Fornbókabúðinni hans Braga," segir hún. „Ég verð þar alltaf á föstudögum frá 11 til 18 og ætla líka að vera með opið fyrsta laugardag í hverjum mánuði. Svo er ég með síðuna facebook.com/gammur."

gun@frettabladid.is

Byggingar, götur og borgarumhverfi er meðal þess sem hefur áhrif á sköpun Gunnhildar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leggingsbuxurnar eru úr þægilegu bambusefni.

Glæsileg yfirhöfn með háum kraga. Efnið er 100% bómull.

Þessi er stællegur, með ermi öðrum megin og stroffi út úr sláarvídd hinum megin.

Selena
Hæðasmára 4
í sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.
Útsala
30-60% afsláttur af völdum vörum
Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is

TILBOÐ
ýmsar gerðir - stakar stærðir
push up í ABCD skálum á kr. 4.990,-
push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 4.990,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði
Deba
Útsölustaðir:
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Lyfja, Rima Apótek, Reykjavíkur ap., HNLFÍ,

Útsölulok
Útsölulok
Útsölulok
Aðeins 4 verð á útsölunni
990 • 1990
2990 • 3990
Nýjar vörur - ekki á útsölu
MIÐ
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

ÚTSÖLULOK
30%-50%
afsláttur af útsöluvörum
50% AUKA- AFSLÁTTUR af útsöluvörum (reiknast við kassa)
Vertu vinur á Facebook
Flott föt fyrir flottar konur,
belladonna
Stærðir 40-60.
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Fyrsta fyrirsæta heimsins sem svo var kölluð var Marie Vernet Worth. Hún var afgreiðslustúlka í París og sýndi föt árið 1852 fyrir manninn sinn, tískuhönnuðinn Charles Frederick Worth.

wikipedia.org

Pappavegginn á tískuvikunni í Sao Paulo á dögunum sýndu brasilísku arkitektarnir Felipe Tassara og Daniela Thomas fyrst árið 2006.
NORDICPHOTOS/AFP

Líkindin ótrúleg tilviljun

Felipe Tassara og Daniela Thomas eru höfundar pappaveggjar sem sýndur var á tískuvikunni í Sao Paulo í febrúar en bent var á líkindi hans við íslenska hönnun hér í blaðinu fyrir viku. Hönnun arkitektanna er frá árinu 2006 en sú íslenska útskriftarverk frá LHÍ 2008.

Brasilísku arkitektarnir Felipe Tassara og Daniela Thomas, hönnuðu pappavegg sinn árið 2006. Þau benda á umfjöllun á vefritinu www.podbr.com árið 2006 og á www.coolhunting.com árið 2007 því til áréttingar að þau gætu ekki hafa stolið hönnun Friðgerðar Guðmundsdóttur vöruhönnuðar eins og Fréttablaðið gaf til kynna í fyrirsögn á fimmtudaginn var en pappaveggurinn Stuðlar var lokaverkefni Friðgerðar við LHÍ árið 2008.

„Great minds think alike," segir Friðgerður.

„Félagi úr hönnunargeiranum rak augun í pappavegginn á netinu, í fréttinni af þeim Demi Moore og Ashton Kutcher, og fór að tala um líkindin á Facebook. Engum okkar datt annað í hug en að einhver hefði stælt Stuðlana, því eins og ég sagði seinast þá hafa Stuðlarnir sem ég hannaði haustið 2007 farið víða um heim og birst í hönnunartímaritum í Ameríku og Evrópu," segir Friðgerður og tekur skýrt fram að sjálf hafi hún ekki þekkt til verka arkitektanna þegar hún hannaði Stuðla. Hún segir líkindin ótrúlega tilviljun og rifjar upp orð kennara síns úr LHÍ Guðmundar Odds Magnússonar.

„Goddur þreyttist ekki á að segja okkur að ekkert væri nýtt undir sólinni. Hugmyndirnar liggi í loftinu og oft sé fólk að gera sömu hluti á ólíkum stöðum í heiminum á sama tíma. Þrátt fyrir að hafa heyrt hann segja þetta margoft þá hvarflaði ekki að okkur sá möguleiki að það væri hægt að gera svona líka hluti á svipuðum tíma, hinum megin á hnettinum! Ég verð bara að hugsa: Great minds think alike," segir Friðgerður eða: „Miklir hugsuðir hugsa eins."

heida@frettabladid.is

Í tilefni af 40 ára afmæli tískuhússins Kenzo breytti hönnuðurinn Antonio Marras seinni hluta sýningarinnar á haust- og vetrarlínunni í fjölþjóðlegt ferðalag og skapaði lifandi fataturna með tilvísun í hönnun Kenzo yngri sem eldri.



Hugtakið emo náði fyrst aðeins yfir tegund pönktónlistar á níunda áratug síðustu aldar. Heitið er tilkomið vegna þess að sviðsframkoma emo-tónlistarmanna þótti oft tilfinningaþrungin (e. emotional). Smám saman víkkaði þó merking orðsins út og er það notað yfir fleira en bara tónlist, til dæmis tísku.

visindavefur.is

FERMING Í FLASH

Ótrúlegt úrval af fermingarkjólum í öllum regnbogans litum

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur

Við erum á facebook

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

HANSKADAGAR

NÚ ERU SÍÐUSTU HANSKADAGAR VETRARINS

Töskur og hanskabúðin

30% afsláttur á randsaumuðum dömu- og herrahönskum, bláum flugfreyjuhönskum og fleiri góðum leðurhönskum frá fimmtudegi til laugardags

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

Tískuverslun

fyrir stelpur og konur.

fermingakjólar Árshátíðarkjólar

verð frá 5.900

Opið mán.föstud.
Laug og sund.
Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is

Við erum á facebook

Möst.C

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Karlar undir hnífnum

Þó sífellt fleiri setji spurningarmerki við bótoxið og önnur efni sem sprautað er í hrukkur í andliti þá eiga fegrunarlæknar góða daga fram undan. Þjóðfélag okkar er þjáð af æskudýrkun þar sem æ fleiri reyna að vinna gegn ellimörkum. En einnig má nefna að almenningur lifir lengur en áður og mun í framtíðinni verða lengur á vinnumarkaðnum, því er mikilvægt að eldast vel.

Lýtalæknar hafa nú fundið stóran viðskiptavinahóp þar sem karlar láta nú laga eitt og annað sem lætur á sjá með árunum. Í Bandaríkjunum fjölgar karlkynsviðskiptavinum lýtalækna um níu prósent á ári og í Frakklandi sjá læknar svipaða þróun. Í vor verður í fyrsta sinn haldið læknaþing í Barcelona á Spáni þar sem eingöngu verður fjallað um fegrunaraðgerðir karla.

Aðgerðirnar eru ekki þær sömu og konur gangast oftast undir. Konur færa sig æ meira að smáaðgerðum sem eru ekki eins róttækar eins og þegar sprautað er í hrukkurnar því þær vilja gjarnan geta mætt í vinnu eins og ekkert sé eftir að hafa jafnað sig yfir helgina. Karlmenn vilja hins vegar, samkvæmt sérfræðingum, ganga hreint til verks. Þeir hika ekki við stærri aðgerðir sem bera meiri sýnilegan árangur og eru þess virði að fara út í en til þess þarf að velja rétta tímann, til dæmis sumarfríið til að andlitið geti jafnað sig áður en snúið er til vinnu. Karlmenn láta taka af undirhökunni, fjarlægja poka af augnalokum og svo má ekki gleyma björgunarhringnum sem margir vilja láta hverfa. Síðast en ekki síst er hárígræðsla vinsæl hjá körlum, nokkuð sem er nærri óþekkt hjá konum. Karlmenn skiptast á símanúmerum og upplýsingum um lækna, þar sem þeir stunda íþróttir eða annars staðar þar sem þeir koma saman. Og þeim mun yngri sem þeir byrja, þeim mun óhræddari eru þeir.

Ástæður þess að karlmenn vilja nú líta út fyrir að vera yngri en þeir eru eru í raun margþættar. Til dæmis má nefna að hér í Frakklandi var eftirlaunaaldur hækkaður á síðasta ári og því er líklegt að menn verði lengur í vinnu en áður og þurfi að keppa við sér yngri menn á útlitssviðinu eins og annars staðar. Oft er því um að ræða menn í ábyrgðarstöðum sem eru hræddir um að vera hallærislegir við hliðina á yngri kynslóðum. Einnig eru háskólaprófessorar nefndir sem nýir viðskiptavinir læknanna þar sem þeir eru í návígi við ungt fólk og stöðugt undir augnaráði annarra.

Það merkilega er þó að með auknu jafnrétti í vestrænu samfélagi nota karlar fegrunarstaðla samfélagsins á sjálfa sig í stað þess að frelsa konur undan þeim.

bergb75@free.fr

Roberto Cavalli sýndi þessi skærbláu jakkaföt, sem lífga upp á stíl karlmanna.

Diane Von Furstenberg er líka hrifin af bláa litnum.

Blátt á blátt ofan

Einn aðallitur sumarsins verður blátt í öllum mögulegum og ómögulegum litabrigðum, ef marka má vor- og sumarlínur tískuhönnuða, og gildir það jafnt um kven- og karlmannafatnað.

Skærbláir straumar léku um tískupallana á sýningum hönnuðanna fyrir vor og sumar 2011. Efnin eru mjúk og flæðandi; silki, siffon, satín og svo auðvitað denim. Oft er blátt og svart parað saman, til dæmis himinbláar buxur og svartir jakkar, eða breið svört belti við kvenlega bláa kjóla.

Karlmennirnir fara ekki varhluta af hinu bláa því hver tískuhönnuðurinn á fætur öðrum sýndi skærblá jakkaföt, oft með svörtum eða rauðum skyrtum við.

Það er því ekki úr vegi að kíkja á vorlínurnar, sem eru að birtast í verslunum þessa dagana, og verða sér úti um himinbláa flík á meðan við bíðum eftir vorinu.

- fsb

Verslun Sævars Karls flytur

Verslun Sævars Karls er flutt úr Bankastrætinu á Hverfisgötu 6.

Hin gamalgróna verslun Sævars Karls, sem lengi hefur verið við Bankastræti 7, verður opnuð á nýjum stað klukkan 17 í dag. Sá staður er við Hverfisgötu 6, beint á móti Arnarhóli þar sem verslunin Max Mara var áður. „Við hoppuðum bara yfir húsið og lentum hinum megin," segir Ellen Blomsterberg, starfsstúlka í fyrirtækinu, hlæjandi þegar haft er orð á að búðin sé á sömu lengdargráðu og áður.

Ellen segir verslunina vera fulla af nýrri og glæsilegri vor- og sumarvöru fyrir herra og dömur því nýjar sendingar hafi borist frá D&G, Schumacher, Cambio, JOOP, Rocco P, Baldessarini, Marc Cain Sport og Stenströms. Allt eru það þekkt merki í versluninni.

Píanóleikarinn Jónas Þórir mun leika létta tóna við opnunina og klukkan 18 mun Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran syngja nokkur vel valin lög. Allir eru velkomnir.

- gun

Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 21. febrúar

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ

GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2011

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

Góður mannskapur í 25 ár

Álfaborg á stórafmæli á þessu ári en í 25 ár hefur fyrirtækið séð Íslendingum fyrir hágæða gólfefnum. Í fyrstu var fyrirtækið aðallega þekkt fyrir flísar en í dag fást þar allar tegundir gólfefna: flísar, teppi, dúkar og parket.

Ein elsta gólfefnabúðin á landinu er Álfaborg í Skútuvogi en fyrirtækið hefur verið í eigu sömu fjölskyldu allt frá upphafi, í ein 25 ár.

„Álfaborg er eitt þeirra fyrirtækja sem byggja á gömlum grunni og við höfum sum unnið allt frá upphafi hjá fyrirtækinu. Við bjóðum því upp á sérhæfða þjónustu auk þess að búa yfir mikilli reynslu," segir Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar.

Í upphafi gat Álfaborg sér gott orð fyrir flísaúrval og var þar í fararbroddi en í dag er einnig hægt að fá nær öll gólfefni hjá Álfaborg: teppi, dúka, parket og fleira til. „Við bjóðum upp á heildarlausnir í dag sem margir nýta sér, enda kærkominn kostur í stað þess að þurfa að sækja gólfefnin úr mörgum áttum. Þar sem við byggjum á gömlum grunni erum við svo heppin að geta gengið að stórum lager, sem eru forréttindi í dag. Markaðurinn hefur breyst mikið og margir eru að leita að ódýrri vöru sem stenst varla gæðakröfur en það er ein mesta hættan þegar aðstæður á markaði verða eins og þær eru í dag; að gæðin verði ekki þau sömu og áður. Við höfum því lagt mikla áherslu á að bjóða vandaða vöru í öllum verðflokkum á sanngjörnu verði."

Eitt af aðalvörumerkjum Álfaborgar í flísum er Porcelanosa, en það þykir standa hvað fremst á markaðinum hvað gæði varðar og kemur reglulega fram með skemmtilegar nýjungar að sögn Kolbeins.

Kolbeinn Össurarson er einn af eigendum Álfaborgar, sem verið hefur leiðandi á gólfefnamarkaðinum hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Annað af okkar stærstu vörumerkjum í dag er Tarkett, sem er jafnframt einn stærsti gólfefnaframleiðandi í Evrópu. Frá Tarkett erum við meðal annars með viðarparket, plastparket og gólfdúka í miklu úrvali á lager en afgreiðslufrestur er mjög stuttur á sérpöntunum þar sem við fáum öll þessi gólfefni frá sama aðila. Verðið kemur fólki líka oft skemmtilega á óvart. Sem dæmi má nefna að viðarparket frá Tarkett, þriggja stafa eik, er á 3.990 krónur fermetrinn."

Að lokum segir Kolbeinn fólk fara sér hægar þegar kemur að því að velja gólfefnin. „Gólfefni eru svo mikilvægur hluti af heimilinu að sú þróun er mjög jákvæð. Við erum með góðan mannskap með áratuga reynslu í að aðstoða fólk við að taka skrefin í að skipta um eða setja nýtt gólfefni."

Skemmtilegar keramikflísar sem hafa útlit viðarparkets gefa hlýlegt yfirbragð.

Keramikflísar með viðaráferð

Keramikflísar með viðaráferð eru nýjung frá þýska flísaframleiðandanum Nordceram en flísarnar hafa alla eiginleika hefðbundinna flísa þrátt fyrir að hafa útlit viðarparkets.

Flísarnar koma í þremur litum og eru 15x60 sentimetrar að stærð. Flísarnar eru jafnframt þannig málteknar að þær er hægt að leggja með aðeins eins millimetra breiðri fúgu.

Flísarnar eru á tilboðsverði þessa dagana, á aðeins 5.390 krónur fermetrinn. Snilldar gólfefni, til að mynda í sumarbústaðinn.

Mjög auðvelt er að leggja plastparketið frá Tarkett.

Vinsælt á góðu verði frá Tarkett

Woodstock harð/plastparket frá Tarkett er mjög vinsælt gólfefni á góðu verði, aðeins 2.890 krónur fermetrinn.

Þrír litir eru til á lager hjá Álfaborg. Þeir eru hefðbundin eik, hvítttuð eik og dökk eik.

Woodstock er 8 millimetra þykkt og er í háum styrleikaflokki, AC4 class 32, og er því bæði hentugt fyrir heimilið sem atvinnuhúsnæðið. Einstaklega auðvelt er að leggja efnið þar sem því er smellt saman bæði á langhlið og í enda.

▲ **Eik Unique 3ja stafa parket**
2200 x 209 x 14mm Extra breið 20,9cm borð, viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakkað
Verð 4.990,- fm

◄ **Askur hvíttaður 3ja stafa**
2200x 182 x 14mm
Viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakk.
Verð frá 5.990.-

► **Eik Rustic plankar**
2200 x 182 x 14mm
Viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakk. Einnig fáanlegir burstaðir og fasaðir.
Verð frá 8.990.-

◄ **Eik hvíttuð plankaparket**
2200 x 182 x 14mm
Viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakk.
Einnig fáanlegt, olíuborið, burstað og fasað.
Verð frá 8.900,- fm

Egill Árnason™
Suðurlandsbraut 20 • Sími:595-0500

Ásgeir bendir á að Egill Árnason sé nú kominn á nýjan stað á Suðurlandsbraut 20, við hlið Eirvíkur. Hér er hann annar frá hægri ásamt Davíð Þorsteinssyni, Ágústi Haraldssyni, Guðrúnu Einarsdóttur og Einari Gottskálkssyni sölusérfræðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjóða upp á yfir 150 tegundir af viðarparketi

Egill Árnason hf. á sér langa og farsæla sögu. Fyrirtækið hefur nú flutt að Suðurlandsbraut 20 en býður sem fyrr upp á góða þjónustu og gott vöruúrval.

„Egill Árnason byggir á gömlum og góðum grunni og í 76 ár hafa starfsmenn fyrirtækisins sérhæft sig í að ráðleggja fólki um val á gólfefni, þó sérstaklega parketi," segir Ásgeir Einarsson, framkvæmdastjóri hjá Agli Árnasyni. Í rúmgóðum sýningarsal geta viðskiptavinir skoðað mikið úrval af gólfefnum, til dæmis yfir 150 tegundir af viðarparketi. „Við höfum einsett okkur að bjóða upp á það besta hverju sinni en fylgja um leið tískustraumum hvers tíma," segir Ásgeir.

Hann segir mikilvægt að huga að því við kaup á parketi að verið sé að kaupa efni sem eigi að endast í fjölda ára. „Einmitt þess vegna er ekki alltaf best að veðja á ódýrasta kostinn," segir hann og bendir á að Egill Árnason sé með einstakt úrval framleiðenda og bjóði þannig upp á heildarlausnir fyrir allar tegundir af parketi og viðhaldi á því. Hann nefnir sem dæmi Baltic Wood, sem bæði fagmenn og fagurkerar þekki, enda hafi það verið á íslenskum markaði lengi. „Egill Árnason býður upp á breitt úrval af plankaparketi og þriggja stafa parketi frá Baltic Wood og fylgir öllum seldum gólfum þrjátíu ára verksmiðjuábyrgð," upplýsir Ásgeir. Þess ber að geta að allt viðarparket frá Agli Árnasyni er með viðarlæsingu sem hentar vel íslenska rakanum og kemur með íslenskum leiðbeiningum. „Að sjálfsögðu eru allir fylgihlutir, svo sem hljóðeinangrandi undirlag, undirlag fyrir gólfhita, gólflistar og aðrir frágangslistar, fáanlegir hjá okkur."

Sumir kjósa heldur að líma gólfið en að leggja það fljótandi. Ásgeir segir til lausnir í því bæði fyrir gólf með gólfhita og venjuleg gólf. „Þýski framleiðandinn Kiesel er án efa leiðandi á sínu sviði og frá honum má finna lausnir til að líma hvaða parket sem er," segir Ásgeir og bendir á að sölusérfræðingar Egils Árnasonar veiti góðar upplýsingar um hinar margvíslegu lausnir sem séu í boði við niðurlímingu á parketi.

Ásgeir segir gegnheilt parket aldrei fara úr tísku. Hjá Agli Árnasyni er seld hágæðaframleiðsla frá Junckers en mikið úrval viðartegunda er í boði. Algengast er þó að menn velji eik og ask.

„Gegnheila parketið er allt fáanlegt sem stafaparket og í heilum plönkum," upplýsir Ásgeir og bendir einnig á að Junckers-parketið þekki flestir en það megi meðal annars finna í flestum íþróttahúsum landsins.

„Gott viðhald á parketi er einnig mjög áríðandi," segir Ásgeir. Hann bendir á að réttu efnin sé að finna í Agli Árnasyni, hvort sem ætlunin sé að lakka gólf eða þrífa þau.

Aðeins fyrsta flokks gæði

Egill Árnason selur ekki aðeins parket. Flísar eru einnig stór hluti af fyrirtækinu sem er í dag eitt af leiðandi fyrirtækjum þegar kemur að sölu á flísum og fylgiefnum. Úrvalið er mikið, yfir 200 sýnishorn eru í sýningarsal en þar má finna allt frá smáum 1x1 cm mósaíkflísum til 90x120 cm flísa.

Flísarnar eru framleiddar í ýmsum löndum, til dæmis á Ítalíu, Spáni og í Þýskalandi. Kemur það mörgum viðskiptavinum Egils Árnasonar á óvart hversu lítill verðmunur er á hágæðaframleiðslu og lágæðaframleiðslu en hjá Agli Árnasyni er lögð mikil áhersla á að bjóða eingöngu upp á fyrsta flokks vörur bæði í flísum og parketi.

Fyrir utan góðar flísar þurfa gæðin einnig að stemma í öllum fylgiefnum á borð við flísalím, fúgur, kítti og krossa en Egill Árnason selur slíkar vörur frá framleiðandanum Kiesel.

Starfsmenn Egils Árnasonar ráðleggja viðskiptavinum ekki eingöngu um val á flísum heldur einnig hvernig þær megi þrífa og meðhöndla auk alls annars sem viðkemur flísum. Til dæmis er boðið upp á lausnir fyrir þá sem eru í vandræðum með yfirborðið á gömlum flísum eða náttúrusteini. Mikið úrval er af yfirborðsefnum sem húða flísar frá fyrirtækinu Möller Chemie en slík efni auðvelda mjög þrif á flísum. Möller Chemie er einstakt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að loka yfirborði flísa og náttúrusteins þannig að óhreinindi nái ekki að festast í flísunum.

Egill Árnason er með vörur eins og fúgur, kítti og krossa frá Kiesel.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439
og Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411.

„Fólk vill fá parket sem er með smellukerfi bæði á hlið og endum," segir Þorgeir Björnsson í Parket & gólf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eikin er í aðalhlutverki

Þeir sem leita að gólfefnum ættu að líta við á jarðhæðinni í Ármúla 32. Öðrum megin gangsins er Parket & gólf sem býður úrval af parketi og þiljum. Hins vegar er Stepp sem leggur áherslu á teppi, vínyl- og línóleumdúka. Þorgeir Björnsson er maðurinn á bak við báðar búðirnar.

„Hér erum við með efni frá þýskum, finnskum, austurrískum og hollenskum framleiðendum en sækjum ekki vörur austur til Asíu," segir Þorgeir þar sem hann stendur innan um viðarþiljurnar í Parket & gólf. Hann segir evrópska framleiðslu á gólfefnum höfða til Íslendinga og þar sé eikin í aðalhlutverki. „Það er eikin sem passar í 80 prósentum tilfella með innanstokksmunum og innréttingum Íslendinga," segir hann og bendir á ýmsar tegundir í þeirri deild sem eru með mismunandi lit og heita hver sínu nafni. Eik Rústik er til dæmis kvistuð.

Parketið er bæði gegnheilt og fljótandi. Þorgeir segir fólk kaupa meira fljótandi parket nú en áður því undirleggið undir það sé orðið svo vandað og högghljóðdeyft, enda kveði byggingarreglugerðir á um slíkt. „Þetta hljómar allt öðruvísi en gerði í gamla daga. Það eru ekki þessi holu, hvellu hljóð sem koma fram þegar gengið er á efninu," útskýrir hann.

Þorgeir ber líka lof á nýja smelluparketið. „Fólk vill fá parket sem er með smellukerfi bæði á hlið og endum," útskýrir hann. „Það er miklu auðveldara að leggja svoleiðis efni en það sem er slegið saman. Nú er því bara smellt."

Þótt eikin sé vinsæl kveðst Þorgeir einnig selja aðrar tegundir. „Við sinnum auðvitað sérpöntunum og getum útvegað hvaða viðartegund sem er og allt þetta algengasta eigum við undantekningarlaust til á lager," tekur hann fram.

Harðparketið er líka til í ýmsu viðarlíki í versluninni Parket & gólf. Þorgeir segir margt af því svo raunverulegt að með ólíkindum sé. Nefnir sem dæmi 8 mm þykkt harðparket sem sé afburðafallegt og gott efni. Nýjasta afurðin í dag er plankaharðparket sem er 25 cm breitt. „Maður þarf að skoða það virkilega grannt til að sjá að það sé ekki raunverulegur viður," segir sérfræðingurinn.

Teppin bæta hljóðvistina

Starfsfólk Stepps við Ármúla 32 hefur einbeitt sér í gegnum árin að því að selja teppi, vínyl- og línóleumdúka. Mest í sameignir í fjölbýlishúsum, stofnanir, hótel og gistiheimili.

Eigandinn Þorgeir segir einnig mikið um að fólk fái sér teppi í híbýli sín. „Það er staðreynd að í mörgum nýjum húsum með mikla lofthæð, hörð gólfefni, veggi úr gifsi og stóra glugga verður svo mikill glymjandi að fólk tekur teppi í mottur til að bæta hljóðvistina."

Þorgeir hefur mikla reynslu af sölu stigahúsateppa og lýsir ferlinu svo: „Við sendum mann á svæðið sem mælir gólfin og í framhaldinu gerum við tilboð í verkið. Það er án kostnaðar og án skuldbindingar fyrir viðskiptavininn sem þannig fær nákvæmlega að vita hvað teppi kostar til dæmis á einn stigagang án þess að gera annað en leggja fram beiðni um það. Ef honum líst vel á tilboðið þá verðum við glaðir en ef hann kýs að eiga sín viðskipti annars staðar þá óskum við honum bara velfarnaðar."

Úrvalið hjá Steppi af teppum og dúkum er ósvikið, eins og Þorgeir Björnsson eigandi sýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Slitsterkt teppi í frískandi lit á stigagangi fjölbýlishúss.

ÚTSALA!
40% afsláttur
Þriggja stafa eikarparket frá Parador
Fullkomið 5G smellukerfi sem sparar þér tíma og fyrirhöfn.
Nú 3.741 kr. m²
~~Áður 6.235 kr. m²~~

ÚTSALA!
35% afsláttur
Eikarplanki 8 mm slitsterkt harðparket með 25 ára ábyrgð.
Nú 1.788 kr. m²
~~Áður 2.750 kr. m²~~



PARKET & GÓLF
SÉRFRÆÐINGAR Í GÓLFEFNUM
Stepp | Ármúla 32 · 108 Reykjavík
Sími 568 1888 · Fax 568 1866 · www.pog.is

Allt sem þarf til múrverks

Fyrirtækið BM Vallá að Breiðhöfða 3 selur allt til múrverks: sement, sand, blöndur, tæki og tól.

Hjá BM Vallá starfa fagmenn með áralanga reynslu að baki sem eru boðnir og búnir að liðsinna viðskiptavinum eftir fremsta megni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BM Vallá hefur um árabil gegnt forystuhlutverki í framleiðslu fyrir íslenskan byggingavörumarkað, en meðal þess sem fyrirtækið býður upp á er allt til múrverks. Ari Sigfússon, deildarstjóri múrdeildar hjá BM Vallá, er öllum hnútum kunnugur um vöruframboðið.

„BM Vallá státar meðal annars af eigin múrvörum, tilbúnum blöndum undir merkjum Ímúr. Þetta eru sprautublöndur, múrblöndur, steiningarlím og flísalím, blöndur til viðgerða, gólfblöndur, flot og fleira," lýsir Ari og segir góða reynslu komna á vörurnar, sem hafa verið á markaði í meira en tuttugu ár. „Þær eru enda hannaðar fyrir íslenskar aðstæður og miðaðar við íslenska verklagshefð, þarfir fagmanna hérlendis, eins og þeir hafa verið vanir að vinna gegnum tíðina."

Í því samhengi nefnir Ari að BM Vallá bjóði ekki aðeins upp á tilbúnar múrvörur heldur líka sand og sement fyrir þá sem kjósi að fara gömlu leiðina og eins sértækar tæknilegar lausnir fyrir flókin verkefni.

„Við seljum ekki aðeins lagervöru, heldur líka sérþróaðar blöndur fyrir tiltekin verkefni. Sem dæmi hönnuðum við bergfestuefni fyrir bílakjallarann í tónlistarhúsinu Hörpunni. Kjallarinn er festur niður með stálteinum og efnið frá okkur heldur þeim föstum í borholum í berginu, sem voru fullar af vatni og því talsverð áskorun að hanna sérstakt efni sem þoldi það."

Fleira býður BM Vallá upp á tengt múrverki, þar á meðal ýmis tæki og tól.

„Við erum með öll helstu handverkfæri fyrir múrara, pússningabretti, réttskeiðar, múrskeiðar og önnur áhöld frá Evrópu," telur Ari upp og getur þess að fyrirtækið selji líka múrdælur frá M-Tec í Bretlandi og PFT í Þýskalandi sem dæli tilbúnum sprautublöndum. „Til okkar er svo hægt að leita varðandi varahluti og viðgerð á dælunum," segir hann og tekur fram að í búðinni starfi fagmenn með mikla reynslu. „Við stílum fyrst og fremst inn á verktaka en þjónustum alla með góða ráðgjöf, tilboðsgerð og fleira."

Verslun BM Vallá er opin virka daga frá klukkan 8 til 17 yfir vetrartímann en frá 8 til 18 á virkum dögum á sumrin. Nánari upplýsingar er að finna á www.bmvalla.is.

Öll múrefni á einum stað

Fagmenn ráðleggja þér við valið í múrverslun okkar að Breiðhöfða 3

· Milliveggjaplötur úr íslenskum vikri
· Ímúr múrblöndur – úti og inni
· Ímúr flísa- og steiningarlím – þjálni og góð viðloðun
· Ímúr viðgerðarblöndur – í allar múrviðgerðir
· Ímúr gólffleyta – þjál og hraðharðnandi

Hlaðnir milliveggir úr íslenskum vikri eru sterkir og hagkvæmir. Þeir hafa um áratugaskeið sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður.

Beinn sími múrverslunar er 412 5040

Íslensk hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

VOTTAÐ GÆÐAKERFI ÍST ISO 9001

Söludeild Fornalundi, Breiðhöfða 3, sími 412 5050
Söludeild Akureyri, sími 412 5202
Söludeild Reyðarfirði, sími 412 5252
Netfang: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

bmvalla.is

Tækin spara sporin

Í verslun BM Vallár að Breiðhöfða 3 er rekin sérstök tækja- og áhaldaleiga. „Þar bjóðum við til dæmis flutningsbíla með mjög afkastamiklum dælubúnaði undir eigin gólfblöndur og getum afgreitt mikið magn af floti í einu, hæglega flutt þrjátíu tonn á staðinn í einu sem er keyrt úr sílóum. Blandan kemur tilbúin úr slöngu beint inn á gólf," segir Ari Sigfússon en tekur fram að fyrirtækið útvegi ekki fagmenn til að leggja efnið. „Nei, þá bendum við fólki á að snúa sér til fagfélaga."

Að hans sögn býður BM Vallá líka upp á flutningatækni fyrir múrefni í stærri verkefni. „Við getum afhent pússningarmúr í flutningssílóum, erum þá með sérstakar þurrblástursvélar sem skila efninu þurru inn í hús í múrdælu hjá múrara," lýsir hann og segir þennan valmöguleika hafa ýmsa kosti í för með sér. „Með þessu móti losna menn til dæmis við óþarfa burð, pappírsumbúðir og óhreinindi, þannig að þetta sparar fyrirhöfn og óþarfa tímaeyðslu," bendir hann á.

Tækja- og áhaldaleiga BM Vallá er höfð opin alla virka daga frá klukkan 8 til 17 á veturna, og frá klukkan 8 til 18 virka daga á sumrin.

Ari segir fyrirtækið geta afgreitt mikið magn af floti í einu í sérstökum sílóum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hér stendur Alexander Þórsson, sölumaður hjá Þ. Þorgrímssyni, á spennandi og fjölbreyttu úrvali korkplatna frá portúgalska framleiðandanum Amorim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mjúkur, hlýr og notalegur

Korkur er frábært gólfefni sem allar kynslóðir aðhyllast og nú sem aldrei fyrr.

„Korkur er alltaf jafn vinsæll og sækir nú mjög í sig veðrið enda einstakt gólfefni með fágæta eiginleika," segir Alexander Þórsson, sölumaður hjá Þ. Þorgrímssyni í Ármúla 29 sem byrjaði að selja einangrunarkork árið 1953 og kork sem gólfefni það herrans ár 1967.

„Korkur er mjúkur undir fót, hljóðdempandi og einangrandi og 100 prósent náttúrulegt gólfefni af sjálfbærum eikartrjám. Hann er tekinn utan af stofni trésins á níu ára fresti og vex til fullnustu aftur á því árabili, sem er einkar umhverfisvænt," segir Alexander sem býður yfir hundrað útfærslur korkgólfa í verslun Þ. Þorgrímssonar með fjölbreyttri litaflóru, munstrum og þykktum, en aðalstærðir korkplatna eru 30x60, 45x45 og 45x60 sentimetrar.

„Áður fyrr völdu Íslendingar kork að mestu á eldhúsgólf, enda þægilegt undirlag þegar staðið er við vinnu í lengri tíma. Nú hefur landslagið hins vegar gjörbreyst og fólk farið að leggja kork á alla íbúðina, sem kemur stórkostlega út. Margir trúa vart eigin augum þegar þeir skoða úrval korkgólfa í dag en sumar útfærslur eru eins og náttúrusteinflísar á að líta," segir Alexander um endingargott gólfefnið sem dugað getur mannsaldur.

„Nú er vinsælt að setja kork á barnaherbergi enda ákjósanlegur kostur vegna hlýju sinnar og notalegheita. Þá dregur hann mjög úr hættu á alvarlegum slysum vegna mýktar sinnar og mörgum þykir kostur að hann dregur úr hávaða þar sem til dæmis er skarkað í leikföngum," segir Alexander.

„Æ fleiri uppgötva nú hversu flottur korkur er sem fljótandi gólfefni á allt heimilið. Við finnum fyrir aukinni eftirspurn yngra fólks sem nú er að hefja búskap og ólst upp við kork, en það vill hafa gólfið eins og það var hjá mömmu," segir Alexander.

„Okkar korkur kemur frá portúgalska framleiðandanum Amorim sem er einn sá stærsti í heiminum, með 130 ára starfsreynslu. Íslendingar þekkja gæðin vel enda höfum við verslað með hann í hartnær fimmtíu ár, og nú þykir ekki verra hversu orkusparandi hann er," segir Alexander og upplýsir vinsælustu litina nú.

„Í korkinum eru dekkri litir, alveg út í svart, sem og alveg út í hvítt vinsælastir, og sígildir náttúrulegir, ljósbrúnir litir."

Þ. Þorgrímsson er í Ármúla 29. Heimasíða er www.korkur.is.

Vínylkorkur það heitasta

„Meðal heitustu nýjunga í gólfefnum nú er vínylkorkur, sem er eins konar smelluparket með vínylhúð," segir Alexander Þórsson, sölumaður hjá Þ. Þorgrímssyni sem er eini aðilinn á gólfefnamarkaði sem selur þessa nýstárlegu gólflausn.

„Vínylkorkur samanstendur af tveimur lögum af korki, smellubúnaði eins og fólk kannast við í parketi, en efsta lagið er úr vínylhúð, sem er gríðarsterkt efni. Við byrjuðum að selja vínylkork úr Alaskaeik í fyrra og vissum ekkert hvað við værum að fara út í, en hún varð strax svo vinsæl að við ákváðum að bæta við línuna, sem nú fæst í fimm litum: alaskaeik, hvíttaðri eik, reyktri eik, Provence-eik og evrópskri eik," upplýsir Alexander um þetta sjóðheita gólfefni.

„Vínylkorkur er afar flottur, nýr fyrir augað og aðeins öðruvísi en fólk á að venjast, en þó með mjög sjarmerandi og gamaldags útliti að sjá. Við veðjum á að hann verði æ vinsælli valkostur og fólk af öllum kynslóðum fellur fyrir honum. Hann hentar hvarvetna þar sem viðarárferð kemur fallega út og það er leikur einn að leggja hann, en það þykir fólki mikilvægt í dag," segir Alexander og víst er að ekki skemmir fyrir að vínylkorkur kemur með áföstu undirlagi svo ekki þarf að fjárfesta aukalega í því, límið og öðru sem gjarnan fylgir gólfefnakaupum.

„Vínylkorkur er skemmtileg, hlý og notaleg afurð frá Amorim í Portúgal sem enn eykur á útfærslu korkgólfa og þróar nýjar gólflausnir."

Vínylkorkur er slitsterkur og fallegur, með gamaldags viðargólfsútliti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kork gólfefnin hafa einstaka eiginleika frá náttúrunnarhendi, þau eru mjúk, hljóð og höggdeyfandi ásamt því að draga úr gólfkulda.

Gólfin eru alltaf hlý að ganga á, náttúrukorkurinn dregur úr gólfkulda og bætir hljóðvistina.

Við eigum til yfir 100 gerðir af korkgólfefnum, það ættu allir að finna eitthvað sem passar við þeirra smekk og vistarverur

Komið og skoðið nýjustu korklínuna í verslun okkar að Ármúla 29, 108 – Rvk. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 08:00 til 18:00

Byggingavöruverslun
Þ. Þorgrímsson & Co.
Ármúli 29 | 108 Reykjavík | Sími 512 3360
www.korkur.is

Bona Sprey Moppan

Nýtt á Íslandi

- Auðvelt að fylla á.
- Rétt blönduð sápa.
- Skilur ekki eftir ský á gólfi.
- Hentar öllum gerðum af viðargólfum, flísum og gólfdúkum.
- Takmarkar vatn á parketi.
- Umhverfisvænt.
- Ofnæmisprófað.
- Yfir 1.500.000 stk seld í USA.

Tilboðsverð í febrúar 5.900,-

Innifelur: Sprey moppu, festiplötu m.rifslás, Örtrefjamoppu og ph hlutlausa sápu.

Gólfefnaval

Gólfefnaval ehf • Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík • Sími 517 8000

Sama hvað gengur á!

Hægt er að fríska upp á gömul og slitin parketgólf með heildarlausnum Bona frá Gólfefnavali.

Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavals, með Bona Care spreymoppuna og fleira frá Bona sem framkallar það besta í viðargólfum og lengir líftíma þess um árafjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Sífellt verður vinsælla að fríska upp á gamalt parket enda góður valkostur með endalausar útfærslur lita og lakks í boði," segir Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavals, sem sendir fagmenn heim til fólks í slíkum hugleiðingum.

„Heildarlausnir Bona henta hvaða viðargólfi sem er. Starfsmenn Gólfefnavals mæta á staðinn, taka út verkþáttinn og leggja lausnir fyrir viðkomandi. Þá bjóðum við einnig rykfría parketslípun, með Bona-vélbúnaði, en eftir hana þarf varla að þurrka af þótt framkvæmdir hafi verið miklar," segir Gunnar Þór.

„Við notum eingöngu umhverfisvæna vöru og engin spilliefni. Rykfría slípun framköllum við með Bona DS 79 ryksugu, afrafmögnuðum sandpappír og parketslípivélum. Allur tækjabúnaður kemur frá Bona í Svíþjóð, eins og litirnir og lökkin, en Bona er einn stærsti framleiðandi umhverfisvænna lakka í heiminum og hefur verið starfrækt frá árinu 1919," segir Gunnar Þór.

Gólfefnaval er í samstarfi við Félag íslenskra parketlagningamanna og heldur reglulega námskeið hérlendis og erlendis til að viðhalda góðri vinnuþekkingu.

NÚTÍMALEG ÞRIF SEM VIÐHALDA FALLEGU VIÐARGÓLFI UM LANGA TÍÐ

„Bona ræstingalínan er hluti af vöruþekkingu sem byggð er á yfir 90 ára reynslu Bona í meðferð viðargólfa. Til margra ára vann Bona með framleiðendum ræstingaefna að lausnum fyrir viðargólf en þeir höfðu ekki það sama að leiðarljósi. Því hóf Bona framleiðslu á eigin ræstingalínu. Reglubundin þrif eru lykilatriði til að halda viðargólfi fallegu árum saman. Áður voru þrifin leiðindaverk með tusku eða moppu, og fötu með hreinsiefni og vatni sem reyndi bæði á bak og þrek. Þetta er liðin tíð. Með nýju Bona spreymoppunni er einfaldlega úðað á gólfið og strokið yfir, einfalt og þægilegt sem skilar góðum árangri," segir Gunnar Þór.

Í dag vinnur Bona með stærstu parketframleiðendum heims og því hægt að treysta að vörulína þeirra hentar fyrir öll parketgólf.

„Spreymoppan gerir þrifin svo skemmtileg að 11 ára tvíburunum mínum hefur aldrei þótt eins gaman að skúra herbergin sín. Hönnun hennar miðast við rétt álag á háls og bak, og lipur og snúanlegur moppuhausinn auðveldar þrif á erfiðum stöðum. Á moppustönginni sjálfri er handhægur brúsi með Bona Care ræstingarefni og því einfaldlega úðað eftir þörfum á gólfflötinn þar sem moppan tekur við því. Sé parketið rispað eða snjáð er svo leikur einn að endurnýja gljáa þess með Bona Refresher eða Freshen Upgljáa."

GALLERY GÓLF | HEIMA HÚSIÐ
PARKET & FLÍSAR

Síðumúla 30 2. hæð - 108 Reykjavík
Sími 562 4242 - www.gallerygolf.is
Opið virka daga 10-18 - laugardaga 11-16

Gegnheilar ítalskar flísar

Gallerý Gólf er ný sérverslun með parket og flísar. Verslunin sérhæfir sig í stórum stærðum, plankaparketi og gegnheilum flísum.

„Við hjá Gallerý Gólfi bjóðum upp á góða vöru á góðu verði," segir Sigurður Vilhelmsson, eigandi Gallerý Gólfs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég opnaði síðastliðið sumar verslun þessa og við sérhæfum okkur í stærri einingum, eins og flísum í stærð 60x60 cm og 45x90 cm. Að sjálfsögðu erum við með minni stærðir eins og 30x60 cm. Einnig getum við boðið flísar í ennþá stærri stærðum eins og 90x90 cm og 60x120 cm. Sýnishornin í versluninni eru einnig stærri en gengur og gerist og við skerum okkur úr að því leyti," segir Sigurður Vilhelmsson, eigandi Gallerý Gólfs.

Ein af nýjungunum í verslun-inni er gegnheilar flísar frá ítalska framleiðandanum Cercom sem Sigurður segir reynast mjög vel. „Þetta eru gæðaflísar, gegnheilar og afréttar, hægt að leggja með mjög grannri fúgu og má nota bæði úti og inni.

Nýja línan frá Cercom inniheldur mjög fallegar flísar í hlýjum jarðlitum. Jarðlitir eru mjög vinsælir í dag hjá arkitektum. Það er heldur ekkert því til fyrirstöðu að leggja þessar flísar á veggi þó að þær séu framleiddar sem gólfflísar. Við sjáum mikið af því að arkitektar velji þessar gólfflísar á veggi og láti þær til dæmis flæða frá gólfi og upp á veggina inni á baðherbergum," segir Sigurður og segir flísarnar einnig þægilegar hvað viðhald varðar.

„Þær þurfa ekkert viðhald, ólíkt náttúrusteininum sem þarf reglulega að bera á; það er nóg að strjúka yfir þær með volgu vatni og örlítilli sápu."

Úrvalið af plankaparketi í Gallerý Gólfi er breitt. Sigurður segir útlit parkettsins alltaf að verða fjölbreyttara í litum þó að viðartegundum fjölgi ekki.

„Viðartegundum sem slíkum hefur fækkað. Framleiðendur nota mikið eik og lita hana á ýmsan máta, í dökku eins og hnotu, hvíttaða og burstaða sem gefur grófa og náttúrulega áferð. Það er hægt að fá alls konar áferðir og útlit á eikina og við erum til dæmis með fimmtán mismunandi útfærslur á eikinni hjá okkur. Við erum einnig með gott úrval, bæði af hefðbundum plönkum og svokölluðum antikplönkum með gróf-ara yfirborði. Eins bjóðum við skemmtilega línu með mismunandi breiðum borðum, til dæmis 10 sentimetra, 15 og 20 sentimetra breið, hvíttuð og olíuborin."

Sigurður segir verslunina hafa gengið vel frá opnun. „Við hjá Gallerý Gólfi bjóðum upp á góða vöru á góðu verði."

Sigurður er einnig hafsjór af upplýsingum þegar kemur að ráðleggingum hvað varðar gólfefnaval. „Ég hef starfað við þetta í tæpa fjóra áratugi en ég byrjaði árið 1973 í Málaranum í Bankastræti. Hef sérhæft mig í gólfefnum eins og parketti og flísum síðastliðin tuttugu ár."

Svanur M. Gestsson segir KJARAN Gólfbúnað bjóða upp á gott úrval vandaðra gólfefna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hlýir og hljóðeinangrandi

Þeir fást í ýmsum útgáfum og eru bæði hlýir og hljóðeinangrandi, heimilisgólfdúkarnir frá Forbo Flooring Systems sem KJARAN Gólfbúnaður selur. Svo eru þeir líka auðveldir og léttir í þrifum.

KJARAN Gólfbúnaður selur vönduð gólfefni og býður meðal annars eitt stærsta úrval heimilisgólfdúka á landinu. „Hjá okkur fást ýmsar gerðir heimilisgólfdúka frá hinum þekkta framleiðanda Forbo Flooring Systems, sem er einn sá stærsti á sínu sviði í Evrópu," segir Svanur M. Gestsson, starfsmaður hjá KJARAN. „Þar á meðal eru svokallaðir stepp-dúkar, eða öryggisdúkar, og smaragd-dúkar, sem eru fjölnota og henta í fyrirtæki, á ganga, í baðherbergi og fleira."

KJARAN hefur selt heimilisgólfdúka frá Forbo Flooring í fjölmörg ár og því er komin góð reynsla á þá hérlendis að sögn Svans. „Við höfum verið með þá í marga áratugi enda eru Íslendingar fyrir löngu búnir að átta sig á þeim kostum sem slíkir dúkar búa yfir."

Í því samhengi nefnir hann flott og fjölbreytt útlit. „Útlit og hönnun getur verið bæði hefðbundið eins og náttúruleg gólfefni eða óhefðbundið í lit og mynstrum eins og fólk óskar." Hann segir fjölbreytnina gefa fólki óendanlega möguleika á að hanna og aðlaga híbýli sín eftir smekk og þörfum. „Svo er tiltölulega einfalt að leggja þessa

Heimilisdúkar frá Forbo Flooring Systems fást í versluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

dúka með leiðbeiningum frá okkur, andstætt við Línóleumparket þar sem kalla þarf fagmenn til verksins en við erum með lista yfir þá."

Þá segir Svanur einn helsta eiginleika heimilisgólfdúka vera hljóðdempandi eiginleika. „Yfirleitt eru þeir 16 desíbíl, gegnumsneiddir og svona tveggja, þriggja og fjögurra metra breiðir og því hægt að leggja þá án samskeyta í sum rými," útskýrir hann og getur þess að þetta stuðli að hreinu og heilsusamlegu og ekki síður rólegu og afslöppuðu umhverfi, sem reynist oft öllu erfiðara með hörðum gólfefnum.

„Það má líka nefna að heimilisgólfdúkarnir eru mjög auðveldir og léttir í þrifum, eru með sérstaka viðhaldshúð sem hindrar að óhreinindi festist við yfirborðið. Það þarf því bara rétt að moppa yfir með volgu vatni og pínulítilli sápu, þá er þetta komið," segir Svanur og nefnir loks að andstætt flísum og parketi séu dúkarnir hlýir undir fæti, sem skapi vellíðan við leik og störf á heimilinu.

● **MOTTUR** KJARAN

Gólfbúnaður sérhæfir sig í dyramottum og hreinsimottum fyrir heimili, fyrirtæki og fjölbýlishús. Góðar dyramottur koma í veg fyrir að óhreinindi berist inn á gólf og valdi sliti og skemmdum á gólfefni. En ræsting gólfefna er stærsti daglegi kostnaðarliðurinn í rekstri fasteigna og húsnæðis. KJARAN býður rakasogandi og rykhindrandi mottur úr gúmmíi, „spagettí" og kókos, sem er 100 prósent náttúrulegt efni með mikinn þrifeiginleika.

● **LÍNÓLEUM PARKET**

Marmoleum Click eru gólfborð og flísar klæddar með línóleumdúk. Efnið þarf ekki að líma. Því er smellt saman á köntunum og því auðvelt að leggja það. Marmoleum Click fæst í miklu litaúrvali og því auðvelt að búa til munstur og útlit að eigin smekk. Línóleum parket er gert úr náttúrulegum korki og línolíu sem hleður upp hita. Efnið er því hlýtt og án kulda sem oft fylgir steinflísum og lökkuðu parketi og uppfyllir gæðastaðla Nature Pulse-umhverfismerkisins sem gerir meiri kröfur en Svansmerkið um innihald og sjálfbærni. KJARAN Gólfbúnaður vinnur með löggiltum dúklagningamönnum sem bjóða fulla ábyrgð á öllum sínum verkum.

Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn

Eldhúsið
hjarta heimilisins

Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft

Forstofan
einfaldara verður það ekki

Stofan
alltaf jafn heimilislegt

Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti

Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Forbo FLOORING SYSTEMS

Sérverslun með gólfdúk og teppi

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

Eggert Gottskálksson, framkvæmdastjóri Harðviðarvals. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Laga sig að breyttum þörfum viðskiptavinanna

Harðviðarval á Krókhálsi 4 státar af stærsta parketsýningarsal landsins og þar er áherslan lögð á að koma til móts við þarfir viðskiptavina, hvort sem fjárráðin eru mikil eða lítil og hvort sem ráðist er í allsherjar gólfefnalagnir eða viðgerðir og viðhald.

„Harðviðarval er fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1978, og hefur síðan lagt sig fram um að koma til móts við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma og leggja áherslu á góða þjónustu. Við viljum að viðskiptavinurinn fái alla þá aðstoð og ráðleggingar sem hann þarf á að halda," segir Eggert Gottskálksson, framkvæmdastjóri Harðviðarvals. „Við erum með gríðarlegt úrval af plastparketi, harðparketi og viðarparketi í öllum verðflokkum. Við erum með stærsta parketsýningarsal landsins og sýnum parketið allt á gólfi, það stendur ekki upp á rönd, þannig að fólk sér nákvæmlega hvernig parketið kemur til með að líta út þegar búið er að leggja það. Úrvalið er mjög fjölbreytt, við erum með tugi gerða og ættu allir að geta fundið það sem þeir leita að hjá okkur."

Eggert segir að vissulega hafi viðskiptin breyst í kjölfar hrunsins, en þó ekki minnkað að ráði. „Það sem við höfum verið að gera upp á síðkastið er að mæta því að fjárráð fólks hafa minnkað og áherslurnar breyst," segir hann. „Við lögum okkur að því og getum boðið þær vörur sem markaðurinn biður um. Markaðurinn hefur breyst, fólk er meira að laga til og gera upp heldur en að leggja nýtt parket á alla íbúðina og sjálfsagt að koma til móts við það."

Auk þess að selja fjölbreytt úrval gólfefna selur Harðviðarval innihurðir, bæði innfluttar, sérsmíðaðar innlendar og yfirfelldar innihurðir. „Við erum með mjög gott úrval af innihurðum í stórum sýningarsal," segir Eggert. „Við erum bæði með yfirfelldar innihurðir og sérsmíðaðar íslenskar innihurðir í öllum stærðum og gerðum, spónlagðar, hvíttaðar eða sprautaðar. Og ef svo ólíklega vill til að viðskiptavinurinn finnur ekki hurð við sitt hæfi hjá okkur þá getum við sérsmíðað nánast allt sem beðið er um eftir máli."

Heimasíðan parket.is vinsæl úti á landi

Heimasíða Harðviðarvals, parket.is, var nýlega tekin í gegn og er nú aðgengilegri en nokkru sinni fyrr. „Við tókum heimasíðuna alveg í gegn," segir Eggert. „Hún er nú mjög aðgengileg fyrir fólk og það getur séð myndir af öllum parketgerðum sem við bjóðum. Það er mikið hagræði að því að geta séð úrvalið á einum stað, skoðað myndir í rólegheitum heima hjá sér og gert sér grein fyrir heildarútkomunni. Við erum ekki með nema eina búð þannig að þjónusta okkar við landsbyggðina fer alfarið fram í gegnum heimasíðuna. Viðskiptavinirnir hafa tekið mjög vel í þetta og sala í gegnum netið aukist töluvert í kjölfarið."

Eggert segir fólk nota sér síðuna mjög mikið og sé mjög ánægt með að geta séð úrvalið á einum stað hvar sem það er statt á landinu. „Við sendum svo parketið hvert á land sem er, keyrum það frítt á flutningsstöðvarnar og sjáum svo um að koma vörunni til fólks úti á landi."

Heimasíða Harðviðarvals, parket.is, er nýuppgerð og mjög notendavæn.

HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn

NISSAN MICRA VISIA . Árgerð 2005, ekinn 81 Þ.KM, BENSÍN, sjálfskiptur Verð 1.180.000. tilboð 950.000 kr Rnr.101954

HONDA CR-V STW 4WD ADVANCE 147H.Ö.. Árgerð 1999, ekinn 162 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 750.000. Rnr.220682

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Vorum að fá nýja sendingu af rafmagnsvespum. Verð 149,900.- Erum flutt að Laugavegi 168, í brekkunni við hliðina á ríkisskattstjóra.

City Runner ehf
Laugarvegur 168, 105
Reykjavík
Sími: 567 1040
Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.

TOYOTA SELFOSSI

TOYOTA COROLLA WAGON 1,6, raðnr 273180, nýskr 5/2003, ek 128.000, beinsk, ásett verð 990.000. A.T.H er á staðnum.

TOYOTA YARIS TERRA, raðnr 273300, nýskr 5/2003, ek 144.000, beinsk, ásett verð 690.000. A.T.H er á staðnum. Möguleiki á 90% fjármögnun.

MMC PAJERO INT.TURBO DIESEL 33", raðnr 273269, nýskr 8/1996, árg 1997, ek 286.000, sjálfsk,disel, Ásett verð 490.000. A.T.H er á staðanum, möguleiki á 100 % fjármögun

HYUNDAI GETZ GLS 90% LÁN, raðnr. 139288, nýskr 5/2008, ek 70.000, beinsk, ásett verð 1.290.000, möguleiki á 90% fjármögnun. A.T.H er á staðnum.

OPEL CORSA ENJOY H/B 90% LÁN, raðnr 139320, nýskr 6/2008, ek 65.000, beinsk, ásett verð 1.490.000. möguleiki á 90% fjármögnun. A.T.H er á staðnum.

SUBARU LEGACY WAGON GL 4WD, raðnr 115093, nýskr 11/1999, ek 200,000. Sjálfsk, ný dekk, ásett verð 590.000. möguleiki á 100% fjármögnun. A.T.H er á staðnum

TOYOTA HILUX DOUBLE CAB D/C, ÁRG 2010, raðnr 139146, nýskr 4/2010, ek 17.000, sjálfsk, disel, leður, beisli, ásett verð 6.290.000. A.T.H er á staðnum. Bill með nýju skiptingunni. Vel útbúinn bill.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

750 Þ STGR
HYUNDAI GETZ 1.4 GLS 4/2004 BEINSKIPTUR SPARIBAUKUR EK 97 Þ KM GOTT EINTAK Á AÐEINS 750 Þ STGR Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

Arnarbílar ehf
Hamarshöfða 1, 110
Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100bilar.is bílasala

M.Benz ML 320 Cdi, árg. 12/2006, ek. 66þús.km, sjálfsk, dísel, leður, rafmagn, omfl., Mjög sparneytinn og flottur umboðsbíll, Ný heilsársdekk, Ásett verð 6990þ.kr, bíllinn er í salnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Nissan Terrano árg. ,97 ek. 158 þús. km. Beinsk., leður, topplúga, upphækkaður. Bensín. V. 500 þús. S. 896 3044.

Til sölu Isuzu D-Max, crew cap, árg. 2008, ekinn 58þ, 5 manna, sjálfskiftur, 35" breyttur, Rhino klæðning í palli, góð dekk, kastaragrind, lítur út eins og nýr, verð 3990þús, skifti á ódýrari. Uppl. í s. 892 1116.

Avensis 2006, 1800 SOL. Ekinn 87þ. Álfelgur, sumardekk og nagladekk. Ásett verð 1.990 þús. Uppl. í s. 844 4864.

!!! TILBOÐ 450Þ TILBOÐ !!!
Subaru Legacy Wagon 4x4 2.0 sjálfskiptur árgerð 2001 ek. 230 sk 2011 búið að skipta um tímareim uppl. s 777-3077.

Til sölu Ford Escape XLT, árg. 2008, ekinn 35 þ.km, sjálfskiptur með dráttarkúlu. Verð kr. 3.590.000. Uppl. veitir Helga í síma 893 1712.

BMW X5 4.4 L. 2001 árgerð. 2,7 millj. Tilboð 2,3 millj. Toppeintak. S. 699 2120.

Til sölu Subaru Legacy árg. ,97 sk. ,11, ný nagladekk ek. 202þ. verð 280þ. S. 659 9294.

Toyota Carina station ,96. 2,0 Ek. 240 þús. bsk. Vetradekk Verð 250 þús. S. 863 3474.

0-250 þús.

!!!! Tilboðsverð 210þús !!!!
Opel Vectra station 1.6 árg. ,98, ekinn aðeins 148þús, beinskiptur, skoðaður, rúmgóður bíll sem eyðir litlu, eyðsla ca 8L/100, Tilboðsverð aðeins 210þús, uppl. í síma 659 9696.

!!! Ódýr Sjálfskiptur !!!
Mazda 323, árg ,96, ekinn 176þús, sjálfskiptur, rauður, góð dekk, bíll í fínu standi, tilboðsverð aðeins 190þús, uppl í s: 659-9696

!!! Sjálfskiptur !!!
Nissan Almera árg ,98, ekinn aðeins 135, ný skoðaður, sjálfskiptur, svartur, álfelgur, í góðu standi, Tilboðsverð aðeins 250þús uppl í s: 659-9696

Til sölu Volkswagen Golf GL Variant station. Árgerð 1998. Keyrður 160000 km. Sjálfskiptur. Verð 250 000 kr. Sími 8677674. sigginn@live.com

250-499 þús.

Sjálfskiptur 4x4 TILBOÐ!
KIA SPORTAGE 2.0 4x4 árgerð ,00 Sjálfskiptur,ek.108 þús, dráttarkrókur ný skoðaður, og vel með farinn,ásett verð 540 þús TILBOÐ 340 ÞÚS! s.841 8955

500-999 þús.

Volswagen Bora árgerð 2002 til sölu. Mjög góður bíll, ekinn 102 þús. Gott verð. Sími 895 6595.

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Kaupi bilaða bíla
Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

Vantar bíl!
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Sendibílar

568 5000 NS Nýja Sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Reiðhjól

Fyrir reiðhjól
Rafmagns mótorar „Kit" fyrir reiðhjól. Sími. 867 7866

Lyftarar

Palettu Lyftari til sölu í fullkomnu lagi Fyrirspurnir sendist á haffihar@simnet.is

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

Heli CPD25 2,5t 48V árg:2005 3m duplex mastur m/frílyftu 4ventla glussakista Uppl í s: 660 9552

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Erum að byrja að rífa VW Bora ,01, VW Caddy ,05, octavia 4x4, bensín og disel ,05 og ,07. Patrol ,96, Honda CRV 00, Terios 99, marga Benz bíla, Pajero, disel 99. Golf ,05, Ford Focus ,00, Renault traffic ,05 og Almera ,98. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

Hringbraut.is
Til sölu notaðir varahlutir í Honda, Peugot, Mazda, VW, Renault, M Benz, Citroen, Skoda, Range Rover Sport, Toyota, MMC , Kia. Kaupum bíla til niðurrifs. Hringbraut er þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð. Opið 8-17. Bogatröð 10. 260Rbæ. Uppl. s.420-1200.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í primera ,98. Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,'98, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,97 & ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Sunny ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Musso varahlutir.
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos,Galloper,Discovery,H1,Santa Fe,Nissan DC 97,Cherokee,Trooper,Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander, Impreza 97,Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

Viðgerðir

Pústkerfi - Sérsmíði - Vatnskassar - Demparar - Bremsur - Viðgerðir - Barkar og Kvarfakútar. Púst og Vatnskassar smiðjuvegi 4a (græn gatabak við N1) Sími 567 0840.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

HRAÐLAGNIR EHF
Pípulagingarþjónusta
Viðhald og breytingar eru okkar fag. Fljót og góð þjónusta. S: 662-6277.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Trjáfellingar
Snyrti tré og runna. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og
öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun

Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

Til sölu

Mercedes Benz ML 63 AMG

Mercedes Benz ML 63 AMG 511HÖ 2007 árg.
Ek. 78 þkm. Einn með algjörlega öllu. Skipti skoðuð.
Tilboð stgr. 9.480.000.-

diesel.is
Diesel.is, Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
S. 578 5252 www.diesel.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Febrúartilboð
Rafmagnsviðgerðir
smáviðgerðir
og breytingar
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

Smíðum eftir máli!
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmíðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Febrúartilboð á baðherbergjum
Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m², gólffleti
Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full málað loft.
Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu
Aðeins kr. 600.000. og 71.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 529.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.
Gluggatilboð, frábært verð.
Er gluggin fúginn eða lélegur.
Láttu okkur gera tilboð.
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

www.smidaland.is
Nýsmíði-viðhald-gluggar-hurðar-sólpallar-öll smíði. S. 772 0040.

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD NUDD NUDD. Exclusive Whole Body Massage For You in Down Town. S. 692 2126, Alena.

Whole body massage. S. 849 5247.

NEW NEW NEW ,MASSAGE IN DOWN TOWN ONLY FOR A WEECK! 24/7sim 8237042 ,8698602.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ
S. 823 8280 Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Spádómar

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
Opið alla virka daga

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Pípulagnir Arinbjarnar!
Allar almennar pípulagnir, nýlagnir, & skolplagnir.
Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa.
Að láta fagmann yfirfara hitakerfi húsa getur skilað allt að 20% orkusparnaði.
Áratuga reynsla í pípulögnum aðeins unnið af fagmönnum.
Pípulagnir Arinbjarnar
Flísaverk ehf verktakar.
897-5599

SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir
Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira.
Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

ALPAR TRÉSMÍÐI
SMÍÐA SÓLPALLA & SKJÓLGIRÐINGAR.
TILVALIÐ FYRIR SUMARIÐ.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir -Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

Þjónustuauglýsingar

UFO
ÖFLUGIR RAFHITARAR
1200 – 3200 kw fyrir veröndina, svalirnar, sumarhúsið ofl. Umbreytir 96% orkunar í hita. 30 sek að full hitna. 3 ára ábyrgð. Fást með fjarstýringu og á standi.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

ALPAR TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Málverkasafn til sölu
Einstakt tækifæri til að eignast falleg málverk eftir gömlu meistarana.
Kjarval, Ásgrímur, Erró , Alfreð Flóki, O.fl.
Frekari upplýsingar í síma 691-9351 eða í email rmr6@hi.is

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

Bjóðum úrval tækja til leigu
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

Útsalan í fullum gangi
20-50% afsláttur
Ynja undirfataverslun
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

XPRENT -merkir allt!
Prentun, merkingar, filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

DAKIN FLATHERS
Bandsagarblöð

Gabriel demparar í 40 ár
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

NEW HOLLAND CONSTRUCTION
Varahluta- og viðgerðarþjónusta
New Holland – O&K – Fiat – Fiat Hitachi
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar: 555 6670 / 892 3996 • www.velanaust.is

freud
Hjólsagarblöð
Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

Alla fimmtudaga

www.orlagalinan.is

Örlaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma

595 2001 & 908 1800

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Býð uppá símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

Trésmíði

2.is
BYGGINGAVERKTAKAR

Nýsmíði og viðhaldsþjónusta.

Tökum m.a. að okkur sumarbústaðasmíði, pallasmíði, hurða- og gluggaísetningar, þak- og utanhússklæðningar ásamt öllu almennu viðhaldi á fasteignum.

Nánari upplýsingar í síma 5 111 222

2 ehf • sími: 5 111 222 • email:2@2.is

Viðgerðir

BROTIN GLERAUGU ?
Gerum við allar gerðir málmumgjarða Verð frá 7.200
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

KEYPT & SELT

Til sölu

TILBOÐ í stærðunum 36 og 37
Dömumokkasíur úr leðri,og með skinnfóðri. Góður sóli. Verð: 2.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070

Upplýsingasíðan Hvítbók er til sölu.
Hvítbók (www.hvitbok.vg) er upplýsingasíða á veraldavefnum um hugsanlega aðal leikendur og gerendur vegna bankahrunsins á Íslandi. Fleiri þúsund manns skoða Hvítbók á hverjum degi. Tekjumöguleikar: Auglýsingar og skráning á erlendum tungumálum möguleg. Áhugasömum er bent á að senda fyrirspurnir og eða tilboð á hvitbok@hvitbok.vg Heimasíðan er ekki fáanleg til kaups fyrir útrásarvíkinga. hvitbok@hvitbok.vg

www.ljosin.net
Vasaljós - Höfuðljós
Leitarljós - Hjólaljós
S: 565 5000



Saltkristall
Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, uppþvottavélar,borð-uppþvottavél, 460l frystikista, tölvuflatskjár, sjónvörp, stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

KAUPI GULL!
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Hljóðfæri

Til sölu Hiiundai flygill uppl í síma: 847 0175.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Sími 512 5407

Gullmoli er inni í sal hjá okkur

LAND ROVER DISCOVERY II SE.
Árg 2003, ekinn 89 þ.km, bensin, Sjálfskiptur..
Verð 2.690. þús .
lán 1.250. þús Rnr.152360

Höfðabílar, Fossháls 27, 110 Rvk.
s. 577 4747 www.hofdabilar.is
HÖFÐABÍLAR

Frábær hádegisverðatilboð

Italiano Pizzeria

Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 - 4188

Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"

Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Bekkjarparty - Afmælis veislur

ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!

Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 &
861 2319

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Hjólbarða Grafarvogs verkstæðið

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

CARGO sendibílaleiga 566 5030
www.cargobilar.is

Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.

Krefst ekki meiriprófs réttinda

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

PÚST Hjá Einari

Setjum **púst**kerfi í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!

Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

Til bygginga

Verslun

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!!Kjólar, peysur, bolir. Emilía Bláu húsin Faxafenis: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Herbalife, fyrir alla. www.dagamunur.is Sendið SMS 8918902 eða asta@dagamunur.is

Nudd



TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Námskeið

Lærðu að hlaupa á léttari máta með Smart Motion hlaupastílnum www.smartmotion.org

Þjónusta

Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Hópferðabílar til allra ferða!
Trex - Hópferðamiðstöðin ehf er með rútur af öllum stærðum og gerðum, vel búnar til aksturs, sumar sem vetur og búnar öryggisbeltum. Hafið samband þegar þið undirbúið hópferðina ykkar! Trex - Hópferðamiðstöðin ehf Hesthálsi 10, 110 Reykjavík, info@trex.is - www.trex.is Sími: 587 6000

Útilegubúnaður

Vatnsheldar töskur og pokar 5 ára ábyrgð Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

Hestamennska

HESTAR & MENN

TILBOÐSDAGAR
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

LEIGUSALAR ATH ÞETTA!
Leiguhús.is er öflug leigumiðlun sem býður fjölbreytta þjónustu. Frían auglýsingar til fullrar þjónustu Skoðaðu www.leiguhus.is

Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Vilt þú vinna mikið og hafa góð laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl. í s 7732100.

Starfskraftur óskast
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

Íbúðahótel í 101 auglýsir eftir starfsfólki í þrif. Umsóknir: aparthotel101@yahoo.com

Starfsmenn óskast!
verktakafyrirtæki sem sér um viðhald og endurbætur vantar starfsmann í verkefnisöflun,tilboðsgerð og utanumhald verkefna. árangurstengd laun upplýsingar sendist á verkefnin@gmail.com

Fasteignir

Kjarninn Selfossi til leigu:

Ca. 1000 fermetra verslunarhúsnæði til leigu á götuhæð við hliðina á Krónunni. Mikill gestafjöldi í hverjum mánuði.

Hægt er að stúka húsnæðið sem í dag er tilbúið til innréttinga niður í minni einingar ef vill.

Tilvalið fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi svo sem, sportvörubúð, veiðiverslun, kaffihús, bókabúð, heimilistækjaverslun, húsgagnaverslun, veitingasölu osfrv. Hægstæðir leigusamningar í boði fyrir rétta aðila.

Húsnæðið er til afhendingar strax.

Í sama húsi er einnig til leigu ca. 2000 fermetra húsnæði á jarðhæð, norð-vestanmegin með sérinngangi. Skipta má húsnæðinu í minni einingar. Góðar innkeyrsludyr, miklir möguleikar.

Ódýr og sanngjörn leiga fyrir trausta aðila.

Nánari upplýsingar veitir Þröstur Þórhallsson Lögg.fasteignasali í síma 897 0634.

MIKLABORG
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið

Tilkynningar

Minningarsjóður
Guðjóns Samúelssonar

Minningarsjóður dr. phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar auglýsir hér með eftir umsóknum um styrkveitingar úr sjóðnum. Styrkir eru veittir annað hvert ár og fer styrkveiting fram í níunda sinn þann 15. apríl 2011.

Tilgangur sjóðsins skv. skipulagsskrá er „að útbreiða þekkingu á húsagerðarlist í íslenskum anda". Styrkveitingar munu að þessu sinni nema 1.400.000 kr.

Umsóknir skulu vera á rafrænu formi og sendast á netfangið ai@ai.is eða til skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 105 Reykjavík, merktar „Minningarsjóður", eigi síðar en kl. 12.00 mánudaginn 21. mars 2011.

FÉLAG ELDRI BORGARA

AÐALFUNDUR FÉLAGS ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI (FEB)

verður haldinn á morgun, **föstudaginn 18. febrúar að Stangarhyl 4 og hefst kl.13:00**.
Dagskrá fundarins er skv. gr. 4.5 í lögum félagsins.
Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna!
Skrifstofa FEB • feb@feb.is • S. 588 21 11

Kynningarfundir - Ný skipulagslög, ný mannvirkjalög og drög að nýjum reglugerðum

Efnt er til kynningarfunda þar sem fulltrúar Skipulagsstofnunar, Mannvirkjastofnunar og umhverfisráðuneytisins kynna ný skipulagslög og ný mannvirkjalög sem tóku gildi 1. janúar s.l. og jafnframt drög að nýjum reglugerðum.

Þessi nýju lög varða hagsmuni sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og almennings og verða fundirnir opnir öllum. Að kynningu lokinni verða umræður og fyrirspurnir.

Kynningarfundirnir verða á eftirtöldum stöðum:
Á Ísafirði í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, Suðurgötu 12 og einnig í fjarfundi á Hólmavík (Þróunarsetri) og á Patreksfirði (Þróunarsetrið Skor), fimmtudaginn 24. febrúar kl. 13-16

Í Borgarnesi, Menntaskóla Borgarfjarðar, Borgarbraut 54, föstudaginn 25. febrúar kl. 13-16

Á Akureyri, Ketilhúsinu, Kaupvangsstræti 23, fimmtudaginn 3. mars kl. 13-16

Á Egilsstöðum, Hótel Héraði (Icelandair Hotels) Miðvangi 5-7, föstudaginn 4. mars kl.13-16

Á Hvolsvelli, Félagsheimilinu Hvoli, Austurvegi 8, fimmtudaginn 10. mars kl.13-16

Í Reykjavík, fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 41, föstudaginn 11. mars kl. 13-16

Allir sem áhuga hafa á að kynna sér þessi mál og taka þátt í umræðum um þau eru hvattir til að mæta.

Sjá nánar á heimasíðu Skipulagsstofnunar www.skipulagsstofnun.is

Skipulagsstofnun Mannvirkjastofnun

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Efldu kjarnann með hollustu

Náðu þér í Sólkjarnabrauð á tvennutilboði í næstu verslun

Nýtt frá Myllunni

Nú færðu tvö Sólkjarnabrauð á verði eins í næstu verslun. Fáðu þér bragðgott brauð sem nærir kjarna þinn. Hollusta fyrir bæði líkama og sál. Náðu þér í Myllutvennu á tilboði í næstu verslun núna.

2 fyrir 1 myllutvenna

meira magn sama verð

ÍSLENSKT já takk!

meira magn sama verð

Tvö eins

Nú færð þú tvö eins Sólkjarnabrauð á verði eins í næstu verslun

Tilboð gildir til 28.2.2011

krossgáta



LÁRÉTT
2. samtök, **6.** líka, **8.** kæla, **9.** bar að garði, **11.** íþróttafélag, **12.** hanki, **14.** hroki, **16.** kyrrð, **17.** yfirgaf, **18.** spíra, **20.** tveir, **21.** hjartaáfall.

LÓÐRÉTT
1. á endanum, **3.** golf áhald, **4.** inúíti, **5.** spor, **7.** ítalskur róðrarbátur, **10.** meiðsli, **13.** útdeildi, **15.** kirtill, **16.** farvegur, **19.** samtök.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. stef, **6.** og, **8.** ísa, **9.** kom, **11.** kr, **12.** snagi, **14.** dramb, **16.** ró, **17.** fór, **18.** ála, **20.** ii, **21.** slag.

LÓÐRÉTT: 1. loks, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** gondóll, **10.** mar, **13.** gaf, **15.** bris, **16.** rás, **19.** aa.

Tíu dropar af sólarkaffi

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Það kemur mér alltaf jafn mikið á óvart hvað dagurinn er fljótur að lengjast eftir áramótin. Nú finnst mér óralangt langt síðan ég fetaði mig í vinnuna í myrkri á morgnana og þreifaði mig svo til baka seinni partinn, eftir örlitla skímu í hádeginu. Þó er stutt síðan, bara nokkrar vikur. Það birtir alltaf meira og meira og það er jafnvel kominn vorhugur í okkur mörg þó að enn geti brostið á með byl.

JÓLASERÍURNAR sem enn hanga víða í gluggum stinga nú skyndilega í stúf og þær sem fjúka til í berum runnunum í rigningunni hafa misst allan hátíðarblæ. Eins og ég gat ekki beðið eftir að það yrði samfélagslega ásættanlegt að hengja þær upp í haust. Rétt gat setið á mér fram í nóvember! Hlutverki þeirra er einfaldlega lokið og sólarinnar að taka við. Grá og guggin eftir dimmasta tíma ársins hristum við af okkur drungann, fáum okkur kaffi og stingum nefinu út.

SÓLARKAFFI finnst mér skemmtilegt orð og skemmtilegur siður að hafa eitthvað gott með kaffinu, daginn sem fyrst sést til sólar eftir skammdegið. Sums staðar er líka messað. Á Ísafirði skilst mér að það sé fastur siður að halda upp á daginn með rjómapönnukökum og sykruðum lummum og gott ef brottfluttir Ísfirðingar hella ekki upp á sólarkaffi, sama hvar þeir eru staddir þann dag í janúar, sem sólin skín á bæinn þeirra. Sums staðar á landinu er að sjást fyrst til sólar núna og sums staðar hefur hún ekki sést enn. Einhvers staðar las ég að á bænum Syðra-Firði í Lóni sæist fyrst til sólar 8. mars! Þar sem ég gekk í skóla á unglingsárum voru gjarnan bakaðar pönnsur með sólarkaffinu en nú er einmitt að sjást til sólar þar, í Ljósavatnsskarði.

ÉG STÓÐ mig þó að því um daginn að ergja mig á sólinni. Mér fannst hún trufla mig við sjónvarpsgláp og dró vanþakklát fyrir gluggann. Ég bölvaði henni líka í bílnum þegar hún skein á framrúðuna hjá mér og blindaði mig við aksturinn. Skammaðist yfir skímunni sem lýsti upp rykið í stofunni hjá mér og kvartaði yfir deigu suðusúkkulaðinu sem ég gleymdi í glugganum.

ÉG SKAMMAÐIST mín auðvitað eftir á. Enn eru heilir 19 dagar þangað til sólin skín á Syðri-Fjörð í Lóni.

Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 21. febrúar

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ
GÓÐVERKI?
ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2011

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1. Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2. Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3. Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4. Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5. Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Overli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Kirkman/Scott

FEBRÚAR TILBOÐ

NÝR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF TILBOÐUM

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

320GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki flakkari, aðeins 158gr og á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast

9.990

FRÁBÆR FLAKKKARI FRÁ LACIE

HVERGI BETRA VERÐ

2TB LACIE FLAKKARI

Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

19.900

1TB 12.900 • 1.5TB 16.900

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 9 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA

HP MINI FARTÖLVA

Ótrúlegt verð á 10" fistölvu frá HP með Intel N455, 1GB minni, 250GB disk og Windows 7

49.900

HVERGI BETRA VERÐ!

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

OSRAM

Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

Sparpera
8W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189466

Sparpera
11W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189468

Sparpera
15W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189470

RAFMAGNAÐIR
Í HÚSASMIÐJUNNI

Ryksuga ZP3525
1800W
sogkraftur 315W.
1805264

Loftljós
Athena, gler.
6000696

Útiljós
Marika, einnig til í hvítu.
6000770

Rakatæki
Stylies,Vapo 271. Hentar fyrir herbergi allt að 70 m²
1802719

13.272,-
16.590,-

Rakatæki með hreinsibúnaði
Orion,EVAP 420. Hentar fyrir herbergi allt að 50 m²
1802718

20% AFSLÁTTUR af ljósum
aðeins þessa viku!

Kastari
Thor, stál/gler.
6000920

Útiljós
Julia, einnig til í hvítu.
6000775

Verð gilda til 20. febrúar

***Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.**
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Afsláttur og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

tilboð

25.830,-

~~36.900,-~~

Fjölþjálfi
Öflugt tæki sem þjálfar allan líkamann.
3899531

30% AFSLÁTTUR af öllum líkamsræktar tækjum

Electrolux 5 ára ábyrgð

Þvottavél
EWF 126410W
1200 sn, 6kg,
85x60x60 cm.
1805477

5 ára ábyrgð

tekur 6 kg

1200 snúninga

76.900,-

2 pakkar fylgja öllum þvotta-vélum

DAGAR

Electrolux 5 ára ábyrgð

tilboð

89.900,-

~~116.900,-~~

Ofn EOB63100X
Burstað stál.
1830118

5 ára ábyrgð

orkný̆ting A

39.900,-

~~59.900,-~~

Frystiskápur FHF85
88 ltr, 85x58x55 cm.
1805492

Electrolux 5 ára ábyrgð

Krumpuvörn

78.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Þurrkari
EDC 47100, 85x60x58 cm
1805461

20% AFSLÁTTUR af smáraftækjum

aðeins þessa viku!

tilboð

3.590,-

~~4.590,-~~

Samlokujárn
Bomann, Estate.
1840843

1.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Brauðrist
Bomann.
1840852

Uppþvottavél
ESF 65052W
82/88 x 59,6
x 57,5cm
1805331

83.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Electrolux 5 ára ábyrgð

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

HÚSASMIÐJAN

REYKJAVÍK VERÐI BÓKMENNTABORG Reykjavíkurborg hefur sótt um að verða ein af Bókmenntaborgum UNESCO. Hljóti Reykjavíkurborg titilinn, sem er varanlegur, yrði Reykjavík hluti af vaxandi samstarfsneti Bókmenntaborga en þar eru nú fyrir Edinborg í Skotlandi, Iowa City í Bandaríkjunum, Melbourne í Ástralíu og Dublin á Írlandi. Fleiri borgir munu bætast við á næstu misserum og vonast Reykjavíkurborg eftir svari frá Unesco innan sex mánaða.

Carmen í þrívídd

Óperan Carmen eftir Georges Bizet, verður sýnd í þrívídd í beinni frá London í Sambíóunum í mars næstkomandi.

Um er að ræða samvinnuverkefni RealD og hins nýopnaða Konunglega óperuhúss í London. Óperan verður sýnd með skjátextum í RealD-þrívíddarbíóum um heim allan frá og með 5. mars næstkomandi.

Carmen er ein vinsælasta ópera heims en hún var frumflutt árið 1875. Miðdepill hennar er hin skapbráða Carmen, sem hefur skelfileg áhrif á alla þá karlmenn sem hún fær til fylgilags við sig.

Francesca Zambello leikstýrir uppfærslunni en um þrívídd sér Julian Napier. Óperan verður sýnd í Sambíóunum í Kringlunni og á Akureyri 5. mars en þrjár sýningar til viðbótar verða í Kringlubíói.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

09.02.11 - 15.02.11



1 Skólaljóð
Ýmsir - Halldór Pétursson

2 Candida sveppasýking
Guðrún G. Bergmann

3 Máttur viljans
Guðni Gunnarsson

4 Utangarðsbörn - kilja
Kristina Ohlsson

5 Sumarlandið
Guðmundur Kristinsson

6 Prjónaklúbburinn - kilja
Kate Jacobs

7 WikiLeaks
David Leigh og Luke Harding



8 Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson

9 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir

10 Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

BIGGI Í BANKANUM

Svonefnt Biggahádegi verður haldið í höfuðstöðvum Arion banka í dag, þar sem ferli Birgis Andréssonar myndlistarmanns verða gerð skil í máli og myndum. Klara Stephensen, umsjónarmaður listaverka hjá Arion banka, vonar að þetta sé vísir að áframhaldandi listauppákomum í bankanum.

STENDUR FYRIR BIGGAHÁDEGI Klara Stephensen, umsjónarmaður listaverka hjá Arion banka, vill kynna viðskiptavinum bankans myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þröstur Helgason bókmenntafræðingur og Guðmundur Oddur Magnússon listfræðingur flytja fyrirlestur um Birgi Andrésson, list hans og feril í fyrirlestrasal Arion banka í Borgartúni í hádeginu í dag. Auk þess verða um 20 verk eftir Birgi úr safni Rögnu Róbertsdóttur og Péturs Arasonar til sýnis.

„Ég hef mikinn áhuga á því að kynna myndlist fyrir viðskiptavinum bankans," segir Klara Stephensen, umsjónarmaður listaverka í eigu Arion banka. Klara hafði samband við Kristján B. Jónasson hjá Crymogeu, sem gaf út bókina Birgir Andrésson – í íslenskum litum fyrir jól, og bar undir hann hugmyndina að gera listamönnum skil í bankanum.

„Og útkoman var þetta samstarf milli okkar hjá Arion banka, Crymogeu og Péturs Arasonar, sem lánaði okkur verk til að setja hér upp," segir Klara.

Það er fágætt að fjármálastofnun standi fyrir listviðburðum í eigin húsakynnum til að vekja athygli á öðrum listaverkum en úr eigin safni. Klara segir mikinn áhuga á myndlist innan bankans, til dæmis haldi starfsmenn úti öflugu listvinavélagi auk þess sem bankinn eigi um 1.250 listaverk í fórum sínum.

„Bankinn hefur aldrei selt nein verk, það stendur ekki til og ekki einn einasti kröfuhafi hefur reynt að eignast þau. Bankinn einfaldlega á þessi listaverk. Ég hef séð um að skrá verk í eigu bankans og það starf hefur smám saman verið að þróast, til dæmis út í þetta litla samstarfsverkefni. Eina markmiðið er í sjálfu sér að vekja fólk til umhugsunar um hvað við eigum marga góða myndlistarmenn."

Fyrirlestur Þrastar og Guðmundar hefst klukkan 12 og er öllum opinn. **bergsteinn@frettabladid.is**

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
- Konudagurinn -
Í tilefni af konudeginum verður sérstakur matseðill hjá okkur helgina
18 – 20. febrúar.
Um er að ræða 3ja rétta kvöldmatseðil á góðu verði.
Forréttur
Humar- og sjávarrétta fantasía
Aðalréttur
Lambafille með rótargrænmeti og sætkartöflumauki
Eftirréttur
Frönsk súkkulaðikaka með ís og jarðaberjum
Verð aðeins 4.800 kr. – pr mann.
Borðapantanir í síma **483 3330** eða berist á netfangið **raudahusid@raudahusid.is**
Góður kvöldverður á góðu verði í aðeins 45 mín akstursfjarlægð frá Reykjavík.
rauða húsið á Eyrarbakka

TJARNARBÍÓ
AUKASÝNINGAR! 18 22 23 27 UPPSELT
Súldarsker
EINLEIKUR 19 25 26 FRUMSÝNING
Svikarinn
20.FEB
Sirkus Sóley
SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
NÆSTA VIKA:
24.FEB
Skálmöld ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
FJÖLSKYLDUSÝNING 27.FEB
Grín og glens
SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
NÝTT! LEIKHÚSBAKKAR FYRIR SÝNINGAR
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna sem stofnað var í gamla Regnboganum við Hverfisgötu í haust hlaut hæsta styrk menningar- og ferðamálaráðs í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bíó Paradís hlaut hæsta styrkinn í ár

Bíó Paradís hlaut hæsta styrk menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011, alls fimm milljónir. Tilkynnt var um styrkveitingar ráðsins á dögunum. Alls hlutu 85 umsækjendur af 215 styrk vegna starfsemi á menningarsviðinu árið 2011, samtals að upphæð 55,7 milljónir króna.

Tónlistarhópurinn Caput var útnefndur Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar og hlýtur tveggja milljóna króna styrk. Næsthæsti styrkurinn, 4,4 milljónir, rann til Nýlistasafnsins. Þá hlaut tónlistarhátíðin Norrænir músíkdagar sem hefur verið haldin frá árinu 1888, 2,5 milljóna króna styrk. Norðurlöndin fimm skiptast á um að halda hátíðina, og í ár er komið að Íslandi.

Þá hlaut Möguleikhúsið styrk upp á 2,2 milljónir króna en leikhópurinn Vesturport fékk tvær milljónir. Aðrir umsækjendur sem hlutu styrk á bilinu ein til 1,8 átta milljónir eru Jazzhátíð í Reykjavík, Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova, Havarí, Kammersveit Reykjavíkur, Kling og Bang gallerí, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Stórsveit Reykjavíkur, Lókal leiklistarhátíð, Reykjavík Dance Festival og Gallerí Ágúst.

Að auki var samþykkt 7,5 milljón króna framlag ráðsins til samstarfssamninga við Alþjóðlega kvikmyndahátíð og sex milljón króna framlag til Útóns vegna tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves.

MYNDLIST
Dieter Roth
Óskum eftir að kaupa bókverk eftir Dieter Roth
UPPL. Í SÍMA 552 2060 // 820 4729
Gallery Nútímalist
Skólavörðustíg 3

Nýjar á náttborðið

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Áhrifamikil fjölskyldusaga eftir metsöluhöfundinn Jodi Picoult, höfund bókarinnar *Á ég að gæta systur minnar?*

ÞÚ LEGGUR HANA EKKI FRÁ ÞÉR

„Það er ekki annað hægt en gleypa í sig hverja síðu."
San Antonio Express-News

Eldar brenna í húsum auðmanna...

NÝR MEISTARAKRIMMI EFTIR JAMES PATTERSON

„Grípandi ... mergjuð ... flýgur áfram á ofsahraða ... bók sem allir verða að lesa."
BookReporter.com

CUT COPY

JAMES BLAKE

> Í SPILARANUM

Cut Copy - Zonoscope
Mogwai - Hardcore Will Never Die, But You Will
Bright Eyes - The People's Key
Smith Westerns - Dye It Blonde
James Blake - James Blake

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Fyrsta platan í fimmtán ár

Grunge-rokkararnir í Soundgarden eru að hefja upptökur á sinni fyrstu plötu í fimmtán ár. Í tilkynningu á heimasíðu sveitarinnar kemur fram að þeir félagar hafi samið flott lög fyrir plötuna, sem fylgir í kjölfar Down on the Upside sem kom út 1996.

„Á undanförnum mánuðum höfum við verið uppteknir við að djamma, semja og eyða tíma saman. Við höfum verið að rannsaka sköpunargáfuna í kringum Soundgarden," segir í tilkynningunni. „Tilfinningin er frábær. Við höfum samið flott lög sem við ætlum að taka bráðum upp. Takk fyrir allan stuðninginn." Platan, sem hefur ekki fengið nafn, kemur út í september.

ENDURKOMA Chris Cornell og félagar í Soundgarden eru með nýja plötu í smíðum.

Soundgarden sló í gegn þegar grunge-æðið reið yfir heimsbyggðina í byrjun tíunda áratugarins og átti lög á borð við Black Hole Sun og Spoonman. Hljómsveitin hætti störfum 1997 og eftir það gaf söngvarinn Chris Cornell út sína fyrstu sólóplötu, Euphoria Morning. Í framhaldinu gekk hann til liðs við Audioslave en hóf síðar sólóferil á nýjan leik. Núna hefur Soundgarden loksins snúið aftur og bíða margir rokkunnendur spenntir eftir nýju plötunni.

> Plata vikunnar

Sigurður Eyberg - Finger Of God (Toes Of Paul McCartney)

★★★★

„Sigurður, söngvari Deep Jimi, kemur sterkur inn á sinni fyrstu sólóplötu." - TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Takk fyrir mig, The Streets

Fyrstu tvær plötur enska rapparans Mikes Skinner undir listamannsnafninu The Streets voru frábærar og komu með eitthvað alveg nýtt inn í tónlistarheiminn.

Original Pirate Material kom út 2002. Tónlistin á henni var frískleg blanda af UK garage og hip-hoppi og textarnir algerlega ómótstæðilegir. Ofur hversdagsleg hugðarefni og vandamál bresks ungmennis færð í rímur á snilldarlegan hátt. Næsta plata, A Grand Don't Come For Free sem kom út 2004 var meira af því sama þó að textarnir tækju mið af breyttum aðstæðum höfundarins. Hún var engu síðri en frumburðurinn og strákurinn alveg sjóðheitur. Í kjölfarið fór hann á tónleikaferðalag og fékk frábærar viðtökur.

BÚIÐ SPIL The Streets hefur kvatt með tveimur plötum.

Á næstu tveimur plötum, The Hardest Way To Make An Easy Living (2006) og Everything Is Borrowed (2008) var komin þreyta í Streets-formúluna og greinilegt að Mike átti í erfiðleikum með að endurnýja sig bæði tónlistarlega og textalega. Strax árið 2008 var hann farinn að tala um að hann væri búinn að fá sig fullsaddan af The Streets. Það kom þess vegna ekkert sérstaklega á óvart þegar hann tilkynnti fyrir stuttu að hann ætlaði að loka The Streets-verkefninu endanlega með tveimur plötum í ársbyrjun 2011. Þær eru nú báðar komnar út.

Cyberspace and Reds er samfellt mix með fjórtán lögum sem Mike gerir með ýmsum listamönnum, meðal annars Wiley, Kano, Wretch 32 og Jammer, en Computer and Blues er hefðbundin Streets-plata. Það má hafa gaman af þeim báðum. Inn á milli eru ágætis tilþrif. En þær standa hans bestu plötum töluvert að baki. Vitnum í Skinner í laginu At the Back of the Line: „I'm too old now to be truthful/I peaked in 2002/so I guess I can't still speak true/there's no room for my rueful horseshit/I'm forcing myself to quit…"

Takk fyrir mig, Skinner.

Djúpur bassi og falleg rödd

Það kom mörgum á óvart þegar Esperanza Spalding hreppti Grammy-verðlaunin sem nýliði ársins. Hún hefur á ferli sínum gefið út þrjár plötur og sungið fyrir forseta Bandaríkjanna.

ESPERANZA SPALDING Fyrsti djasstónlistarmaðurinn til að hljóta Grammy-verðlaunin sem nýliði ársins. NORDICPHOTOS/GETTY

Esperanza Spalding varð á sunnudag fyrsti djasstónlistarmaðurinn til að hljóta Grammy-verðlaunin sem nýliði ársins. Þar skaut hún ýmsum ref fyrir rass: ungstirninu Justin Bieber, hip-hop-söngvaranum Drake og hljómsveitunum Florence and the Machine og Mumford and Sons.

Margir ráku upp stór augu þegar nafn Spalding var lesið upp, enda lítt þekkt utan djasstónlistargeirans. Sömuleiðis þótti mörgum undarlegt að hinn gríðarvinsæli Bieber skyldi ekki hreppa hnossið og hneyksluðust aðdáendur hans mjög á ákvörðun Grammy-dómnefndarinnar.

Spalding er þó enginn nýgræðingur í tónlistarbransanum því hún hefur gefið út þrjár plötur, nú síðast Chamber Music Society sem kom út í fyrra. Hún hefur lengi verið talin afar hæfileikarík og til marks um stöðu hennar söng hún fyrir tveimur árum á Nóbelsverðlaunaathöfninni í Ósló fyrir Barack Obama Bandaríkjaforseta sem valdi hana sérstaklega til að spila fyrir sig.

Hin 27 ára Spalding kemur frá Portland í Oregon-ríki og var mikið undrabarn í tónlistinni. Aðeins fimm ára lærði hún að spila á fiðlu og þegar hún var tvítug hafði hún lokið námi við hinn virta tónlistarskóla Berkley og tók í framhaldinu við kennarastöðu þar. Um svipað leyti tók hún upp sína fyrstu plötu, Junjo, og þremur árum síðar var henni hampað fyrir sitt næsta verk, Esperanza. Þar þótti djúpur bassinn og falleg rödd hennar blandast sérlega vel saman. Tónlistarkokteill Spalding er fjölbreyttur þar sem hún hristir saman saman djassi, R&B, fönki, be-bop og alls kyns fleiri stefnum. Aðalhljóðfærið hennar er kontrabassi, auk þess sem hún notast oft við hefðbundinn bassa.

5 STAÐREYNDIR UM ESPERÖNZU SPALDING

- Spilaði fyrir Barack Obama í Hvíta húsinu.
- Getur sungið á ensku, spænsku og portúgölsku.
- Kann að spila á óbó og klarinett.
- Ætlaði að verða sellóleikari.
- Saxófónleikarinn Wayne Shorter er í uppáhaldi.

Grammy-verðlaunin á sunnudag komu henni í opna skjöldu. „Ég hugsaði ekki mikið um möguleika mína vegna þess að mér fannst þetta svo langsótt. Þetta veitir mér mikinn innblástur. Þetta er mikill heiður en ég hef þegar nóg fyrir stafni á þessu ári. Ég ætla að halda áfram að vera dugleg og búa til góða tónlist," sagði hún.

Næsta plata Spalding, Radio Music Society, er væntanleg seint á þessu ári. Þar ætlar hún að kynna til sögunnar aðra djasstónlistarmenn og vonast til að útkoman verði aðgengileg hinum almenna tónlistarunnanda.

freyr@frettabladid.is

ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF

Tökum höndum saman með LÍF styrktarfélagi ...

... og byggjum upp öfluga miðstöð fæðinga og kvenlækninga. Nánast hver einasta kona á landinu, og þar með hver fjölskylda, þarfnast þjónustu kvennadeildar LSH einhvern tímann á ævinni, hvort sem er í gleði vegna barnsfæðingar eða í sorg vegna fósturláts, barnsmissis eða veikinda.

LÍF styrktarfélag hefur þann tilgang að styrkja kvennadeild LSH. Mikil þörf er á að nútímavæða starfsemina, bæta aðbúnað og endurinnrétta til að mæta þörfum kvenna sem þurfa að leita þangað. Þann **4. mars** næstkomandi efnum við því til landssöfnunar og verður henni sjónvarpað í beinni útsendingu á **Stöð 2.**

Gefum kvennadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss nýtt líf.

Þú gefur Líf með því að gerast styrktarfélagi á www.gefdulif.is, kaupa bolinn eða gefa til söfnunarinnar föstudaginn 4. mars.

actavis

Íslandsbanki

LÍF Styrktarfélag

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

24 **MILLJÓNIR KRÓNA** hefur nýtt barnaherbergi Davids og Victoriu Beckham kostað. Þau eiga vona á fjórða barni sínu og hafa að sögn slúðurmiðla vestanhafs aldrei litið á verðmiða hlutanna sem keyptir hafa verið í barnaherbergið.

Prinspóló spilar Jukk

Hljómsveitin Prinspóló heldur útgáfutónleika á Faktorý í kvöld. Á tónleikunum verður plata sveitarinnar, Jukk, flutt í heild sinni auk þess sem nokkur lög af EP-plötunni Einn heima eru á efnisskránni. Höfuðpaur Prinspóló og skapari hljómsveitarinnar er Svavar Pétur Eysteinsson. Auk hans eru í bandinu Kristján Freyr trommuleikari, Lóa Hjálmtýsdóttir hljómborðsleikari, og Loji Höskuldsson gítarleikari. Aðgangseyrir á tónleikana er 1.000 kr og hefjast þeir um tíuleytið.

SVAVAR PÉTUR Hljómsveitin Prinspóló heldur útgáfutónleika á Faktorý í kvöld.

BALTASAR OG INGVAR Í SÉRFLOKKI

Ingvar E. Sigurðsson er sigursælasti leikarinn á Edduverðlaunahátíðinni en hann hefur fengið fimm Eddur fyrir leik sinn í íslenskum kvikmyndum eða stuttmyndum. Kristbjörg Kjeld hefur oftast hlotið Edduna af íslenskum leikkonum.

„Verðlaunin skipta ekki miklu máli upp á leiklistina að gera, ég verð hvorki verri né betri leikari fyrir vikið," segir Ingvar E. Sigurðsson. Hann er sigursælasti leikari Edduverðlaunahátíðarinnar, hefur hlotið þau fimm sinnum fyrir leik og einu sinni fyrir handrit.

Ingvar gæti bætt tveimur styttum í safnið á laugardaginn því hann er tilnefndur sem besti leikari í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Kóngavegi og besta handrit ásamt Vesturportshópnum fyrir Brim. Lausleg könnun Fréttablaðsins leiðir jafnframt í ljós að þegar Ingvar hefur verið tilnefndur hefur hann alltaf farið með styttuna heim. Hann hlaut meira að segja verðlaunin fyrir stuttmyndina Slurpinn & Co á fyrstu Edduverðlaunahátíðinni árið 1999. Ingvar segist ekki vera mikill verðlaunakarl og hann fyllist jafnframt kvíða þegar hann er tilnefndur. „Það er mest gaman á þessum Edduverðlaunum þegar allt er yfirstaðið því þá eru allir að fagna í góðu partístuði."

Ingvar er reyndar ekki sigursælasti kvikmyndagerðarmaðurinn því sá heiður hlotnast Baltasar Kormáki, sem hefur hlotið hana sjö sinnum. Fast á hæla honum kemur Ragnar Bragason með sex Eddur. Dagur Kári getur reyndar skotist fram úr Ragnari ef Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían verður honum hliðholl þetta árið. Dagur hefur þegar hlotið fimm Eddur og er tilnefndur til fjögurra í ár; tveggja fyrir tónlist Slowblow í kvikmyndunum Brim og The Good Heart og svo fyrir leikstjórn og handrit.

Karlarnir hafa haft þá tilhneigingu að deila ekki Eddunum jafnt á milli sín heldur hafa þær safnast á hendur örfárra manna. Þegar konurnar eru annars vegar er hins vegar annað uppi á teningnum því aðeins ein leikkona hefur hlotið Edduna oftar en tvisvar, en það er Kristbjörg Kjeld. Hún hefur unnið styttuna góðu fyrir Kaldaljós, Mávahlátur og Mömmu Gógó auk þess sem hún hefur verið tilnefnd fyrir bæði Fíaskó og Hafið.

freyrgigja@frettabladid.is

SÉR Á BÁTI

Ingvar E. Sigurðsson hefur hlotið fimm Eddur á sínum farsæla ferli sem leikari. Hann hlaut auk þess Eddu ásamt öðrum fyrir handritið að kvikmyndinni Foreldrum. Ingvar getur bætt tveimur styttum í safnið í kvöld og sagan sýnir að Ingvar tapar ekki ef hann er tilnefndur. **Kristbjörg Kjeld** er sigursælasta leikkona Eddunnar og sú eina sem hefur hlotið fleiri en tvær því hún hefur staðið uppi sem sigurvegari í þrígang. **Baltasar Kormákur** er aftur á móti sigursælasti kvikmyndagerðarmaðurinn; hann á sjö Eddur í sínum fórum.

EDDURNAR HANS INGVARS

Slurpinn & Co: 1999
Leikstjóri: Katrín Ólafsdóttir
Englar alheimsins: 2000
Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson
Kaldaljós: 2004
Leikstjóri: Hilmar Oddsson
Mýrin: 2006
Leikstjóri: Baltasar Kormákur
Foreldrar: 2007
Leikstjóri: Ragnar Bragason

SÍÐUSTU DAGAR
LAGERSALA
Rýmum fyrir vor & sumarvörum

CRAGHOPPERS Regatta GREAT OUTDOORS DARE 2b

Dömu & herrafatnaður
Úlpur 4.990,- til 7.990,-
Softshell 2.990,- til 4.990,-
Flíspeysur 1.990,-
Undirfatnaður 2.990,-

Barnafatnaður
Flíspeysur 1.990,-
Softshell 3.990,-
Úlpur 4.990,-
Gallar 4.990,-

OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

Bíó ★★★★

True Grit
Leikstjóri: Joel Coen, Ethan Coen

Leikarar: Jeff Bridges, Matt Damon, Josh Brolin, Hailee Steinfeld, Barry Pepper.

Bræðurnir kunna þetta

Fólki fannst fyrstu myndir Coen-bræðra nýstárlegar og húmorinn ferskur. Árin hafa liðið og myndirnar eru orðnar ansi margar. En húmor Coen-bræðra er ekki enn farinn að sýna nein þreytumerki. Óviðjafnanleg persónusköpun bræðranna er þeirra helsta einkenni, auk bráðfyndinna samtala, og þessi atriði skína ætíð í gegn, hvort sem sögusviðið er Mississippi á kreppuárunum eða Los Angeles nútímans.

ÓSKARSVERÐLAUNAEFNI Jeff Bridges og Hailee Steinfeld í hlutverkum sínum í True Grit.

Í True Grit heimsækjum við villta vestur Coen-bræðra og fylgjumst með táningsstúlkunni Mattie Ross (Hailee Steinfeld) sem ræður löggæslumanninn Rooster Cogburn (Jeff Bridges) til þess að leita morðingja föður síns. Cogburn er drykkfelldur hrotti sem er þekktur fyrir að skjóta fyrst og spyrja svo, og því tilvalinn í verkið. Í för með þeim slæst síðan uppskafningslegur lögreglumaður frá Texas, LaBoeuf, sem leikinn er af Matt Damon, en hann á einnig hagsmuna að gæta og freistar þess að ná ódæðismanninum fyrir annan glæp sem hann framdi áður. Myndin er byggð á sömu bók og samnefnd kvikmynd frá 1969, en þar voru þeir John Wayne og Glen Campbell í helstu hlutverkum.

Leikararnir skila sínu og gott betur. Jeff Bridges er stórkostlegur í hlutverki þvoglumælta fylliraftsins og ekki er á allra færi að skilja hvað hann segir. Nýliðinn Steinfeld stendur sig eins og hetja. Bæði eru þau tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðuna, Bridges í flokki aðalleikara en Steinfeld sem besta leikkona í aukahlutverki. Þetta þykir mér (og fleirum) furðulegt, enda er Mattie Ross augljós aðalpersóna True Grit og mikið mæðir á leikkonunni. Matt Damon er sprenghlægilegur og þeir Josh Brolin og Barry Pepper eru stórskemmtileg illmenni. Ég ætlaði nú varla að þekkja Pepper, svona illa tenntan og viðurstyggilegan.

Taktur myndarinnar er hægur en góður. Húmor Coen-bræðra virkar jafn vel í villta vestrinu og annars staðar. True Grit verður þó að teljast sem ein af alvörugefnari verkum bræðranna, og þó stutt sé í glensið tekur myndin afar dramatíska stefnu undir lokin. Þetta hafa Coen-bræður alltaf gert vel og kunna það greinilega ennþá. Eftir stendur glæsileg mynd, spennandi og spaugileg, og aðdáendur bræðranna geta strax farið að hlakka til næstu myndar. Þeir virðast ekki kunna að gera annað en að gera skemmtilegt bíó.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Aðdáendur Coen-bræðra fá heilmikið fyrir sinn snúð. Andi Fargo og Blood Simple svífur yfir vötnum. Lebowski-sprellið bíður betri tíma.

SKÓSPRENGJA

HEFST Í DAG

LÁGMARK **50%** AFSLÁTTUR

Opið mánudaga - föstudaga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

Nýtt kortatímabil

ásamt öðrum tilboðum

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Íslensk tónlist og hasarmynd

Íslenskri tónlist bregður fyrir í tveimur kvikmyndum sem frumsýndar verða um helgina. Annars vegar semur Atli Örvarsson alla tónlistina við The Eagle og hins vegar eiga piltarnir í Sigur Rós lokalagið í 127 Hours eftir Danny Boyle. The Eagle fjallar um baráttu rómverska hershöfðingjans Marcus Aquila við vígalega villimenn á Englandi en hann er þar staddur til að rannsaka dularfullt hvarf 9. herdeildar Rómarkeisara. Leikstjóri myndarinnar er Kevin Macdonald en með helstu hlutverk fara þeir Channing Tatum, Jamie Bell og Donald Sutherland.

127 Hours er tilnefnd til fjölda Óskarsverðlauna en myndin segir frá fjallgöngumanni sem festist og þarf að saga af sér framhandlegginn til að halda lífi. Aðalleikari myndarinnar, James Franco, hefur fengið stórkostlega dóma fyrir leik sinn en áhorfendur er beðnir um að hlusta sérstaklega eftir lagi Sigur Rósar, Festival, í einum af hápunktum myndarinnar.

I'm Number Four er síðan þvottekta hasarmynd frá meistara þeirra mynda, Michael Bay. Hún segir frá John Smith, sem þykist vera venjulegur menntaskólanemi en hefur í raun og veru yfirnáttúrulega krafta. Og að sjálfsögðu vilja illmenni koma honum fyrir kattanef. Loks verður að nefna þriðju myndina í seríunni Big Momma's House sem Martin Lawrence hefur talið hæft að bjóða fólki upp á undanfarin ár.

EINSTÖK MYND 127 Hours er tilnefnd til fjölda Óskarsverðlauna en aðalleikari myndarinnar, James Franco, hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína.

Stærstu tónleikar Agent Fresco

„Þetta verða stærstu tónleikarnir sem við höfum haldið," segir Arnór Dan Arnarson, söngvari Agent Fresco.

Rokksveitin heldur útgáfutónleika í Austurbæ í kvöld þar sem platan A Long Time Listening verður spiluð í heild sinni. Öllu verður tjaldað til á tónleikunum enda er ætlunin að líkja sem mest eftir plötunni, sem hefur verið hlaðin lofi. Fimm stúlkna strengjasveit verður á sviðinu, hópur aukahljóðfæraleikara og kór, auk þess sem Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, og Þórður Gunnar Þorvaldsson sjá um að radda.

„Þetta verður næstum því eins og að fara í leikhús. Þetta verður stórglæsilegt, ég get ekki beðið," segir Arnór Dan og bætir við: „Við erum ekki að fara að græða á þessum tónleikum. Fólkið sem mætir borgar kostnaðinn við þá."

Fyrstu tónleikar Agent Fresco voru haldnir í Austurbæ fyrir um þremur árum og staðsetningin í kvöld er því engin tilviljun. „Þetta er pínu nostalgía fyrir okkur," segir Arnór. „Miðarnir eru að rjúka út og ef fólk ætlar að mæta á einhverja tónleika með Agent Fresco þá eru það þessir."

AGENT FRESCO Hljómsveitin heldur sína stærstu tónleika til þessa í Austurbæ í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áhorfendur ættu ekki að vera sviknir því hljómsveitin var nýlega tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónlistarflytjandi ársins. Arnór Dan var einnig tilnefndur sem rödd ársins auk þess sem A Long Time Listening var tilnefnd sem besta platan.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.500 krónur í forsölu og 2.000 kr. við inngang. - fb

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
JUST GO WITH IT	8 og 10.20
TRUE GRIT	5.50, 8 og 10.20
LONDON BOULEVARD	8 og 10.10
MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL	6
ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL	6

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
TRUE GRIT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
TRUE GRIT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
FROM PRADA TO NADA	kl. 5:50 - 8 - 10:20	10
THE KING´S SPEECH	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
YOGI BEAR-3D M/ísl. Tali	kl. 6	L
SANCTUM-3D	kl. 10:20	14
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8 - 10:20	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ísl. Tali	kl. 5:50	L
ROKLAND	kl. 8	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
JÓGI BJÖRN	kl. 5:40	L
TRUE GRIT	kl. 8	16
SANCTUM	kl. 10:20	14
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:40	14
FROM PRADA TO NADA	kl. 8 - 10:20	10

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
TRUE GRIT	kl. 5.20 - 8 og 10.30	16
JÓGI BJÖRN-3D M/ísl. Tali	kl. 5:30	L
SANCTUM-3D	kl. 5.30 - 8 og 10.30	14
KING'S SPEECH	kl. 5.30 - 8 og 10.30	L
GREEN HORNET-3D	kl. 10.20	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
FROM PRADA TO NADA	kl. 8:20 - 10:40	10
THE KING´S SPEECH Númeruð sæti	kl. 5:50 - 8	L
YOGI BEAR-3D M/ísl. Tali	kl. 6	L
SANCTUM-3D	kl. 10:30	14
HEREAFTER	kl. 5:30	12
YOU AGAIN	kl. 8	L
KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti	kl. 10:20	14

WWW.SAMBIO.IS

Hóf störf innan fjölmiðlageirans aðeins fimmtán ára gömul

- Helga Margrét Reykdal er framkvæmdastjóri kvikmynda- og viðburðafyrirtækisins Truenorth.

föstudagur
– fylgir Fréttablaðinu á morgun

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!





SMÁRABÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	
JUST GO WIT IT	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
JUST GO WIT IT LÚXUS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
BLACK SWAN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
GREEN HORNET 3D	KL. 3.30 - 5.25 - 8	12
THE TOURIST	KL. 10.30	12
DILEMMA	KL. 8 - 10.30	L
GULLIVER´S TRAVEL 3D	KL. 3.30 - 5.50	L
ALFA OG OMEGA 3D	KL. 3.30	L
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	
JUST GO WITH IT	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
BLACK SWAN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
FIGHTER	KL. 5.30 - 8 - 10.30	14
BURLESQUE	KL. 5.30 - 8	L
LONDON BOULIVARD	KL. 10.30	16

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	
JUST GO WITH IT	KL. 8 - 10.10	L
THE FIGHTER	KL. 5.50 - 8	14
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 5.50	L
DEVIL	KL. 10.10 SÍÐASTA SÝNING	16

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

ANNAD ÁR (ANOTHER YEAR) (L)	17:50, 20:10, 22:30
ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14)	22:10
MICMACS (SÍÐUSTU SÝNINGAR)(L)	18:00, 20:00, 22:00
MINI-CINÉ: WHO IS BOZO TEXINO?(L)	20:00
EDDA 2011: FUTURE OF HOPE Q&A (L)	18:00
EDDA 2011: ÓRÓI (L)	17:50
EDDA 2011: GNARR (L)	22:00
RISE (FLUGUVEIÐIHÁTÍÐ) (L)	19:30

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

„Opnaðu hjarta þitt“

GoRed fyrir konur á Íslandi í kvöld Smáralind 17. febrúar

Fræðumst um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma.

GoRed fyrir konur býður þér á konukvöld í Smáralind þann 17. febrúar frá 19:00-21:00. Tískusýning frá Debenhams, lifandi tónlist, tilboð, fræðsla, kynningar, blóðþrýstingsmælingar, sérfræðingar verða á staðnum - læknar og hjúkrunarfræðingar.

GoRed fyrir átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga má úr líkum á þessum sjúkdómum. Mikilvægt er að upplýsa konur um fyrstu einkenni hjarta- og heilaæðasjúkdóma til að geta brugðist skjótt við.

Víðtæk kynning, skemmtun og fræðsla verður í Smáralind í Kópavogi frá og með 12. febrúar næstkomandi og nær átakið hámarki þann 17. febrúar en þá verður haldið konukvöld í Smáralind með ýmsum skemmtilegum uppákomum.

Á Hótel KEA Akureyri verður einnig vegleg dagskrá á konudaginn þann 20. febrúar frá klukkan 13:30-16:00

sport

sport@frettabladid.is

DÓMSTÓLL HSÍ mun væntanlega dæma í máli Vals og Fram á morgun en Framarar kærðu undanúrslitaleik liðanna í Eimskipsbikarnum. Þeir vilja meina að Markús Máni Michaelsson hafi verið ólöglegur í leiknum. Félögin skiluðu inn greinargerðum vegna málsins í gær og Hulda Rós Rúriksdóttir mun nú fara yfir greinargerðirnar og fella síðan dóm á morgun ef allt er eðlilegt.

ÚRSLIT

Eimskipsbikar kvenna:

Fram-HK	32-25 (19-9)
Mörk Fram (Skot): Karen Knútsdóttir 7/2 (10/2), Stella Sigurðardóttir 7/1(13/2), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 5 (6), Anna María Guðmundsdóttir 3 (3), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3(4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (4), Birna Berg Haraldsdóttir 2 (5), María Karlsdóttir 1 (1), Marthe Sördal 1 (3), Hildur Þorgeirsdóttir 1 (7), Steinunn Björnsdóttir (1), Pavla Nevarilova (1).	
Varin skot: Íris Símonardóttir 21/1 (46/5, 46%)	
Mörk HK (Skot): Brynja Magnúsdóttir 8/2 (13/3), Elín Anna Baldursdóttir 5/2 (12/3)	
Harpa Baldursdóttir 4 (5),Elísa Ósk Viðarsdóttir 3 (8), Líney Rut Guðmundsdóttir 2 (2), Tinna Rögnvaldsdóttir 1 (1), Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 1 (1), Tatjana Zukovska 1 (2), Heiðrún Björk Helgadóttir (3).	
Varin skot: Dröfn Haraldsdóttir 18 (50/3, 36%)	

Meistaradeild Evrópu:

Arsenal-Barcelona	2-1
0-1 David Villa (26.), 1-1 Robin Van Persie (78.), 2-1 Andrey Arshavin (83.)	
Roma-Shaktar Donetsk	2-3
1-0 Simone Perrotta (28.), 1-1 Jadson (29.), 1-3 Douglas Costa (36.), 1-3 Luiz Adriano (40.), 2-3 Jeremy Menez (60.)	

Enski bikarinn:

Wigan-Bolton	0-1
0-1 Ivan Klasnic (66.)	

Kvennalandsliðið í fótbolta:

Greta aftur valin í liðið

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari hefur valið tuttugu manna hóp fyrir Algarve-bikarinn sem fer fram 2. til 9. mars næstkomandi.

Íslenska kvennalandsliðið tekur þátt í þessu sterka móti fimmta árið í röð og mætir þar Svíþjóð, Kína og Danmörku í riðlakeppninni.

Greta Mjöll Samúelsdóttir og Þórunn Helga Jónsdóttir koma aftur inn í landsliðið. **- óój**

Landsliðshópurinn

Markmenn:
Þóra Björg Helgadóttir, Malmö
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Djurgården
Aðrir leikmenn:
Katrín Jónsdóttir, Val
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Örebro
Sif Atladóttir, Saarbrücken
Málfríður Erna Sigurðardóttir, Val
Hallbera Guðný Gísladóttir, Val
Thelma Björk Einarsdóttir, Val
Edda Garðarsdóttir, Örebro
Dóra María Lárusdóttir, Val
Sara Björk Gunnarsdóttir, Breiðabliki
Katrín Ómarsdóttir, Kristianstad
Rakel Hönnudóttir, Þór/KA
Guðný Björk Óðinsdóttir, Kristianstad
Greta Mjöll Samúelsdóttir, Breiðabliki
Dagný Brynjarsdóttir, Val
Þórunn Helga Jónsdóttir, Santos
Margrét Lára Viðarsdóttir, Kristianstad
Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabliki
Kristín Ýr Bjarnadóttir, Val

Barcelona er alls ekki ósigrandi

Arsenal átti magnaða endurkomu gegn Barcelona í gær og vann 2-1 sigur. Bæði mörk Arsenal komu á síðustu mínútum leiksins. Útivallarmarkið er mikilvægt fyrir Barcelona en sigurinn gefur Arsenal sjálfstraust fyrir seinni leikinn. Shaktar Donetsk gerði sér lítið fyrir og skellti Roma á Ítalíu í skrautlegum leik.

FÓTBOLTI Rússinn Andrey Arshavin sá til þess með marki skömmu fyrir leikslok að Arsenal á enn fínan möguleika á að komast í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar.

Heimamenn í Arsenal byrjuðu leikinn með talsverðum látum. Báru enga virðingu fyrir Spánverjunum og sóttu af krafti. Eftir rúmlega fimm mínútna leik komst Robin Van Persie í álitlegt en þröngt færi. Hann náði skoti á markið en Valdes varði.

Barcelona vaknaði í kjölfarið og fór að ná betri tökum á miðjunni. Eftir 15 mínútna leik komst Lionel Messi einn í gegnum vörn Arsenal eftir frábært samspil. Aldrei þessu vant brást Messi bogalistin og skotið fór fram hjá markinu. Þar slapp Arsenal vel.

Þetta færi kveikti í leikmönnum Barca sem tóku völdin á vellinum en heimamenn tóku að sér það hlutverk að sækja hratt þegar tími gafst til. Á 26. mínútu átti Messi síðan smekklega stungusendingu inn fyrir á David Villa sem kláraði færið sitt með stæl. 0-1 og mikilvægt útivallarmark komið hjá Börsungum. Aðeins tveim mínútum síðar fengu Börsungar annað dauðafæri en Arsenal slapp aftur með skrekkinn.

0-1 var staðan í leikhléi en mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri. Vörn Arsenal var oft á tíðum vafasöm og frekar flöt.

DÝRMÆTT MARK Andrey Arshavin fagnar hér sigurmarki sínu gegn Barcelona í gær.
NORDIC PHOTOS/AFP

Arsenal fékk líka nokkur færi og hefði með smá heppni getað jafnað leikinn.

Arsenal varð að selja sig dýrt í seinni hálfleik og leikmenn liðsins færðu sig ofar á völlinn. Héldu ágætri pressu á köflum á vörn Barca en gekk illa að skapa opin færi. Það var fátt sem benti til þess að Arsenal myndi jafna leikinn þegar Robin Van Persie fékk stungusendingu frá Gael Clichy.

Hann var í þröngri stöðu vinstra megin við markið. Victor Valdez, markvörður Barca, ákvað að veðja á að Persie myndi gefa boltann fyrir, steig því frá línunni og Persie renndi boltanum í netið á meðan. Afar klaufalegt hjá Valdez.

Markið kveikti neista hjá Arsenal og aðeins fimm mínútum síðar höfðu heimamenn tekið forystuna. Arsenal náði þá skyndisókn. Samir Nasri fékk boltann á hægri vængnum, renndi boltanum fyrir markið þar sem Arshavin var mættur og kláraði færið vel. Ótrúlegur viðsnúningur á skömmum tíma en fram að fyrra markinu var fátt sem benti til þess að Arsenal myndi gera nokkuð í leiknum. Barcelona hefði átt að fá víti í uppbótartíma en ekkert var dæmt og Arsenal fagnaði góðum sigri.

„Þetta er besta lið sögunnar að mínu mati. Þetta er samt aðeins annar leikurinn og það er hálfleikur. Þetta er góður sigur en ekkert meira en það. Við verðum að sýna meira í seinni leiknum," sagði Cesc Fabregas, fyrirliði Arsenal, eftir leikinn.

Úkraínska liðið Shaktar Donetsk er í afar góðum málum eftir magnaða frammistöðu á útivelli gegn Roma þar sem liðið skoraði þrjú mörk á ellefu mínútum í fyrri hálfleik. Starf Claudio Ranieri, þjálfara Roma, er í mikilli hættu eftir þessa lélegu frammistöðu á heimavelli. **henry@frettabladid.is**

Fram vann sjö marka sigur á HK í undanúrslitum Eimskipsbikars kvenna í Safamýrinni í gær:

Enn einn úrslitaleikurinn hjá Fram og Val

HANDBOLTI Fram og Valur mætast annað árið í röð í bikarúrslitum kvenna í handbolta eftir sjö marka sigur Fram á HK, 32-25, í undanúrslitum Eimskipsbikars kvenna í Safamýrinni í gær. Fram komst tíu mörkum yfir í fyrri hálfleik en HK-liðið náði að minnka muninn í fjögur mörk í byrjun seinni hálfleiks áður en Fram kláraði leikinn með góðum endaspretti.

HK-liðið beit aðeins frá sér í upphafi leiks og komst í 3-2 og 4-3 á fyrstu 8 mínútunum en síðan tóku Framstelpurnar öll völd og eftir það virtist leikurinn ætla að verða eins og létt æfing. HK-stelpur gáfust ekki upp og minnkuðu muninn í fjögur mörk með því að skora átta af fyrstu tíu mörkum seinni hálfleiksins. Einar Jónsson, þjálfari Fram, þurfti því að taka leikhlé í stöðunni 23-19 til að vekja sínar stelpur og þær svöruðu því með því að vinna næstu sex mínútur 6-0 og ná aftur tíu marka forystu. Eftir það var sigur Framliðsins í engri hættu.

Stella Sigurðardóttir og Karen Knútsdóttir gátu nánast skorað af vild í fyrri hálfleik og voru saman með 13 mörk úr 14 skotum í hálfleiknum. Þær náðu ekki að fylgja því eftir í seinni hálfleik og Karen var ekki sátt við leik síns liðs eftir hlé.

„Ég er ánægð með þennan sigur og vera komin í Höllina en þetta var ekki góður leikur af okkar hálfu. Við ætluðum að byrja seinni hálfleik af krafti og klára þetta á fyrstu 10 mínútunum en við gerðum allt öfugt við það sem við ætluðum að gera. Við skíttöpum í Höllinni ef við ætlum að spila svona," sagði Karen.

„Það kom ekki til greina að hætta í bikarleik. Okkur langaði í Höllina þótt við höfðum spilað mjög illa síðustu 20 mínúturnar í fyrri hálfleik. Við byrjuðum allt í lagi en svo vorum við að tapa boltanum alltof mikið," sagði Brynja Magnúsdóttir sem skoraði 8 mörk fyrir HK og var besti maður liðsins ásamt Dröfn Haraldsdóttur í markinu. „Við ætlum að sýna að við ættum eitthvað í þetta Framlið og mér finnst við hafa gert það á köflum. Það vantar bara stöðugleika og fleira sem kemur bara með reynslunni," sagði Brynja jákvæð. **- óój**

FÖGNUÐUR Framstúlkur fagna í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPÓI
ungbarna ullarnærföt
Verð bolur: 3.800 kr.
Verð buxur: 3.500 kr.
(Stærðir: 62 - 86)
WOOLMARK
KLÁÐAFRÍ ULL
Góð 100% Merino ullarnærföt sem halda barninu þurru og hlýju.
66 NORÐURLJÓS

KJÓI
ungbarna peysa
Verð: 7.800 kr.
(Stærðir: 62- 86)
100% KLÁÐAFRÍ MERINO ULL
Hlý hneppt peysa fyrir þau yngstu úr sérstaklega fíngerðri 100% Merino ull. Kláðafrí ull.
66 NORÐURLJÓS

SVANUR
kerrupoki
Verð: 19.500 kr.
Stærð: ein stærð
100% NÆLON
Notalegur kerrupoki með 70/30 dúnfyllingu. Göt fyrir fimm punkta öryggisbelti.
66 NORÐURLJÓS

ALLT Í SKÍÐABREKKUNA

SKÍÐADEILDIN
er í Glæsibæ

20% afsláttur

af skíðapökkum og snjóbrettapökkum
ef keypt eru skíði, bindingar og skór
eða bretti og bindingar.

BRETTADEILDIN
er í Kringlunni

ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®

BLIZZARD SKI

HERRASKÍÐI

Rossignol
PMC 3000
með bindingum.
Verð: 59.990 kr.

Blizzard
G-Force Three
með bindingum.
Verð: 94.990 kr.

Rossignol
Herraskór
Exalt 70.
Verð: 31.990 kr.

DÖMUSKÍÐI

Rossignol
Attraxion I
með bindingum.
Verð: 69.990 kr.

Rossignol
Attraxion VIII
með bindingum.
Verð: 99.990 kr.

Rossignol
Dömuskór
Xena 60.
Verð: 34.990 kr.

BARNASKÍÐI

Rossignol *Radical J*
Stærðir 67, 80, 93 sm
með bindingum.
Verð: 26.980 kr.

Rossignol *Radical J*
Stærðir 100, 110, 120,
130 sm, með bindingum.
Verð: 34.990 kr.

Rossignol *Radical J*
Stærðir 140 sm
með bindingum.
Verð: 41.990 kr.

Rossignol
Barnaskór.
Verð: 11.990 kr.

ÍSLENSKA / SÍA / IS / UTI 53149 01/11

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

> Angela Bassett

„Ég gæti hugsað mér að leikstýra en ég veit að það krefst mikillar vinnu. Ég kann vel að meta þá vinnu sem leikstjórar vinna og ég væri til í að vera góður leikstjóri."

Angela Bassett leikur móður ungrar, bráðgreindrar stúlku sem kemur frá brotnu heimili en samþykkir að taka þátt í stafsetningarkeppni til að komast hjá refsingu í skólanum í margverðlaunuðu bíómyndinni Akeelah and the Bee sem er á stöð 2 Bíó kl. 18.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON HORFIR Á WHO AFTUR OG AFTUR OG AFTUR

Einfaldlega besta hljómsveit í heimi

Endursýningar eru bölvanlega leiðinlegar. Yfirleitt fletti ég umhugsunarlítið yfir sjónvarpsefni sem ég hef séð áður og skiptir þá engu hvort myndin er Guðfaðirinn eitt, tvö eða þrjú eða annað gæðastöff af svipuðu kalíberi.

Bíórásin er einhver sú alræmdasta endursýningastöð sem ég hef nokkru sinni rambað á og því horfi ég sjaldan á hana.

En ráp mitt um dagskrárframskóginn nýverið varð til þess að nú lít ég spenntur yfir efni kvöldsins á hverjum degi. Sem fyrr sat ég í sófanum um miðnæturbil og fletti yfir stöðvarnar 99 – eða hvað þær eru nú margar. Lenti ég þá ekki óforvarandis inni í heillangri heimildarmynd um bresku rokksveitina The Who – einhverja bestu hljómsveit heims sunnan Selfoss. Þegar ég kom inn í myndina var ég rétt um sjö ára og snillingurinn Keith Moon búinn að láta kjuðana frá sér í hinsta sinn árið 1978. Ég var orðinn ansi syfjaður aldarfjórðungi síðar þegar bassaleikarinn John Entwistle gaf upp öndina enda klukkan orðin margt.



Nokkrum kvöldum síðar rambaði ég aftur á myndina á sömu stöð fyrir algjöra tilviljun. Entwistle var allur fimm mínútum síðar. Ég var sjálfur við það að detta út í stofusófanum af þreytu. Kreditlistinn rúllaði yfir skjáinn á milli klukkan eitt og tvö eftir miðnætti. Enn liðu nokkur kvöld þar til hljómsveitin birtist á skjánum á ný. Hún virtist aldrei hafa verið sprækari. Þá voru félagarnir í kringum tvítugt og allir á lífi í klúbbaharki með nýpressaða My Generation í farteskinu. Ég var ekki fæddur. Þegar Keith Moon fór í gröfina slökkti ég á imbakassanum. Þá sló það mig, ég hafði sjaldan beðið jafn spenntur eftir endursýningu nokkurs sjónvarpsefnis og myndarinnar Amazing Journey: The Story of The Who á bíórásinni. Ég á nefnilega enn eftir að sjá blábyrjunina.

SJÓNVARPIÐ

15.40 Sjónleikur í átta þáttum (6:8) (e)
16.25 Kiljan (e)
17.20 Magnus og Petski (6:12)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (e)
18.25 Bombubyrgið (19:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Framandi og freistandi (2:5) Í þessum þáttum fylgjumst við með Yesmine Olsson að störfum í eldhúsinu heima hjá sér.
20.40 Krabbinn (1:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn.
21.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives)
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Sporlaust (24:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.00 Lífverðirnir (Livvagterne) Dönsk þáttaröð um viðburðaríkt og háskalegt starf lífvarða í dönsku öryggislögreglunni. (e)
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Grilled
10.00 I'ts a Boy Girl Thing
12.00 Akeelah and the Bee
14.00 Grilled
16.00 I'ts a Boy Girl Thing
18.00 Akeelah and the Bee
20.00 The Incredible Hulk
22.00 Mission Impossible
00.00 Remnants of Everest: The 1996 Tragedy
02.00 Brick
04.00 Mission Impossible
06.00 More of Me

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Í fínu formi
08.30 Oprah
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
10.55 The Mentalist (7:23)
11.45 Gilmore Girls (4:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Matarást með Rikku (10:10)
13.30 Crossroads: A Story of Forgiveness
15.00 The O.C. 2 (21:24)
15.45 Sorry I've Got No Head
16.10 Barnatími Stöðvar 2
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (20:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Tvímælalaust
20.05 Masterchef (7:13)
20.55 Mannasiðir Gillz Í þáttunum leiðir hinn fjölhæfi Gillz okkur í sannleika um hvað það er að vera karlmaður, hvernig best er að nálgast hitt kynið og hvernig má bregðast við hinum ýmsu aðstæðum.
21.25 NCIS (2:24) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
22.10 Fringe (3:22).
22.55 Life on Mars (11:17)
23.40 Spaugstofan
00.05 The Mentalist (12:22)
00.50 Chase (7:18)
01.35 Numbers (16:16)
02.20 Mad Men (11:13)
03.10 The Tudors (3:8)
04.00 Rock Monster
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
07.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
15.45 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)
17.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
17.55 Napoli - Villarreal Bein útsending frá leik Napoli og Villarreal í Evrópudeild UEFA.
19.55 Sparta - Liverpool Bein útsending frá leik Sparta Prag og Liverpool í Evrópudeild UEFA. Þetta er fyrsti Evrópuleikur Liverpool undir stjórn Kenny Dalglish eftir að hann tók aftur við stjórn liðsins í janúar.
22.00 Main Event
22.55 European Poker Tour 6 - Pokers
23.45 Sparta - Liverpool

SPORT 2 *enski boltinn*

16.30 Birmingham - Newcastle Útsending frá leik Birmingham City og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.
18.15 Liverpool - Wigan Útsending frá leik Liverpool og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
20.00 Premier League World 2010/11
20.30 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
21.00 Alfonso Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um hinn snalla og skemmtilega leikmann Alfonso.
21.30 Premier League Review 2010/11
22.25 Blackpool - Aston Villa Útsending frá leik Blackpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.10 Dyngjan (1:12)
08.00 Dr. Phil (115:175)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.30 7th Heaven (12:22)
17.15 Dr. Phil (116:175)
18.00 HA? (4:12)
18.50 America's Funniest Home Videos (30:50)
19.15 Game Tíví (4:14)
19.45 Whose Line is it Anyway? (22:39)
20.10 The Office (25:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
20.35 30 Rock (11:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
21.00 Royal Pains (3:18)
21.50 CSI: Miami (20:24)
22.40 Jay Leno (199:260)
23.25 Good Wife (4:23)
00.00 Game Tíví (4:14)
00.15 Rabbit Fall (1:6)
00.30 Pepsi MAX tónlist
00.45 The Cleaner (2:13)
01.35 Royal Pains (3:18)
02.20 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

09.25 AT&T Pebble Beach (2:4)
13.15 Golfing World (22:240)
14.05 AT&T Pebble Beach (2:4)
17.05 The Open Championship Official Film 2010
18.00 Golfing World (23:240)
18.50 Inside the PGA Tour (6:42)
19.20 LPGA Highlights (8:10)
20.40 Champions Tour - Highlights (2:25)
21.35 Inside the PGA Tour (7:42)
22.00 Golfing World (23:240)
22.50 PGA Tour - Highlights (6:45)
23.45 ESPN America
00.00 Golfing World (22:240)
00.50 Golfing World (23:240)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.45 The Doctors
20.30 Curb Your Enthusiasm (1:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George. Aðalgrínið í þáttaröðinni verður nefnilega hvort eitthvert vit sé í endurkomu þessara vinsælustu gamanþátta allra tíma.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Gott að borða Nýr matreiðsluþáttur þar sem Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff forsetafrú leitast við að vekja landsmenn til vitundar um mikilvægi heilnæms mataræðis. Í þessum fyrsta þætti kynna Solla og Dorrit sér lífræna ræktun og sjálfbærni.
22.20 Pretty Little Liars (14:22)
23.05 Grey's Anatomy (13:22)
23.50 Medium (20:22)
00.35 Nip/Tuck (18:19)
01.20 Tvímælalaust
02.00 Curb Your Enthusiasm (1:10)
02.30 The Doctors
03.10 Fréttir Stöðvar 2
04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Fróðleiksmolinn
18.45 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf. Stjórnendur: Hilda Jana Gísladóttir og Kristján Kristjánsson
Endursýnt á klukkustundar fresti til morguns.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Guðmundur Gunnarsson, Orri Hauksson og Vilhjálmur Egilsson.
21.00 Undir feldi Evrópumálin. Umsjón Logi Frostason og Heimir Hannesson.
21.30 Rokk og tjatjatja Tónlistarflóran á eyjunni bláu.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
World Class ICELAND
Bestun Birtingahús

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Mannasiðir Gillz

Fjórði þátturinn þar sem Egill Gillz Einarsson kennir áhorfendum hvernig eigi að bregðast við í hinum ýmsu aðstæðum. Núna tekur hann fyrir útlit og heilsu. Jóhannes Haukur leikur feitan fasteignasala og Úlfar Linnet leikur vöðvalausa listaspíru.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Höfuðstaður í mannsmynd **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

11.00 EastEnders **11.30** Dalziel and Pascoe **12.20** Dalziel and Pascoe **13.05** Deal or No Deal **13.40** Whose Line Is It Anyway? **14.05** Whose Line Is It Anyway? **14.35** ‚Allo ‚Allo! **15.05** ‚Allo ‚Allo! **15.40** Doctor Who **16.25** Whose Line Is It Anyway? **16.50** Whose Line Is It Anyway? **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.25** ‚Allo ‚Allo! **18.55** ‚Allo ‚Allo! **19.30** Little Britain **20.00** Lead Balloon **20.30** Little Dorrit **21.20** Little Britain **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Little Dorrit

DR 1

12.00 Mig og min alder **12.30** Hestebrødrene **13.00** Vores Liv **13.30** Snydt igen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Bag Facaden **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Verdens skrappeste forældre **22.00** SOS

NRK 1

12.05 Glimt av Norge **12.15** VM alpint **13.45** Verdensarven **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Det må jeg gjøre før jeg dør **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** Skispor fra 1952 til 1982 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Anne & Ronny møter 8 med vilje **19.55** Distriktsnyheter **20.45** Debatten **21.45** KLM. I full uniform **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Radioresepsjonen på TV

SVT 1

09.30 Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** Minnenas television **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Berguvarnas rike **15.30** Skavlan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning **23.30** Simma lugnt, Larry!

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

VÍSIR.IS

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Þegar ég er eitthvað að stússast hlusta ég á Bylgjuna, Í bítið og Reykjavík síðdegis. Tónlistin sem ég er með í eyrunum er hins vegar ákaflega fjölbreytt, allt frá David Bowie til systur minnar, Grétu Hergeirs, sem er óperusöngkona.“

Guðrún H. Valdimarsdóttir, formaður Samfok.

Bylgjubann Jóhanns G. er ólöglegt

Tónlistarmaðurinn Jóhann G. Jóhannsson hefur engar lagalegar heimildir fyrir því að banna lögin sín á Bylgunni að mati STEFs, Sambands tónskálda og textahöfunda.

„Þrátt fyrir samninga sem STEF gerir við útvarpsstöðvarnar sem heimila þeim að flytja tónlist þá geta einstakir höfundar bannað að tónlist þeirra sé flutt í útvarpi,“ segir Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóri STEFs. „Við höfum skýrt þetta ákvæði svo að menn gætu lagt bann við flutningi einstakra verka eða allra verka sinna en þá verður það að ganga yfir allar útvarpsstöðvarnar.“

Samkvæmt lögum þurfa útvarpsstöðvar að hafa minnst mánaðarfyrirvara til að bregðast við beiðni frá STEFi um að lög listamanns verði ekki spiluð. Jóhann ákvað að fara ekki með málið í gegnum STEF og gaf Bylgjunni átta daga frest til að hætta að spila lögin hans, eða til 22. febrúar.

Jóhann bar fyrir sig sæmdarrétti höfunda í viðtali við Fréttablaðið. Eiríkur segir hann ekki eiga við í þessu tilfelli. „Þótt einum höfundi finnist brotinn á sér sæmdarréttur af því að hann fellir sig ekki við tónlistarstefnu útvarpsstöðvarinnar nægir það ekki til að um sé að ræða brot á sæmdarrétti,“ segir Eiríkur, sem vonast til að málið leysist farsællega enda hafi þeir Jóhann átt góð samskipti í gegnum tíðina.

Þrátt fyrir að lagabókstafurinn sé ekki með Jóhanni treystir hann því að Bylgjan virði eignarrétt sinn. „Þetta breytir engu fyrir þá nema þeir losna við þessa tónlist sem hlýtur að vera jákvætt mál fyrir núverandi tónlistarstjóra Bylgjunnar þar sem hann hunsar allt sem frá mér kemur. Ég er búinn að koma 52 lögum á framfæri á heilu ári og það fær ekki spilun út af persónulegri óvild og engu öðru,“ segir hann.

- fb

JÓHANN G. JÓHANNSSON Tónlistarmaðurinn segir að Bylgjan hunsi nýjustu lögin sín.

GITTE KARPINSKI: HEF ALLTAF VERIÐ SÉRSTÖK OG EKKI MJÖG STELPULEG

Dönsk kona mætir á sjöundu Eve-hátíðina sína

„Ég er nörd og mjög stolt af því,“ segir danski forritarinn Gitte Karpinski, þaulreyndur spilari íslenska tölvuleiksins EVE Online.

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP heldur sjöundu aðdáendahátíð EVE Online helgina 24. til 26. mars. Hin 27 ára gamla Gitte hefur mætt á allar hátíðirnar og mætir að sjálfsögðu í ár, en hún spilar leikinn í um tvo tíma á dag. En hvað er svona merkilegt við þessa hátíð?

„Maður fær tækifæri til að hitta alla á hátíðinni,“ segir Gitte. „Allir sem spila leikinn eru á sömu blaðsíðunni og tala um sömu hneykslin og viðburði. Fólk sem stundar reiðmennsku hefur alltaf eitthvað að tala um. Það er eins með leikinn. Allir eru á sama stað og sömu hlutirnir gerast hjá öllum.“

Í EVE Online stíga spilarar inn í sýndarheim í geimnum. Meira en 360.000 manns um allan heim spila leikinn, sem nýtur vaxandi vinsælda. „Maður eignast vini og óvini í leiknum. Svo mætir maður á hátíðina og hittir einhvern sem maður hefur barist við og fær sér bjór með honum,“ segir Gitte.

Þrátt fyrir að fólk takist á í sýndarheiminum hefur Gitte ekki orðið vör við reiða spilara á aðdáendahátíðunum. „En það er fólk sem maður veit að maður á eftir að kunna illa við,“ segir hún. „Í flestum tilvikum er góður andi í fólki – ég get hatað einhvern í leiknum en þegar ég hitti manneskjuna gerum við grín hvor að annarri og fáum okkur bjór saman. Ég hef ekki ennþá séð fólk slást vegna einhvers sem gerðist í leiknum. Það er mjög fyndið að sjá erkióvini í leiknum detta í það saman þegar þeir hittast.“

Gitte kemur ásamt hópi danskra spilara til landsins, en búast má við að hundruð erlendra spilara sæki hátíðina ásamt blaðamönnum og bransafólki. Sjálf ferðast Gitte reglulega um heiminn og hittir aðra spilara.

En hvað finnst fjölskyldunni um áhugamálið?

„Fjölskyldan mín skilur ekki leikinn, en þau hafa alltaf vitað að ég er frekar sérstök og ekki mjög stelpuleg,“ segir Gitte létt. „Ég hef alltaf verið mikið fyrir tölvur og leiki. Þau eru búin að átta sig á því að ég spila á leik á netinu á meðan aðrir fara til dæmis á hestbak.“

atlifannar@frettabladid.is

SEGIST VERA SÉRSTÖK

Hin danska Gitte segist ekki vera mjög stelpuleg. Hún eyðir frítíma sínum í að spila EVE Online í staðinn fyrir að fara á hestbak. Litla myndin sýnir persónu Gitte í leiknum.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Allir synir mínir (Stóra sviðið)

Fös 4.3. Kl. 20:00 Frums. U	Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn	Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn
Lau 5.3. Kl. 20:00 2. sýn	Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 1.4. Kl. 20:00
Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn	Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn	

Lér konungur (Stóra sviðið)

Fim 17.2. Kl. 20:00	Fös 25.2. Kl. 20:00

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Fös 18.2. Kl. 19:00 U	Mið 2.3. Kl. 19:00	Mið 16.3. Kl. 19:00 Aukas.
Lau 19.2. Kl. 19:00 U	Mið 9.3. Kl. 19:00	Fim 17.3. Kl. 19:00
Lau 26.2. Kl. 19:00 Aukas.	Lau 12.3. Kl. 19:00	Lau 26.3. Kl. 19:00

Ballið á Bessastöðum (Stóra sviðið)

Sun 20.2. Kl. 14:00 U	Sun 13.3. Kl. 14:00	Sun 10.4. Kl. 14:00
Sun 20.2. Kl. 17:00	Sun 13.3. Kl. 17:00	Sun 10.4. Kl. 17:00
Sun 27.2. Kl. 14:00	Sun 20.3. Kl. 14:00	Sun 17.4. Kl. 14:00
Sun 27.2. Kl. 17:00	Sun 20.3. Kl. 17:00	Sun 17.4. Kl. 17:00
Sun 6.3. Kl. 14:00	Sun 3.4. Kl. 14:00	
Sun 6.3. Kl. 17:00	Sun 3.4. Kl. 17:00	

Hedda Gabler (Kassinn)

Fim 10.3. Kl. 20:00 Frums. U	Lau 19.3. Kl. 20:00	Sun 27.3. Kl. 20:00
Fös 11.3. Kl. 20:00	Sun 20.3. Kl. 20:00	Mið 30.3. Kl. 20:00
Sun 13.3. Kl. 20:00	Fös 25.3. Kl. 20:00	

Brák (Kúlan)

Fim 17.2. Kl. 20:00	Fös 25.2. Kl. 20:00 Aukas.
Sun 20.2. Kl. 20:00	Sun 27.2. Kl. 20:00

Sindri silfurfiskur (Kúlan)

Sun 6.3. Kl. 13:30	Sun 13.3. Kl. 15:00 U	Sun 27.3. Kl. 13:30
Sun 6.3. Kl. 15:00	Sun 20.3. Kl. 13:30	Sun 27.3. Kl. 15:00
Sun 13.3. Kl. 13:30	Sun 20.3. Kl. 15:00 U	

Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 21. febrúar

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

visir.is/samfelagsverdlaun

Endless Dark spilar á Graspop

„Þetta verður mjög spennandi,“ segir Atli Sigursveinsson, gítarleikari Endless Dark.

Rokksveitin hefur verið bókuð á tónlistarhátíðina Graspop sem verður haldin í Belgíu í júní. Þetta er árleg hátíð þar sem margar af þekktustu rokksveitum heims stíga á svið. Í þetta sinn spila þar risar á borð við Slipknot, Korn, Ozzy Osbourne, Scorpions og Whitesnake, ásamt auðvitað íslensku rokkurunum.

Endless Dark spilaði á tónlistarhátíðinni Eurosonic í Hollandi í síðasta mánuði. Útsendari frá Graspop var á þeirri hátíð og átti frammistaða sveitarinnar þátt í að tryggja henni sæti á belgísku rokkhátíðinni.

Endless Dark spilar á útgáfutónleikum á Sódómu Reykjavík á laugardaginn til að kynna EP-plötu sína Made Of Glass. „Við erum búnir að vera mjög lengi að gera hana. Það eru búnar að vera tafir en það verður miklu léttara að gefa út plötu eftir þetta,“ segir Atli en hljómsveitin gefur plötuna út sjálf.

Um tvenna tónleika verður að ræða á laugardaginn og eru þeir hluti af Tvípunkti, nýrri tónleikaröð Rásar 2. Um miðjan daginn verða fjölskyldutónleikar þar sem sveitin spilar ásamt Helga Val og um kvöldið verður Helgi aftur á sviðinu ásamt Endless Dark og rapparanum Blazroca.

- fb

OZZY OSBOURNE Ozzy verður á Graspop í sumar ásamt Endless Dark.

ENDLESS DARK Rokkararnir spila á belgísku tónlistarhátíðinni Graspop í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Konudagurinn nálgast... Vantar þig hugmynd?

Í verslunum Eymundsson getur þú valið úr fjölbreyttu úrvali bóka og gjafavara sem henta tilefninu, auk innpökkunar þér að kostnaðarlausu.



Tvær ómissandi bækur fyrir konur á öllum aldri!
Ég man þig kr. 2.490,- og Prjónaklúbburinn kr. 2.150,-

Eymundsson mælir með!

Sláðu í gegn og lestu rómantísk ástarljóð fyrir hana á konudaginn.
Kr. 2.999,-

Hjartasúkkulaði fylgir með í kaupbæti með ástarljóðum Páls.

Þú býrð til rétta stemmningu með Páli Rósinkranz.
Ó hvílík elska **kr. 2.199,-**

Ellý Vilhjálms. Glæsilegur þriggja diska safndiskur.
Heyr mína bæn **kr. 3.999,-**

Belgíst gæðakonfekt
Sérlega bragðgott konfekt í hæsta gæðaflokki.
Kr. 695,-



Konumyndin!
EAT PRAY LOVE fór sigurför um heiminn.
Kr. 2.799,-

Blóm og bók

Gjöf sem gleður!

Falleg afskorin blóm í eftirtöldum verslunum:

Eymundsson Austurstræti
Eymundsson Kringlunni
Eymundsson Smáralind.

Lítill vöndur: kr. 1.795,-
Stór vöndur: kr. 2.995,-

Verð gilda til og með 28. febrúar 2011.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gerir grín að kollegunum

Edduverðlaunin verða afhent í Íslensku óperunni á laugardaginn og eins og fram kom í Fréttablaðinu verður tónlistarmaðurinn Björn Jörundur kynnir. Uppistandarinn **Ari Eldjárn** fer með gamanmál á hátíðinni. Þeir sem þekkja til segja að kvikmyndabransinn verði skotspónn hárbeitts skopskyns Ara, sem hefur lengi gengið með þann draum í maganum að gerast kvikmyndagerðarmaður. Hann vinnur nú að gerð gamanþátta fyrir Stöð 2 ásamt fleirum og mætti því segja að hann sé að fara að gera grín að kollegum sínum.

Skrítnar tölur

Björn Zoega, forstjóri Landspítalans, viðurkenndi á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs í gær að hann hefði orðið undrandi þegar hann hefði séð tölur um hagræðingu hjá ríkisstofnunum á dögunum. Björn hefur staðið í erfiðri hagræðingu innan spítalans í skugga niðurskurðar og sagði hann upp 660 starfsmönnum í fyrra. Fyrir hálfum mánuði sá Björn í blaði að ríkisstarfsmönnum hefði í heildina fækkað um 680 í fyrra. „Ég var rosalega feginn. Það eru greinilega fleiri en ég sem eru að segja upp fólki," sagði hann og benti á að einhver kollegi hans hjá ríkisstofnun hefði þurft að segja upp tuttugu manns.

- afb, jab

Mest lesið

VÍSIR.IS

1. Bandarískri fréttakonu nauðgað á Frelsistorginu
2. Tveggja barna móðir fannst stungin til bana í garðinum
3. Verjandinn: Þetta er sorgarsaga
4. Tveir fara á skilorð og tvær greiða sekt: Dómarnir vonbrigði
5. Vann 17 milljónir: Sannkallaður happafengur

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Heitasta nýjungin í ár!

Almería

El Toyo & Retamar

Vika - Allt innifalið!

Frábært kynningaverð!

VERÐ Á MANN FRÁ AÐEINS: **118.648 KR***

ÓDYRUSTU SÆTIN BÓKAST FYRST

SUMAR 2011 ÚRVAL·ÚTSÝN

Í Andalúsíuhéraði og skammt frá borginni Almería stendur strandbærinn El Toyo. Nálægt liggur bæjarkjarni sem heitir Retamar en þessir kjarnar liggja nánast saman. Bærinn El Toyo er staðsettur alveg við þjóðgarðinn Cabo de Gata og er allt umhverfi í kringum bæina einstaklega fallegt og snyrtilegt. Bærinn er staðsettur alveg við ströndina og þar eru margar hjóla- og gönguleiðir. Einnig eru þar einstaklega fallegir garðar og leiksvæði fyrir börn. Í miðjum bænum er staðsettur 18 holu golfvöllur. Við torgið Plaza del Mar er að finna fjölda veitingahúsa og fjölda bara. Á Almería svæðinu eru að meðaltali 320 sólskinsdagar á ári.

Frábært kynningaverð!

Hotel Cabogata Garden ★★★★

VERÐ FRÁ AÐEINS: **7 nætur - ALLT INNIFALIÐ!**

118.648 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu.
Verð á mann frá 138.799 kr. m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 1. júlí.

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í viku með morgun-, hádegis- og kvöldverði, snarl milli mála og innlendir drykkir. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á urvalutsyn.is